

FORSENDU- & UMHVERFISSKÝRSLA FYRIR AÐALSKIPULAG VOPNAFJARÐARHREPPS til 2040

5. desember 2025



Auglýsing aðalskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu
samanber skipulagslög nr. 123/2010 og
lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Skipulagsgögn

AÐALSKIPULAG VOPNAFJARÐARHREPPS til 2040
samanstendur af:

- greinargerð,
- þéttbýlisuppdrætti í mælikvarðanum 1:5.000
- sveitarfélagsuppdrætti, í mælikvarðanum 1:100.000,
- forsendu- og umhverfisskýrslu,
- skýringaruppdráttum:
 - A 1-3: Flokkun landbúnaðarlands,
 - B: Vegir í náttúru Íslands ,
 - C: Náttúruvernd,
 - D: Þjóðlendur í sveitarfélaginu,
 - E: Skráðar menningarminjar,
 - F: Reiðleiðir.

Öll gögn hafa sömu dagsetningu.

Uppbygging skýrslu

Þessi forsendu- og umhverfisskýrsla er sett upp í tveimur hlutum: 1. Hluti: Forsendur stefnumótunar og 2. Hluti: Stefnumótun og umhverfismat.

Fyrri hluti –Forsendur stefnumótunar:

Gagnabanki aðalskipulagsins, tölulegar upplýsingar og lýsingar á staðhættum og aðstæðum. Þetta er undirtónn ákvarðana og mótunar leiðarljóss sem og meginmarkmiða málaflokka.

Þar sem viðfangsefnum og málaflokkum aðalskipulags er skipt í fjóra yfirflokka, eru kallaheiti í samræmi við þá skiptingu: Umhverfi og auðlindir, samfélag, atvinnulíf og grunnkerfin.

Seinni hluti – Stefnumótun & umhverfisskýrsla:

Hvernig leiðarljós og stefna aðalskipulagsins varð til. Umhverfismat aðalskipulagsins sem unnið var samhliða stefnumótun og afmörkun landnotkunar.

Málsmeðferð

Þessi forsendu- & umhverfisskýrsla er fylgiskjal með Aðalskipulagi Vopnafjarðar til 2040. Fylgir hún kynningar og samráðsferli þess.

Nú stendur yfir auglýsing á aðalskipulagi þar sem íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum gefst færi á að koma að athugasemdum og ábendingum. Öllum innsendum athugasemda er svarað.

Hægt er að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu með því að senda þær skriflega inn gegnum Skipulagsgátt á slóðinni <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/196>

Unnið með Vopnafjarðarhreppi,



EFNISYFIRLIT

Skipulagsgögn 2

Uppbygging skýrslu 2

Málsmeðferð 2

EFNISYFIRLIT 3

1. UMHVERFI & AUÐLINDIR 5

1.1. Jarðfræði 6

1.1.1. Jarðhiti 6

1.2. Vatnafar 6

1.2.1. Ár 6

1.2.2. Stöðuvötn 8

1.3. Landslag 8

1.3.1. Hálendishryggir (2.1) 8

1.3.2. Fjallendi með inndölum (2.2) 8

1.3.3. Gróðurlitlar hásléttu (3.3) 8

1.3.4. Háheiðar (3.4) 8

1.3.5. Opnir jökulsorfnir firðir (6.2) 8

1.3.6. Lágheiðar við strendur (7.2) 9

1.4. Gróðurfar 10

1.4.1. Vistgerðir á landi 10

1.5. Dýralíf 10

1.5.1. Vatnalíf 10

1.5.2. Fuglalíf 10

1.5.3. Hreindýr 11

1.6. Verndarsvæði 11

1.6.1. Fuglabjargarnes 11

1.6.2. Nýpslón og Skógarlón 11

1.6.3. Fagradalsfjöll og Kollumúli 11

1.6.4. Mikilvæg fuglasvæði 11

1.7. Veðurfar 13

1.7.1. Hitastig 13

1.7.2. Ofankoma 13

1.7.3. Vindur 13

1.8. Náttúruvá 15

1.8.1. Skriðuföll og snjóflóð 15

1.8.2. Vatnsflóð 15

1.8.3. Sjávarflóð 15

1.8.4. Jarðskjálftar 15

1.9. Loftslagsvæn 15

1.9.1. Líkleg áhrif loftslagsbreytinga 15

1.9.2. Hvað getum við gert? 18

1.10. Landnotkun 18

1.11. Þjóðlendur 18

1.12. Hlunnindi jarða 19

1.13. Efnistaka 19

1.14. Skógrækt 19

1.15. Sorphirða og flokkun 19

1.16. Flokkun landbúnaðarlands 19

2. SAMFÉLAG 22

2.1. Byggðarsaga 23

2.1.1. Vopnafjarðarkauptún 24

2.1.2. Skipulagssaga 25

2.1.3. Menningarminjar 26

2.2. Íbúafjöldi 30

2.2.1. Þróunin frá 2004 30

2.2.2. Íbúafjöldi á svæðisvísu 31

2.2.3. Íbúafjöldi á landsvísu 31

2.2.4. Vopnafjarðarkauptún og dreifbýlið 32

2.2.5. Íbúaspá til 2040 32

2.3. Samsetning íbúa 33

2.3.1. Aldurs- og kynjaskipting 33

2.3.2. Þjóðerni 36

2.3.3. Fjölskyldugerðir 36

3. ATVINNULÍF 37

3.1.1. Landbúnaður 38

3.1.2. Sjávarútvegur 38

3.1.3. Lónaðar- og athafnastarfsemi 39

3.1.4. Opinber þjónusta 39

3.1.5. Ferðaþjónusta 40

4. GRUNNKERFIN 41

4.1.1. Vopnafjarðarhöfn 41

4.1.2. Vegasamgöngur 41

4.1.3. Flugsamgöngur 41

4.1.4. Fjarskipti 42

4.1.5. Veitur 42

5. MÓTUN STEFNU 44

5.1. Endurskoðun aðalskipulags 44

5.2. Undirstaða stefnumótunar 44

5.2.1. Hringrásarhagkerfið 45

5.2.2. Leiðarljós og meginstefnur 45

5.3. Viðfangsefni sem ekki er fjallað um 46

5.4. Samræmi við aðrar stefnur 46

5.4.1. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 46

5.4.2. Stefnur og áætlanir á landsvísu 48

5.4.3. Stefnur og áætlanir á svæðisvísu 73

5.4.4. Stefnur og áætlanir á staðarvísu 76

6. UMHVERFISMAT 78

6.1. Viðmið 78

6.2. Aðferðir 78

6.2.1. Umhverfispættir 78

6.2.2. Vægi og einkenni áhrifa 79

6.2.3. Breytt landnotkun ekki til mats 80

6.2.4. Atriði til mats 80

6.3. Mat á áhrifum stefnumótunar 81

6.3.1. Umhverfi og auðlindir 81

6.3.2. Samfélag 81

6.3.3. Atvinnulíf 82

6.3.4. Grunnkerfin 82

6.4. Mat á áhrifum breytinga á landnotkun 83

6.4.1. Svæði undir íbúðarbyggð minnkar 83

6.4.2. Svæði undir fristundabyggð minnkar 84

6.4.3. Veruleg minnkun athafnasvæðis 85

6.4.4. Valkostagreiningar 86

6.4.5. Tjaldsvæðið í kaupúninu 87

6.4.6. Stækkun hafnarsvæðis 90

7. HEIMILDASKRÁ 95

1. HLUTI

FORESENDUR STEFNUMÓTUNAR


1. UMHVERFI & AUÐLINDIR

Vopnafjörður liggur frá norðaustri til suðvesturs milli Digraness og Kollumúla, sunnan Bakkaflóa og norðan Héraðsflóa og er næst nyrsti fjörður á Austurlandi. Héraðið er samnefnt firðinum og byggð liggur frá botni fjarðarins og út með firðinum beggja vegna.

Kolbeinstangi gengur fram í fjörðinn miðsvæðis í byggðarlaginu. Þar myndaðist Vopnafjarðarkauptún á miðri 19. öld, en Vopnafjörður er einn af elstu verslunarstöðum á landinu, en ástæða þess að þéttbýli myndast við Vopnafjörð er verslun við útlönd.

Brattar heiðar eru á flestar hliðar fjarðarins nema yfir til Bakkaflóa. Handan fjarðarins til suðurs rís mikill fjallgarður. Krossavíkurfjöll eru þar mest áberandi, en syðst eru Smjörfjöll sem skilja að Vopnafjörð og Héraðsflóa. Smjörvatnsheiði var nokkuð fjölfarin leið milli Vopnafjarðar og Fljótsháls. Upp á Jökuldal er hár og erfiður fjallvegur, afar grýttur og langt á milli bæja.

Vopnafjörður skiptist í þrjá grösuga dali. Hofsaárdalur er syðstur, næstur er Vesturdalur og nyrstur er Selárdalur. Dalirnir eru umgirtir fjöllum og háum heiðum. Eitt þeirra þekktasta er Bustarfell. Undir fjallinu stendur bærinn Bustarfell og er gamli bærinn talinn að stofni til frá 1770. Í honum var búið til 1966, en er orðinn að safni, með húsgögnum og ýmsum gripum, og er í umsjá Þjóðminjasafnsins. Á mynd 1:1 má sjá landslag og umhverfi Vopnafjarðar.



Mynd 1:1 Landslag og umhverfi Vopnafjarðar.

Strandlengja Vopnafjarðar er klettótt, með hólum og dröngum, en innst í firðinum er sandströndin Sandvík. Vatnsmestu árnar í Vopnafirði voru ekki brúaðar fyrr en um 1930 og um 1940 voru byggðir akvegir frá kaupúninu og um sveitina.

Fjallvegurinn um Hellið í Bökuvardal yfir í Héraðsflóa er erfiður yfirferðar og lokast hann á veturna. Leiðin til Bakkafjarðar um Sandvíkurheiði var lengi vel greiðfærasta leiðin, en árið 2013 var Norðausturvegur um Vesturárdal opnaður, en hann tengist Þjóðvegi 1 við Möðrudalsheiði til suðurs og við Ljósavatnsskarð til norðurs.

1.1. Jarðfræði

Dalir Vopnafjarðar hafa allir norðlæga stefnu. Þeir hafa, á sama hátt og fjörðurinn, mótast af svörfum ísaldarjökla. Strandlinur frá ísaldarlokum eru þar áberandi og ná þessir fornu marbakkar álíka langt inn eftir og byggðin í Hofárdal og Vesturárdal.

Dalina umlykur víður og margbrotinn fjallahringur, sem setur svip sinn á umhverfið og byggðirnar hið neðra. Fjöllin austan Vopnafjarðar eru áberandi hærri en að norðanverðu og standa auk þess nær byggðinni. (Hjörleifur Guttormsson, 1987).

Vopnafjörður liggur að mestu á berglögum frá síð- og mið-miðsen, 10-15 milljón ára gömlum en berggrunnur heiða upp af firðinum sjálfum eru úr yngri berglögum eða frá fyrri hluta ísaldar og síð-pliösen, 0,8-3,3 milljón ára.

Vopnafjörður hvílir á basisku og ísúru gosbergi og setlögum. Á nokkrum stöðum skjóta upp kollinum yngri berglög, úr súru gosbergi frá tertíer og ísöld (eldra en 11.000 ára) eða súrt innskotsberg.

Torfastaðanúpur skagar upp úr flóafæmi sem breiðir sig yfir hálsinn milli Selárdals og Vesturárdals. Einkenni hans er stuðlaberg sem situr í toppi núpsins.

Út í Fagradalsfjöllum sem ganga í sjó fram milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa er elsta megineldstöð Austurlands. Þar og í Hellið eystri er víða súrt gosberg (líparít) þar sem ljóst berg setur svip sinn á umhverfið. Í Hellið eru einnig surtarbrandslög vel sýnileg skammt frá veginum yfir heiðina.

Í Þverárdal sem gengur inn í Smjörfjöll, milli Egilsstaða og Hrapstaða súrt innskotsberg (líparít) áberandi í annars dökku, basisku, umhverfi Smjörfjalla (Kristín Jónsdóttir, 2010).

1.1.1. Jarðhiti

Hitavatnssuppspretta er á einum stað í Vopnafirði, í Selárdal þar sem sundlaug Vopnafjarðarhepps er.

Allnokkrar tilraunir til leitar að jarðhita hafa verið gerðar í Vopnafirði, fyrst árið 1972. Aðeins við sundlaugina í Selárdal hefur fundist nægilegur hiti.

1.2. Vatnafar

1.2.1. Ár

Þrjár meginár renna til sjávar í Vopnafirði auk fjölda smærri áa og lækja. Árnar þrjár, Selá, Vesturdalsá og Hofsa eru bergvatnsár. Talsverðar rannsóknir hafa farið fram á vatnalífi í ánum auk Sunnudalsár sem rennur í Hofsa og Skóga- og Nýpslón, aðallega í tengslum við vegagerð og möguleika til lax- og silungsveiði (Kristín Jónsdóttir, 2010).

1.2.1.1. Selá

Selá á upptök sín í Grímsstaðadal eystri milli Þjóðfells og Botnafjallgarða, rennur út Selárdal og í Nýpsfjörð.

Helstu vatnsföll sem renna í Selá eru Fremri- og Ytri-Hrúta sem báðar koma innan úr Dimmafjallgarði, Selsá, Mælifellsá, Almenningsá fremri, Almenningsá ytri og Hvammsá. Smærri ár, lækir og sytrur úr hallamýrum meðfram ánni renna í Selá (Kristín Jónsdóttir, 2010).

Selá rennur sums staðar í gljúfrum en annars staðar milli urðakamba, mýrarfláka eða á grónum áreyrum. Vatnasvið Selár er 750 km² og lengd frá sjó 55 km (Kristín Jónsdóttir, 2010). Áin er laxveiðiá en meðalveiði á laxi síðustu 20 ár er um 1615. Lítilsháttar silungsveiði er í ánni (Landssamband veiðfélaga, e.d.).

1.2.1.2. Vesturdalsá, Skógalón og Nýpslón

Vesturdalsá rennur úr Arnarvatni í Haukstaðaheiði. Umhverfis Arnarvatn er votlendi og lækir og ár renna í vatnið, stærst þeirra er Skeljungsá. Á leið sinni til sjávar fær áin vatn úr mýrum sem víða liggja að ánni og lækjum sem sameinast henni. Bakkar hennar eru víða vel grónir enda er áin dæmigerð bergvatnsá sem liðast út Vesturárdal og endar í Skógalóni.

Vatnasvið Vesturdalsár um 190 km² og lengd árinna 33 km. Vatnasvið Skóga- og Nýpslóns er um 10 km² og er því vatnasviðið alls vatnakerfisins um 200 km².

Vesturdalsá er ein af þremur lykilám Hafrannsóknastofnunar í ferskvatnsrannsóknum sem snúa að laxfiskum en einnig fara fram rannsóknir á bleikju í ánni. Í ánni er siritandi hitamælir og teljari við Ljósstaði hafður niðri yfir sumarið (Kristín Jónsdóttir, 2010).

Vesturdalsá rennur í Skógalón sem nær út að Straumseyri en þar tekur við Nýpslón. Þröngur ós skilur Nýpslón frá sjó en engu að síður gætir sjávarfalla inn í lónin. Lónin eru ísölt. Í daglegu tali er talað um Lónin sem er samnefni yfir bæði lónin. Í nýrri gögnum

er víða einungis notað nafnið Nýpslón yfir bæði Skóga- og Nýpslón.

Dýpi Skógalóns er á bilinu 10-11 m utan marbakka sem er í lóninu en ofan marbakkans er aðgrunnt og víðast malar- og sandfjörur. Þar sem Vesturdalsá fellur í Skógalón eru leirur með fremur fábreyttu lífríki. Í lóninu á meira dýpi er enginn gróður en auðugt dýralíf.

Nýpslón er mun grynna eða á bilinu 0,6-1 m en sjávarfalla gætir þar meira en í Skógalóni. Helsti munur á lífríki lónanna er að fjölbreyttara líf er á leirum Nýpslóns sem eru dæmigerðar sandmaðksleirur en sand- og malarfjörur lónsins eru líflitlar.


Nýpslón og Skógarlón eru á náttúruminjaskrá í friðlýsingarflokknum aðrar náttúruminjar. Verndargildi þeirra felst í miklu dýralífi við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni (Umhverfisstofnun, e.d.).

1.2.1.3. Hofs- og Sunnudalsá

Hofsá á upptök sín inn í Þríhyrningsfjallgarði og hluti hennar kemur úr Sænautavatni. Í Hofsá rennur fjöldi stærri og minni áa og lækja. Stærstar eru Tunguá sem kemur innan úr Grunnavatnsdal og Sunnudalsá. Hofsá rennur sums staðar í gljúfrum, milli gamalla sjávarkamba og á sléttum eyrum út Hofsárdal.

Sunnudalsá kemur innan af Hraunfellsheiði og Smjörvatnsheiði og rennur í Hofsá milli Hofs og Deildarfells (Kristín Jónsdóttir, 2010).

Vatnasvið Hofsár er 1100 km² og lengd 85 km en vatnsvið Sunnudalsár er 200 km² og lengd 30 km. Laxveiði er í báðum ánum og meðalveiði þeirra frá 2000 er um 1153 laxar (Landssamband veiðifélaga, e.d.).



Mynd 1:2 Vatnafar Vopnafjarðar og í nágrenni.

1.2.2. Stöðuvötn

Fjöldi stöðuvatna eru á heiðum Vopnafjarðar. Stærst þeirra eru Þuriðarvatn í Fossheiði (1,2 km²), Arnarvatn í Hauksstaðheiði (0,86 km²), Miðvatn á Sandvíkurheiði (0,60 km²) og Nykurvatn í Fossheiði (0,5 km²).

Auk þessara eru fjöldinn allur að smærri vötnum. Eitthvað er um bleikju í þessum vötnum (Kristín Jónsdóttir, 2010).

1.3. Landslag

Samkvæmt grófri landslagsflokkun fyrir Ísland eru sex megin landslagsgerðir í Vopnafirði: hálendishryggir, fjalllendi með inndölum, gróðurlitlar hásléttur, háheiðar, opnir jökulsrofnir firðir og lágheiðar við strendur (Efla; Land Use Consultants, 2020). Sjá kortlagningu landslagsgerða í Vopnafirði á mynd 1:3 hér aftar.

1.3.1. Hálendishryggir (2.1)

Sjónrænir eiginleikar:

- Viðsýnt en fjöll og fjallshryggir draga úr sjónlengdum.
- Útsýni af fjöllum er víðast hvar gott og sjónlengdir langar.
- Sjónræn fjölbreytni í landformum en einsleitni í litbrigðum.

Möðrudalsfjallgarður telst til hálendishryggja norðan Vatnajökuls, undirflokkur nr. 2.1.1. Um flokkinn segir:

Landhæð er mjög breytileg, frá um 300 til 1.000 m hæð yfir sjó. Móberg er ríkjandi bergtegund en ummerki um gosvirkni eftir ísöld eru nánast engin. Rof er mikið og yfirborð er lítt eða ógróið

með grýttum melum. Finni sandefni eru í lægðum og einstaka grónir blettir með mosa- og mólendi. Stöku vötn eru innan svæðis og óreglulegt net áa og lækja. Byggð er engin utan stöku fjallaskálar. Hálendisvegir liggja um svæðið.

1.3.2. Fjalllendi með inndölum (2.2)

Sjónrænir eiginleikar:

- Stuttar sjónlengdir vegna fjalllendis. Lengri sjónlengdir sé horft inn eða út eftir dölum og ofan af fjöllum.
- Einsleit landform.

Smjörfjöll og Fagradalsfjöll teljast til fjallenda með inndölum og fá sinn eigin undirflokk nr. 2.2.9. Um flokkinn segir:

Hár og brattur fjallgarður sen gengur inn í landið á milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa. Fjöll ná frá sjó upp í um 1.250 m hæð. Fönn og smájöklar í fjallstoppum. Fjöldi minni dala sker fjallendið og nokkrir stærri dalir ganga lengra inn í landið.

1.3.3. Gróðurlitlar hásléttu (3.3)

Sjónrænir eiginleikar:

- Í lægðum er viðsýni lítil og sjónlengdir stuttar vegna hæðótts landforms.
- Af hærri hæðum er útsýni gott.
- Fjölbreytni í formum og útlinum lands í bakgrunni.

Mælifelssheiði og heiðarlandið norðan Selárdals telst vera undirflokkur 3.3.4 Fjallendi og heiðarland ofan Langaness og Langesstrandar:

Heiðarland ofan Langaness og Langesstrandar í 300 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Jökulsorfnar klappir og ásar einkenna landform. Nokkur stök fjöll standa hærra og rís Syðri-Hágangur þar hæst, rúma 950 m yfir sjávarmál. Samfelldir, ógrónir og grýttir melar þekja yfirborð en í lægðum er votlendi. Fjöldi smærri vatna auk áa eru innan svæðis. Byggð er engin.

1.3.4. Háheiðar (3.4)

Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir og mikil viðsýni.
- Í bakgrunni sjást hærri föll og/eða jöklar.

Vopnafjarðarheiði og Jökuldalsheiði fá sinn eigin undirflokk:

Land er í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Öldótt landform með lítt grónum melum á hæðum og hryggjum, mólendi í lægri hlíðum. Votlendi, vötn, tjarnir og lækir í lægðum. Útivist er stunduð á heiðinni og veitt er í vötnum.

1.3.5. Opnir jökulsorfnir firðir (6.2)

Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir inn og út eftir fjörðum og yfir haf við ströndina. Fjallgarðar afmarka láglendið og þ.m.t. sjónlengdir.
- Útsýni upp á fjöll eða yfir haf.
- Nokkur sjónræn fjölbreytni hvað varðar landform og yfirborð lands


Vopnafjörður og dalir hans teljast til undirflokks 6.2.5 Vopnafjörður:

Frekar breiðir dalir sem ganga upp frá Vopnafirði að hálendisbrún og jökulsornir hryggir skilja þá að. Land nær frá sjó upp í 200 m hæð yfir sjávarmáli. Hár fjallgarður afmarkar svæðið að austanverðu. Yfirborð er grasi gróið, mó- og votlent. Ár og lækir hlykkjast og kvíslast um dalbotna. Dreifð byggð er í inndölum auk þéttbýlisstaðar sem er við sjó innarlega í firðinum. Flatlendi er nýtt til landbúnaðar og veitt er í ám.

1.3.6. Lágheiðar við strendur (7.2)

Langanes og Langanesströnd (undirflokkur 7.2.4) teygja sig inn að Vopnafirði:

Nes og lágar heiðar sem ganga upp af strönd Þistilfjarðar og Bakkaflóa. Land nær frá sjó upp í um 350 m hæð yfir sjávarmáli. Nokkur fjöll stand hærra og rís Gunnólfsvíkurfjall þar hæst, rúma 700 m upp frá strönd Finnaðar. Landform er ávalt og yfirborð mólent með votlendi í lægðum. Inn á milli eru melar. Nokkrar ár og lækir renna til sjávar. Við ströndina eru minni þéttbýlisstaðir auk nokkurra bæja í reifbýli.



Mynd 1:3 Sveitarfélagsmörk sýnd ofan á megin landslagsserðum á svæðinu, byggt á flokkun á landsvísu. (Efla; Land Use Consultants, 2020).

1.4. Gróðurfar

Sveitarfélagið er á heildina lítið vel gróið og uppblástur er lítill nema suðvestan til, þ.e. í Haukstaðaheiði og Fossheiði og suður með fjallgördum. Þegar grónum heiðalöndum sleppir taka við auðnir og sandar, sem einkum eru víðáttumikil til vesturs, þar sem dregur að Haugsöræfum.

Mörk samfellds gróðurs liggja hér hins vegar nokkru lægra en á Austfjörðum og inn af Fljótshéraði. Koma hér skýrt fram afleiðingar lækkandi meðalárshita eftir því sem norðar dregur og sömu sögu er að segja um snælinu (Hjörleifur Guttormsson, 1987).

1.4.1. Vistgerðir á landi

Samkvæmt vistgerðarkorti frá Náttúrufræðistofnun Íslands eru heiðarnar og klettabelti í Vopnafirði að mestu melar (yfirflokkur L1). Eru það víðfeðmustu og algengustu vistgerðirnar en heiðarnar og fjöllin eru einsleitari í gróðurfarin en dalirnir. Engar moldir (L2) er að finna í sveitarfélaginu og lítið er um uppblástur. Í giljum og bröttum hlíðum Smjörfjalla er að finna skriður og kletta (L3). Ekkert hraunlendi (L6) er í sveitarfélaginu en moslendi (L5) má finna víðast hvar í klettum, uppi á heiðum og við fjöll.

Graslendi (L9) er að finna í dalbotnum þar sem língresis- og vingulsvist er algengust. Algengustu vistgerðir utan heiða, eru mólendi (L10) sem þekja dalbotna og teygja sig jafnvel upp á heiðar. Þar af er fjalldrapamóavist (L10.6) algengust. Náttúrulega birkiskóga má finna í miðjum og innst í Hofsárdal og innarlega í Böðvarsdal.

Þá eru manngerð ræktunarlönd áberandi í dölunum, tún og akurlendi (L14.2). Skógrækt er nokkur á lögbýlum, í grennd við tún og akra, og í vestur-hlíðum Tangans (Kolbeinstanga), við Skógarlón.

Votlendi eru allmikil, bæði á heiðum, hlíðum og láglendi. Runnamýravist á láglendi (L8.6) í samfloti með starungsmýravist (L8.9) er algengust meðfram ám, í hlíðum og láglendi en tjarnastaraflóavist (L8.13) ásamt brokflóavist (L8.11) þegar ofar dregur og á heiðum. Hverasvæði (L12) er ekki að finna í Vopnafirði.

Við árósa Selár má finna auravist (L4.2) þar sem áin á til að flæða yfir bakka sína. Stór landsvæði meðfram Hofsá tilheyra einnig auravist. Sandstrandir (sandstrandavist, L7.1) er að finna beggja vegna við Kolbeinstanga, við botn Vopnafjarðar og við Nýpslón. Þá má finna sjávarfítjunga-ravist (L.5) við Nýpslón og Skógarlón.

Meðfram klettóttum ströndum fjarðarins er sjávarkletta- og eyjavist (L7.7) einkennandi og má segja að séu ein af sérkennum Vopnafjarðar.

1.5. Dýralíf

1.5.1. Vatnalíf

Lax, sjóbirtur, hnúðalax og bleikja, bæði sjóbleikja og staðbundin bleikja, er að finna í ám og vötnum í Vopnafirði. Laxveiði er vel þekkt í öllum þrem meginám Vopnafjarðar, Selá, Vesturdalsá og Hofsá ásamt Sunnudalsá.

Vatnalíf í ferskvatni sveitarfélagsins er afar mikilvægt og hefur skapað hlunnindi fyrir margar bújarðir. Hlunnindin felast bæði í leigu til stangveiði en einnig er talsverð þjónusta sem tengist veiðinni.

Vitað er að hornsili eru í Vopnafirði og sögur herma að all hafi veiðst í Vopnafirði áður og vitað er til þess að all hefur komið í seiðagildrur neðarlega í Vesturdalsá (Kristín Jónsdóttir, 2010).

1.5.2. Fuglalíf

Samkvæmt samantekt úr lista yfir varpfugla í Vopnafirði frá Náttúrufræðistofnun eru 56 fuglategundir skráðar sem varpfuglar í Vopnafirði.

Bjargfugl er að finna í klettunum við Vopnafjörð, mest í Strandhafnarbjörgum Fuglabjargarnesi og hömrum Vindfells. Mávar, kriur og æðarfugl eru algengar tegundir sérstaklega fyrir botni flóans. Spörfuglar, vaðfuglar, endur, gæsir og álfir eru algengir um byggðir Vopnafjarðar og loks má nefna rjúpunna sem unir sér vel á grónum heiðum og í kjarlendi svæðisins.

Æðarvarp er á nokkrum stöðum í Vopnafirði og fuglinn nytjaður af landeigendum. Í bók Æðarræktarfélags Íslands frá 2001 er getið æðarvarps á 15 jörðum: Strandhöfn, Ljósalandi, Hámundarstöðum, Ytri-Nýpum, Fremri-Nýpum, Skógum, Torfaststöðum, Leiðarhöfn, Austur Skálanesi, Vatnsdalsgerði, Ásbrandsstöðum, Syðri-Vík, Skjaldþingsstöðum, Böðvarsdal og Fagradal/Bjarnarey (Kristín Jónsdóttir, 2010).

Ritubbyggðir hafa verið kortlagðar í Vopnafirði við Fuglabjargarnes, Leiðarhöfn, Skipahólma, Vindfellsbjörg/Virkisvík og Blika undir Örnubúri.

Lunda er að finna í Bjarnarey en lundabyggð var áður í björgunum undir Kollumúla, næst Bjarnarey.

Fjórtán fuglategundir sem skráðar eru í Vopnafirði eru á valista Náttúrufræðistofnunar, flestar í hættuflokknum í yfirvofandi hættu: Brandugla, fálki, flórgoði, grafönd, grágæs, gulönd, haförn (í hættu), himbrimi, hrafn, hrafnstönd, stormmávar, straumönd og svartbakur (Kristín Jónsdóttir, 2010).

1.5.3. Hreindýr

Útbreiðslusvæði hreindýra á Íslandi er frá Vopnafirði suður á Mýrar, suðaustan Vatnajökuls, en dýr slæðast jafnvel að Jökulsá í Lóni.

Hreindýrastofninum er skipt upp í 9 hjarðir þó erfitt sé að segja nákvæmlega til um afmörkun hjarðanna. Snæfellshjörðin svokallaða er sú hjörð sem gengur nyrst og þar á meðal innan Vopnafjarðarhrepps. Hjörðin gengur í sumarhögum inn í Kringilsárrana og við Sauðafell en kemur á vetrum út á heiðar, Jökuldalsheiði og Tungu- og Vopnafjarðarheiði (Hauksstaðaheiði) ofan Vopnafjarðar (Kristín Jónsdóttir, 2010).

Frá árinu 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum. Markmið vöktunar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól (kvóta), ástand stofnsins og ágang hreindýra á einstakar jarðir.

Áætluð vetrarstofnstærð (eftir veiðar að hausti) 2021-2022 er 4090 dýr sem er rúmlega 800 færri dýr en árið áður. Ástæða þess er að fjöldi dýra á einstaka svæðum hefur líklega verið ofmetinn í nokkur ár vegna ferða dýranna á milli þessara svæða (Skarphéðinn G. Þórisson & Rán Þórarinsdóttir, 2022).

1.6. Verndarsvæði

Í Vopnafjarðarhreppi eru þrjú svæði á Náttúruminjasrá, flokkuð sem aðrar náttúruminjar. Sjá vernduð svæði á mynd 1:4.

1.6.1. Fuglabjargarnes

Fuglabjargarnes er í landi Hámundarstaða. Það er láglent nes sem gengur út í Vopnafjörð sunnan við Fuglabjargaá. Norðan við ána tekur við Ljósaland.

Gamlar sögur herma að þarna hafi fyrr á öldum verið hár klettahöfði kallaður Fuglabjarg og þar hafi verið fuglatekja. Klettahöfðinn hafi svo eyðst af ágangi sjávar og eftir orðið það láglenda nes, sem nú er kallað Fuglabjargarnes (Helgi Gíslason, 1976).

Strandlengjan og fjörur við Fuglabjargarnes þykja fjölbreyttar og fallegar með mikið fuglalíf. Verndarsvæðið nær frá Litluá við Ljósaland að Hámundarstöðum (Umhverfisstofnun, e.d.).

1.6.2. Nýpslón og Skógarlón

Inn af Vopnafirði, vestan við Kolbeinstanga, er Nýpsfjörður en inn af honum liggja lónin Nýpslón (ytra lónið) og Skógarlón (innra). Lítil eyri, Straumseyri skilur lónin að en þar hefur verið reist brú um Norðausturveg.

Vesturdalsá rennur út í Skógarlón svo ferskvatn mætir sjávarföllum.

Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. Þar eru grunn, sölt lón með mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni (Umhverfisstofnun, e.d.).

Sjávarfitjar og leirur í lónunum falla einnig undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

1.6.3. Fagradalsfjöll og Kollumúli

Nyrsti hluti Smjörfjalla nefnist Fagradalsfjöll og ysti hluti „nefsins“ er kallaður Kollumúli. Norðaustan af skaganum, um 700 m frá ströndinni, er Bjarnarey ásamt skerjum.

Fagradalsfjöll og Kollumúli ásamt Bjarnarey eru á Náttúruminjasrá. Svæðið skilgreinist sem skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey. Þar er fagurt fjalllendi með

dalverpum og litríkri strönd og athyglisverður gróður (Umhverfisstofnun, e.d.).

1.6.4. Mikilvæg fuglasvæði

Tvö svæði sem talin eru mikilvæg fuglasvæði eru í eða við sveitarfélagið: Bjarnareyhluti, sem er að fullu hluti af sveitarfélaginu, og Jökuldalsheiði sem er að litlum hluta innan marka Vopnafjarðarhrepps.

Þá eru tvö svæði í næsta nágrenni við Vopnafjörð, Viðvíkurbjörg, milli Bakkafjaðar og Vopnafjarðar, og Úthérað við Héraðsflóa (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018).

1.6.4.1. Bjarnarey

Bjarnarey á Héraðsflóa, um 10 ha að stærð, nokkuð klettótt en vel gróin. Þar er lundavarp og verulegt æðarvarp. Bjarnarey telst vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð. Verndarsvæðið er um 499 ha með verndarjaðri (Náttúrufræðistofnun Íslands, e.d.).

Búið var í eyjunni með hléum en við manntalið 1703 voru skráðir tveir ábúendur þar auk 10 manns í heimili. Jón Guðmundsson lærði bjó þar í útleig 1632-35 til að forðast málssókn vegna galdra. Fisk- og hákarlaveiðar voru stundaðar frá Bjarnarey.

Árið 1917 var reistur viti í eyjunni sem var síðar endurnýjaður 1946. Þá er veðurathugunarstöð á eyjunni.

1.6.4.2. Jökuldalsheiði

Jökuldalsheiði liggur 500 m y.s., á milli Jökuldals og Vopnafjarðar, austan Möðrudalsfjallgarða. Heiðin er víða vel gróin með fjölda vatna og víðáttumiklum tjarnarflóum. Hún er alþjóðlega mikilvægt varpland álfta og heiðagæsa (Náttúrufræðistofnun Íslands, e.d.).


1.6.4.3. Viðvíkurbjörg

Viðvíkurbjörg eru á milli Bakkafjarðar og Vopnafjarðar og þar er ein helsta fýlabyggð landsins. Einnig er þar teista sem nær teista alþjóðlegum verndarviðmiðum (Náttúrufræðistofnun Íslands, e.d.).

1.6.4.4. Úthérað

Úthérað nær frá Egilsstöðum og út að Héraðsflóa. Meðfram Jökulsá á Dal, Lagarljóti og Selfjóti eru marflöt flæðilönd og sjávarsandar yst. Fjöldi stöðuvatna og tjarna er á þessu svæði og fjölbreytt gróðurlendi, forblautir flóar, mýrar og mólendi.

Fuglalíf er mikið og fjölbreytt á Úthéraði og þær tegundir varpfugla sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru lómur, flórigoði, grágæs og kjói. Hið sama á við um grágæs á fjaðra fellitíma og fartíma.



Mynd 1:4 Mikilvæg fuglasvæði ásamt náttúrufyrirbærum sem njóta sérstakar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

1.7. Veðurfar

Veðurathugunarstöð var sett upp á Skjaldbingsstöðum sumarið 1994. Áður voru gerðar veðurathuganir á Þorvaldsstöðum á árunum 1961 - 1994 en þá lögðust þær af. Veðurfar á þessum tveim stöðum er talið svipað og í kaupþúninu í Vopnafirði. Árið 2012 var komið fyrir sjálfvirkri veðurathugunarstöð á Vopnafjarðarheiði.

1.7.1. Hitastig

Árs meðalhitastig frá árinu 2000 hefur verið á bilinu 3,4-5,0 °C, en árin 1995-2005 var bilið 2,5-4,7 °C.

Hæsti mældi hitinn á Skjaldbingsstöðum er 26,2 °C, sem mældist bæði í byrjun ágúst árið 2012 og lok júlí árið eftir. Lægsti mældi hitinn var -19,6 í mars 1998 en fyrstu þrír mánuðir ársins eru alla jafna þeir köldustu. (Veðurstofa Íslands, 2007).


1.7.2. Ofankoma

Mesta sólarhringsúrkoma á Skjaldbingsstöðum síðan mælingar hófust var í júní 2017 og mældist 187,9. Áður var mesta melda sólarhringsúrkoma 162,2 mm í október 2001. Alla jafna verður mesta sólarhrings ofankoma ársins í lok árs, október-desember. (Veðurstofa Íslands, 2007).


1.7.3. Vindur

Meðalvindhraði (ársmeðaltöl) árin 1995-2005 var 2,5-2,8 m/sek en á árunum 2010-2019 var meðalvindhraði á bilinu 3,4-6,4 m/sek.

Sé litið til meðalvindhraða hvers mánaðar á árunum 2010-2019 er hvassast yfir vetrarmánuðina. (Veðurstofa Íslands, 2020).



Mynd 1:5 Tíðni vindáttu (%) yfir vetrarmánuðina desember-mars. Suð-suðvestan átt er algengust. Mælingar frá 2010-2019 frá Skjaldbingsstöðum. Heimild: Veðurstofa Íslands.




Mynd 1:6 Tíðni vindáttu (%) yfir sumarmánuðina júní-september. Norð-norðaustan átt er algengust. Mælingar frá 2010-2019 frá Skjaldbingsstöðum. Heimild: Veðurstofa Íslands.

1.7.3.1. Helstu vindáttir


Samkvæmt mælingum, frá Skjaldþingsstöðum, eru norðaustan og suðvestan áttir lang algengustu vindáttirnar í Vopnafirði. Er það í takti við legu og stefnu fjarðarins og fjallanna. Harðasta vindáttin er þó suð-suðaustan átt, miðað við mestan vindhraða að meðaltali. Yfir vetrarmánuðina (október-mars) er suðvestan átt algengust, en á sumarmánuðum (apríl-

september) er því þveröfugt farið, norðaustan áttir eru algengastar. Logn er í 3,8% tilfella, bæði um vetur og sumar.

Einnig er áhugavert að skoða nánar sumarmánuðina, en mælingar frá Skjaldþingsstöðum sýna andstæður í vindáttum milli dags og nætur yfir sumarmánuðina. Algengasta vindáttin á nóttunni er suð-suðvestan átt en á daginn er norð-norðaustan átt algengust.



Mynd 1:7 Tíðni vindátta (%) yfir nætur sumarmánuðina júní-september. Suð-suðvestan átt er algengust. Mælingar frá 2010-2019 frá Skjaldþingsstöðum. Heimild: Veðurstofa Íslands.



Mynd 1:8 Tíðni vindátta (%) yfir nætur sumarmánuðina júní-september. Norð-norðaustan átt er algengust. Mælingar frá 2010-2019 frá Skjaldþingsstöðum. Heimild: Veðurstofa Íslands.

1.8. Náttúruvá

Helsta þekkt náttúruvá í sveitarfélaginu er flóðahætta, aðallega ár- og sjávarflóð en einnig gætir snjóflóðahættu.

1.8.1. Skriðuföll og snjóflóð

Engir háir fjallgarðar liggja ofan byggðar. Skriður eða snjóflóð eru því ekki talin ógna byggð í sveitarfélaginu. Snjóflóð eru þekkt á veginum um Hellisheiði og er hann ófær yfir vetrartíman. Engin byggð er í hættu vegna þessa.

Raflínur sem liggja um Hellisheiði hafa dottið út vegna ísingar og snjóflóða, sem aftur hefur ógnað lífi viðgerðarmanna. Frá 2022 liggur meirihluti línunnar í jörðu í stað loftlínu sem dregur verulega úr líkum á viðhaldi yfir vetrartímann.

1.8.2. Vatnsflóð

Árstíðabundin flóð í ám og lækjum eru þekkt víða í sveitarfélaginu en ekki hafa verið skráð tjón á mannvirkjum.

1.8.3. Sjávarflóð

Ölduálag er mikið við strendur Vopnafjarðar en flóðahætta er ekki talin mikil þar sem mannvirki og byggð er að mestu fjarri ströndum. Þrátt fyrir það eru sjávarflóð vaxandi áhættuþáttur við strendur landsins vegna loftslagsbreytinga. Kauptúnið á Tanganum er að mestu varið með brimvarnargörðum við höfnina og varnargarður milli lands, Miðhólma og Skiphólma skýla byggðinni að mestu leyti.

Árið 1998 var gerð rúmlega 200 m löng sjóvörn norðan við gömlu Kaupfélagsbryggjuna en töluvert mæddi á þessu svæði áður en brimvarnargarður var byggður milli Miðhólma og Skiphólma. Árið 2004 var

gerð 140 m löng sjóvörn í Framtíðarvík, sunnan við Kaupfélagsbryggju. (Siglingastofun Íslands, 2011)

Skemmdir hafa orðið á sjóvarnargarðinum milli lands og Miðhólma, í óveðrum. Í ársbyrjun 2022 urðu miklar skemmdir á varnargarðinum í óveðri sem gekk yfir landið (RÚV, 2022).

1.8.4. Jarðskjálftar

Vopnafjörður er ekki á þekktu jarðskjálftasvæði en íbúar í Vopnafirði hafa orðið varir við skjálfta með upptök austan af Grímsey. Skráðar voru tilkynningar um skjálfta í Vopnafirði í apríl 2013. Þá varð skjálftahrina austan við Grímsey. Hrinan hófst með jarðskjálfta af stærð 5,5 með upptök í Skjálftandadjúpi (Veðurstofa Íslands, 2013).

1.9. Loftslagsváin

Hröð aukning gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu gerir það að verkum að vistkerfi breytast mun hraðar en þau hafa áður gert í jarðsögunni. Svo hratt að þau verða ekki söm aftur. Loftið á hverjum stað verður almennt heitara og rakara, sjórinn hlýrri og súrari, íshellur fara minnkandi og eyðilendi stækka.

Loftslagið kring um Ísland er að breytast hratt svo veðursveiflur verða ýktari þannig að á tímabili fjölga þurrka dögum og á öðrum tímum eykst úrkomuákefð. Hvoru tveggja þarf að bregðast við. Ekki er lengur nóg að leita leiða til að draga úr magni gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu heldur þurfa samfélög að búa sig undir og aðlaga sig að óhjákvæmilegum afleiðingum loftslagsbreytinga.

Loftslagsváin lýsir sér í atburðum sem valda tjóni með ýmsum hætti, allt frá loftslagstengdum náttúruhamförum sem skapa neyðarástand til

stöðugra hægfara breytinga sem valda minna tjóni en oftar. (Halldór Björnsson, o.fl., 2023).

1.9.1. Líkleg áhrif loftslagsbreytinga

Tafla 1.1 sýnir yfirlit yfir líkleg áhrif loftslagsbreytinga í Vopnafirði. Helstu áhrif í Vopnafirði eru talin verða að þurrkadögum fjölga, úrkomuákefð eykst, sjávarborð hækkar og öfgaveður verður tíðara.

Mat á líklegum áhrifum byggir á samantekt og umfjöllun úr skýrslu Vísindaráðs (Halldór Björnsson, o.fl., 2023). Þessi upptalning er ekki tæmandi, en eins og annars staðar á Íslandi kann að gæta aukins veðurofsa, hlýnandi veðurfars og bráðnun sífrera í Vopnafirði. Þá er líklegt að súrnun og hitabreytingar sjávar muni hafa áhrif á veiðar um allt land.

Náner tiltekið, mun líklegast rigna sjaldnar á sumrin en aukin úrkoma verði á veturna (nóvember-janúar), það er aukin snjókoma. Og þegar rignir/snjóar þá fellur meira til í einu, með tilheyrandi álagi á samgöngur og fráveitu.

Hækkun sjávarborðs mun líklegast hafa áhrif á hafnarsvæðið og miðbæinn þar sem landkótar þar eru stutt frá hæstu sjávarstöðu. Hækkun sjávarborðs ásamt flóðum í Hofsa geta ógnað flugbrautinni á flugvælinum.

Hækkun sjávarborðs í samfloti við aukin veðurofsa þýðir auknar líkur á öldugangi og landbroti. Það mun þýða aukið álag á sjávarvarnargarða.

Samkvæmt skýrslu Veðurstofu Íslands um mat á endurkomutíma óveðursflóða, þá sést á korti sem sýnir hæð 100 ára viðmiðunarflóða hvernig myndi flæða í sveitarfélaginu. Sjá **mynd 1:9** hér aftar. (Halldór Björnsson, o.fl., 2022).


Tafla 1.1 Yfirlit yfir líkleg áhrif loftslagsbreytinga í Vopnafirði, byggt á skýrslu vísindanefndar (Halldór Björnsson, o.fl., 2023).

Líkleg áhrif loftslagsbreytinga	Áhætta	Afleiðingar í Vopnafirði
Þurrkadögum fjölgar	Aukin hætta á gróður- og skógareldum	Aukin eldhætta á skógræktarsvæðum.
	Þurrkur í vatnsbólum og þar með vatnsskortur	Lokun sundlaugar og stöðvun í vinnslu sem þarf mikið vatn.
Úrkomuákefð eykst	Flóðahætta eykst í ám og lækjum	Flætt gæti yfir flugbraut Vopnafjarðarflugvallar og land brotnað undan.
	Aukið álag á fráveitu	Flætt gæti upp úr lögnum.
Hækkun sjávarborðs og aukin veðurofsi (öfgaveður)	Flóðahætta eykst í vondum veðrum	Rof í varnargörðum sem gæti ógnað innsiglingu Vopnafjarðarhafnar.
	Aukið landbrot	Hrun og breytingar á strandlengju.
Súrnun og hitabreytingar sjávar	Breytingar á lífríki sjávar og þar með breytingar í sjávarafli, þ.á.m. breytingar á veiddum tegundum	Minni/meiri tekjur af sjávarfangi og löndun á afla

Eitt helsta áhyggjuefni sjávarbyggða eru breytingar á súru- og hitastigi hafsins og áhrif þess fyrir lífríki sjávar umhverfis Ísland. Ein af grunnstoðum atvinnulífs í Vopnafirði er sjávarútvegurinn og allar breytingar á afkomu hans hefur bein áhrif á íbúa og afkomu sveitarfélagsins. Mikil óvissa ríkir um hverjar afleiðingarnar kunnu að verða en líklegt er að breytingar verði á afla. Sama gildir um ferskvatnstegundir. Má nú þegar sjá niðursveiflu í stofnum bleikju í landinu sem eru líklega áhrif vegna loftslagsbreytinga.

Þungi áhrifa loftslagsbreytinga og afleiðinga þeirra eru enn mjög óljós og háð mikilli óvissu, einkum á Íslandi. Auka þarf rannsóknir og vöktun áhrifa á Íslandi og afleiðingum þeirra svo hægt sé að átta sig betur á og bregðast við breyttu veðurfari og öðrum afleiðingum loftslagsbreytinga. Þá er óvissa einnig mikil vegna takmarkaðrar og ómarkvissar skráningar á viðburðum. Vegna skorts á staðbundnum rannsóknum og þekkingu er alltaf hætta á að mögulegir atburðir og hættur yfirsjáist.

Mannlíf eru almennt ekki í mikilli hættu en ljóst er að breytingar af völdum loftslagsbreytinga munu, allavegana fyrst um sinn, leiða til ama og óþæginda. Þannig munu koma atburðir sem valda fjárhagslegu tjóni og raska daglegu lífi, en líklega verður hægt að færa umhverfi og aðstæður aftur til fyrra horfs án mikils kostnaðar. (Halldór Björnsson, o.fl., 2023)



Mynd 1:9 Helstu flóðasvæði í Vopnafirði. Mikilvægi sjóvarnargarðanna sést vel. Úr skýrslu Veðurstofu Íslands, sjá bls. 69 í fylgiskjal með skýrslunni. (Halldór Björnsson o.fl., 2022).

1.9.2. Hvað getum við gerf?

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Ekki er séð að aðlögun íslensk samfélags að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrir séðar eru vegna loftslagsbreytinga, geti átt sér stað án aðkomu sveitarfélaganna (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).

Það er mjög mikilvægt að allir taki til skoðunar hjá sér hvernig draga megi úr styrk GHÍ í andrúmsloftinu. En það þarf líka búa sig undir að áhrif munu samt verða af loftslagsbreytingum, og að þau verða varanleg. Aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga verður ekki umflúin.

Samkvæmt lögum um loftslagsmál (nr. 70/2012) skulu sveitarfélög setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfsemi sinnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Þá er eitt markmið laganna að ná kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040.

Síðustu ár hefur Vopnafjarðarhreppur leitað leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka vistspor sitt. Verkefnið hófst áður en lög um loftslagsmál tóku gildi en markmið sveitarfélagsins er að taka markvissara á verkefninu með gerð loftslagsstefnu.

1.9.2.1. Dregið úr losun

Tækifæri eru til að draga úr losun í sveitarfélaginu með breyttum orkugjöfum í samgöngum, endurheimt votlendis og minni sóun.

Vopnafjarðarhreppur hefur þegar hafið prófanir með rafmagnsbíla til að draga úr útblæstri í rekstri sínum.

Engin almenn hleðslustöð er í sveitarfélaginu. Þá hefur sveitarfélagið verið framarlega í flokkun úrgangs, en allt frá 2012 hefur öllu sorpi verið flokka í 9 flokka.

Við frágang á Norðausturvegi var fyllt upp í skurði og endurheimt votlendis hafin norður af byggðinni. Skoða má fleiri tækifæri til endurheimtar í sveitarfélaginu.

1.9.2.2. Kolefnisbinding

Hafa þarf í huga að kolefnisbinding tekur langan tíma, sérstaklega þar sem trjágróður er lengi að vaxa. Kolefnisbinding er því ekki hentug skammtímalausn heldur ætti að horfa á það sem langtíma lausn sem skilar jöfnum árangri til lengri tíma lítið. (Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, 2018).

Nokkur skógræktarsvæði eru í sveitarfélaginu og skoða ætti möguleikana til að fjölga þeim. Þar sem sveitarfélagið er að mestu gróíð er mikilvægt að halda því.

1.9.2.3. Aðlögun

Fyrsta skrefið að aðlögun loftslagsbreytinga er aukin umræða og vitund um möguleg áhrif. Þá er líka mikilvægt að vera meðvituð um óvissuna og þekkingargat um hver áhrif verða, tíðni og þunga þeirra.

Hafa ber í huga að aðgerðir til aðlögunar koma ekki í veg fyrir að samfélagið finni fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Að vera meðvituð um mögulegar hættur og áhrif er fyrsta skrefið í því að draga úr tjönnæmi og varnarleysi, að þróa hugsunarhátt okkar og innviði svo við séum í stakk búin til þess að aðlagast loftslagsbreytingum (Halldór Björnsson, o.fl., 2023)

Aðlögun að loftslagsbreytingum er því í stöðugri þróun eftir því sem meðvitund, þekking og reynsla eykst. Hér

er því ekki lögð fram endanleg áætlun um aðlögun, aðeins staðfesting og vilji til að taka fyrsta skrefið og vera vakandi fyrir frekari aðgerðum.

1.10. Landnotkun

Heildarflatarmál sveitarfélagsins er um 1.913,5 km² en af því er landnotkunarflokkurinn „óbyggð svæði“ stærstur með um 1.371,6 km² eða 71,7% af landi innan sveitarfélagsins. Næst stærsti landnotkunarflokkurinn er landbúnaður með 500,6 km² eða 26,1%. Allir aðrir flokkar eru samtals um 2,2% af landsvæði sveitarfélagsins.

Flokkur	Stærð (ha)	Hlutfall (%)
Óbyggð svæði	137.177,0	71,7%
Landbúnaður	50.055,1	26,1%
Íbúðabyggð	33,61	0,018%
Hafnar­svæði	14,49	0,008%
Athafnasvæði	7,62	0,004%
Samfélagsþjónusta	6,8	0,003%
Aðrir flokkar	4055,38	2,12%
Samtals	191.350	100 %

1.11. Þjóðlendur

Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Um þjóðlendur gilda [lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998](#).

Í Vopnafirði eru þjóðlendur einkum uppi á heiðum sem skilgreind eru sem opin svæði (OP) en ná stundum inn á aðliggjandi landbúnaðarland (L).

Commented [GA1]: uppfæra tölur

Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki forsætisráðuneytis. Þá þarf samþykki ráðuneytisins til að nýta námur eða önnur jarðefni, vatns- og jarðhitaréttindi og vindorku innan þjóðlendna, óháð tímalengd.

1.12. Hlunnindi jarða

Allt frá landnámi hafa ýmis hlunnindi fylgt sumum landareignum, eins og eggja- og dúntaka ásamt veiðirétti í ám og vötnum.

1.13. Efnistaka

Nokkuð er um efnis-námur í sveitarfélaginu þar sem efnir hefur einkum verið sótt í tengslum við vegagerð, sjóvarnargarða og hafnargerð. Flestar námurnar eru nýttar af Vegagerðinni. Þó nokkur hluti þeirra er ófrágengin. Þá eru nokkrar minni námur nýttar af landeigendum innan sinna jarða.

Urðunarstaður er við Búðaröxl, en þar má taka á móti og urða allt að 1.000 tonn af úrgangi á ári, þó að hámarki 10 tonn á sólarhring. Tekið er við úrgangi til urðunar sem á uppruna sinn í Vopnafjarðarhreppi eða í Langanesbyggð. Ekki má urða úrgang sem flokkast sem spilliefni, geislavirkur eða sprengiefni.

1.14. Skógrækt

Töluverð skógrækt hefur átt sér stað í þéttbýlinu og þá aðallega á vestanverðum Kolbeinstanga, ofan byggðarinnar. Hefur trjágróðri verið markvisst plantað á forsendum til að veita byggðinni, íþróttarsvæðinu eða útivistarsvæðum skjól. Stefnt er að halda áfram á sömu braut og planta trjágróðri í samvinnu við skógræktarfélag, af skynsemi og á forsendum náttúrunnar.

1.15. Sorphirða og flokkun

Almennt sorp er sótt í sorptunnur heim til íbúa en flokkuðu sorpi skila íbúar sjálfir í safnstöð sem stendur við Búðaröxl, ofan við byggðina. Í safnstöð er tekið á móti flokkuðu sorpi bæði til endurvinnslu og urðunar. Á norðurhlið safnstöðvar eru lúgur sem opnar eru allan sólarhringinn, allt árið um kring. Þar geta íbúar skilað flokkuðu sorpi. Flokkuðu sorpi sem ekki er hægt að skila inn um lúgur er skilað í gáma á safnstöðvarsvæði sem er við safnstöðina. Garðúrgangi er skilað og safnað á sérstakan stað.

Dregið hefur úr umfangi úrgangs til urðunar vegna aukinnar flokkunar, endurnýtingar og endurvinnslu. Vopnafjarðarhreppur hefur staðið framarlega í flokkun úrgangs eða allt frá árinu 2015.

1.16. Flokkun landbúnaðarlands

Land og skógur lét vinna að kortlagningu nýttalandssvæða, samkvæmt stefnu og leiðbeiningum frá atvinnu og nýsköpunarráðuneytinu (2021), auk þess að byggja á aðferðum þróuðum við Landbúnaðarháskóla Íslands (meistararitgerð Guðrúnar Láru Sveinsdóttur (2020)). Gert er ráð fyrir að sérhvert sveitarfélag vinni nánar úr þeirri flokkun.

Sveitarfélögum er ætlað að flokka allt ræktanlegt land innan sinna marka með tilliti til ræktunarmöguleika matvæla og/eða fódurs.

Flokkun lands ræðst aðallega af landhæð, landhalla og jarðvegsaðstæðum. Þá eru frádregin þau svæði sem eru útilokuð til akuryrkju af náttúrulegum ástæðum, t.d. ár og vötn, vegna verndunar eða annarrar notkunar sem útilokar ræktun s.s. íbúabyggð og iðnaður.

Stuðst var við eftirfarandi flokkun:

1. Mjög gott ræktunarland:

- Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri mól.
- Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm.
- Land vel þurr eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 4% (2,29°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.

2. Gott ræktunarland:

- Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri mól.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm.
- Land vel þurr eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki mjög miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 8% (4,57°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m.

3. Sæmilegt ræktunarland:

- Lakari mýrar, móar, melar og sandar.
- Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm.
- Þurrkunarskilyrði sæmileg.
- Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja.

- Halli innan við 12% (6,84°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.

4. Lélegt ræktunarland:

- Land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.

1.16.1.1. Aðferðir

Grunnflokkun ræktanlegs lands var fengin frá Landi og skógi. Þar sem allt land innan sveitarfélagsins, sem liggur undir 300 m hæð yfir sjávarmáli, er skilgreint sem landbúnaðarland, var grunnflokkunin afmörkuð við þessa hæðarmörk.

Í framhaldinu voru kortlagðar takmarkanir á ræktun. Eftirfarandi svæði voru útilokuð frá ræktun:

- Land sem hefur verið ráðstafað til annarrar notkunar, svo sem þéttbýlis og útivistarsvæðanna við Fagradalsfjöll og Kollumúla.
- Tanginn, að undanskildum skilgreindu landbúnaðarsvæði við Leiðarhöfn.
- Vistgerðir sem eru óræktanlegar, ásamt votlendi sem telst of blautt.
- Náttúrulegir birkiskógar, sem voru skilgreindir sem lélegt ræktunarland.


Auk þess var stuðst við upplýsingar um ræktanlegt land úr gagnagrunni HMS. Gert var ráð fyrir að ræktuð tún falli í flokk 1 eða 2. Ef grunnflokkunin skilgreindi þau utan þessara flokka, voru þau færð upp í viðeigandi flokk.

Niðurstöður flokkunar landbúnaðarlands má sjá á mynd 1.10, og enn betur á skýringarkortum A-A3 sem eru hluti af aðalskipulaginu.

1.16.1.2. Takmarkanir og fyrirvarar

Vegna stærðar svæðisins var ekki hægt að fara um allt landið heldur var stuðst við loftmyndir og önnur gögn til að flokka og meta landgæði. Jarðvegsþykkt og jarðvegsgerð eru t.d. áætlaðar út frá gögnum í grófum mælikvarða.

Flokkunin er því ákveðin nálgun á líkleg landgæði og kemur aldrei í stað mælinga eða rannsókna á staðnum. Því skal vera möguleiki á að endurskoða flokkunina ef nákvæmri gögn liggja fyrir eða þegar hagsmunaaðili óskar eftir því með rökstuddum athugasemdum.



Mynd 1:10 Hluti af niðurstöðum flokkunar landbúnaðarlands, sjá nánar á skýringaruppdráttum A1-3.


2. SAMFÉLAG

Vopnafjarðarhreppur er nyrsta sveitarfélag Austurlands og liggur við landshlutamörk Norðurlands eystra. Frá Vopnafjarðarkauptúni, eina þéttbýli sveitarfélagsins, er um 94 km akstur til Egilsstaðar og 215 km á Akureyri.

Alls eru 4 sveitarfélög sem teljast til Austurlands: Múlaþing, Fjarðabyggð, Fljótaldshreppur og Vopnafjörður. Sveitarfélögin starfa saman í gegnum Samband sveitarfélaga á Austurlandi, SSA. Í september 2022 samþykkti svæðisskipulagsnefnd SSA tillögu að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044. Tillagan tekur gildi þegar Skipulagsstofnun hefur afgreitt hana og birt niðurstöðu sína í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarfélögin reka saman Austurbrú sem hefur það hlutverk að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Austurlandi. Er það m.a. gert með gerð sóknaáætlunar landshlutans. Þá hefur Austurbrú unnið að og gefið út áfangastaðaáætlun (DMP) fyrir landshlutann.

- 1 af 4 sveitarfélögum Austurlands
- 1.913,5 km² = 1,86% af landinu öllu
- Um 660 íbúar = 0,18% af íbúum landsins
- 1 þéttbýli
- 60 lögbýli



2.1. Byggðarsaga


Landnámsmenn eru taldir þrír í Vopnafirði: fóstbræðurnir Eyvindur vopni og Hróaldur bjóla og Lýtingur Ásbjarnarson.

Nafn fjarðarins er sagt dregið af viðurnefni Eyvinda, en hann nam Hofsárdal og hluta Vesturárdals austan megin og bjó í **Syðri-Vík**, sem þá hét Krossavík innri.

Hróaldur nam Selárdal, hluta Vesturárdals og norðurströnd fjarðarins. Hann bjó fyrst á **Hróaldsstöðum** í Selárdal, en síðar á **Torfastöðum** í Vesturárdal. Lýtingur nam austurströnd fjarðarins og bjó í **Krossavík ytri**.

Einnig má nefna Steinbjörn kört Refsson, sem var bróðursonur Eyvinda. Hann kom út síð landnámstiðar og byggði sér bæ á **Hofi** eftir að Eyvindur frændi hans gaf honum land milli Hofsár og Vesturdalsár og hefur hann verið nefndur fjórði landnámsmaðurinn. Steinbjörn var eyðsluseggur og komst í skuldir og var jörð hans að lokum tekin upp í skuld og komst þannig að Hofslöndum. Síðar voru goðorðin tvö að Hofi og Krossavík sameinuð.

Loks kom Þorsteinn hvíti Ölvínsson frá Noregi og keypti land af Eyvindi, en tók síðar Hofslönd af Steinbirni upp í skuld. Að sögn Landnámabókar bjó hann á Hofi í sextíu ár. Fósturbróðir Eyvinda, Hróaldur bjóla, nam land í Vesturdal og Selárdal, og settist að á Torfastöðum í Vesturdal. Lýtingur Arinbjarnarson nam land út til dala í Fagradal og Böðvarsdal, en settist svo að í Krossavík og eru Vopnfirðingar taldir vera af honum komnir.



Mynd 2:1 Staðsetningar helstu bæja landsnámsmanna. Græn brotalína sýnir mörk sveitarfélagsins.

Árið 1903 var byggð kirkja í Vopnafjarðakauptúni og þá var héraðinu skipt í tvær sóknir: Vopnafjarðarsókn sem náði yfir kaupúnið og ytra hluta sveitarinnar og Hofsókn, sem náði yfir innri hluta sveitarinnar. Kirkja hefur verið á Hofi allt frá kristnitöku.

Vopnafjörður er einn af elstu verslunarstöðum á landinu og einn af þremur á Austurlandi á tímum einokunar, en einokun komst á 1602 þegar Kristján IV konungur Dana veitti borgurum í Kaupmannahöfn, Málmei og Helsingjaeyri einkarétt til verslunar á Íslandi. Austurlandi var skipt niður í þrjú verslunarumdæmi. Kaupstaðir voru í Vopnafirði, Reyðarfirði og á Djúpavogi. Einokun var aflétt 1787 og verslun gefin frjáls öllum þegnum Danakonungs, hverjum sem stunda vildi.

Vopnafjörður mun hafa verið löggildur verslunarstaður frá 1420, en þá voru hér á landi aðeins fjórir verslunarstaðir. Þangað sigldu erlendir kaupmenn fyrst á öldum, fyrst frá Englandi en seinna frá Þýskalandi, þar til 1602, þegar Danakonungur leyfði enga aðra verslun en danska hér á landi. Þaðan í frá versluðu ýmsir danskir kaupmenn í Vopnafirði, við misjafnar vinsældir, allt til ársins 1814, eða fram yfir lok einokunar, þegar Ørum & Wulff, danska verslunarfélagið, náði fótfestu og rak verslun og aðra starfsemi í Vopnafirði samfelld í rúma öld. Kaupfélag Vopnafirðinga var svo stofnað 1918 og rak aðalverslunin þar, allt til ársins 2004, en það keypti verslunarhúsin af Ørum & Wulff.

Vopnafjörður var skráð sem kjöt- og ullarhöfn og þótti þrjónles hédan fádæma gott. Mikill útflutningur var af þrjónlesi um aldir, mest fyrir herina í Svíþjóð, Danmörku og á Niðurlöndum.

Vopnafjörður var helsta brottfararhöfn Vesturfara, ekki aðeins á Austurlandi, heldur á öllu landinu á ofanverðri 19. öld og fram á þá tuttugustu. Mjög margir Vestur-Íslendingar eiga ættir að rekja til Vopnafjarðar. Þar er nú Vesturfaramiðstöð Austurlands.

Í Vopnafirði er hafnaraðstaða miður góð frá náttúrunnar hendi. Skjólgt er, en botninn er grýtt hraun. Bátar urðu oft fyrir skemmdum í veðrum. Algjör umskipti urðu þegar varnargarður var byggður milli lands og hólma árið 1968. Hann skemmdist reyndar mikið í ofsaveðri 1980. Brimgarður var settur á milli Mið- og Skiphólma árið 2004 og má fullyrða að nú sé ágæt höfn í Vopnafirði.

Kaupfélag Vopnafirðinga var einn helsti atvinnurekandi á staðnum fram eftir 20. öldinni uns það lagðist af 2004. Kaupfélagið rak auk verslana slátur- og frystihús, bifreiðaverkstæði og trésmiðju ásamt því að vera hluthafi í fyrirtækjum.

Í Vopnafirði hefur löngum verið stundaður landbúnaður. Stærstu svæðin eru í Hofsárdal, en einnig eru nokkur bú með ströndum Vopnafjarðar og í Selár- og Vesturdal. Mest er um sauðfjárrækt. Einnig er nokkur mjólkurframleiðsla. Mjólkursamlagið var stofnað 1963 og sá um mjólkurframleiðslu fyrir Vopnafjörð, Bakkafjörð og Þórshöfn. Samlagið, er var til húsa í Mjólkurstöðinni við Hafnarbyggð 1, var lagt af vorið 2006, en í dag er Sláturfélag Vopnafjarðar næststærsti atvinnuveitandi Vopnafjarðar á eftir sjávarútvegsfyrirtækinu Brim. Ásamt landbúnaði fylgja jörðum veiðihlunnindi. En veiði hefur lengi verið stunduð í ám sveitarfélagsins og er veiði afar mikilvæg fyrir landeigendur og samfélagið.

Sjávarútvegur hefur spilað stórt hlutverk í mannlífi Vopnafjarðar. Töluvert útræði var þar á seinni hluta 19.

aldar, en með vélbátaútgerð upp úr aldamótunum 1900 jókst sjósókn frá Vopnafirði til muna. Mikil umsvif voru í síldarsöltun á síldarárunum á 6. og 7. áratugnum og hefur öflug útgerð verið stunduð frá Vopnafirði fram til dagsins í dag.

Verslun og þjónusta Samvinnuhreyfingarinnar, framleiðsla landbúnaðarafurða og útvegur höfðu afgerandi áhrif á byggðarþróun í Vopnafirði fram eftir 20. öldinni. Íbúafjöldi náði hámarki á 9. áratugnum, en síðan fór íbúum fækkandi. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari þróun. Má þar nefna fækkun starfa í sjávarútvegi vegna vélvæðingar auk þess sem mikilvægi fiskvinnslu í landi hefur minnkað.

Í dag er afkoma íbúa Vopnafjarðarkauptúns aðallega háð sjósókn, vinnslu sjávarafra og ýmiskonar þjónustu við nær sveitir. Sjá frekari umfjöllun um atvinnulíf hér aftar.

2.1.1. Vopnafjarðarkauptún

Á sunnanverðum Kolbeinstanga, kallaður Tanginn í daglegu tali, stendur Vopnafjarðarkauptún, eina þéttbýli sveitarfélagsins.

Klettóttur Tanginn og takmarkað undirlendi hefur sett sinn svip á þróun og mótun byggðarinnar. Viða er gott byggingarland, en inni á milli eru svæði sem erfitt er nýta vegna bratta eða kletta. Byggðin liggur endilöng eftir Tanganum, að mest í bratta. Helsta jafnslétta undirlendi er í miðbænum og hafnarsvæðinu sem eru að miklu leyti landfylling. Þar var eyri við upphaf byggðar, þar sem smávegis pláss var til athafna og fiskverkun, kallað einfaldlega *Plássíð*.

Byggðin hefur síða vaxið til norðurs og suðurs út frá miðbænum og höfninni. Syðsti hluti byggðarinnar er klofinn frá miðbænum um þrjár litlar vikur: Framtíðarvík, Garðsvík og Skálanesvík. Við

Skálanesvík verður aftur jafnslétt og þar hefur Skálneshverfi risið.

Til vesturs hefur byggðin afmarkast af klettarröðinni: Vigdísarkletti, Andrésarkletti og Háahrauni. Á síðari áratugum 20. aldar hefur byggðin teygst sig upp fyrir klettarröðina. Efst á Tanganum, við Búðaröxl, stendur Holtahverfi, efsti hluti íbúabyggðar í kaптúninu. Þar er einnig íþróttasvæði bæjarins ásamt iðnaðar-, urðunar- og athafnasvæði. Norðan við íþróttasvæðið er votlendi, Hestamýrar, sem torveldar frekari byggð þar.

Tækifæri eru til að þetta byggð á óbyggðum svæðum í hverfunum og er deiliskipulagsgerð hafin til að afmarka lóðir. Til lengri tíma litið eru frekari vaxtamöguleikar byggðarinnar einkum til norðurs eftir Lónabraut og Fagrahjalla, þar til Norðausturvegur setur frekari takmörk.

Merkistún, undir Búðaröxl og sunnan við Holtahverfi, var skilgreint sem íbúðarbyggð í aðalskipulagi frá 1984 en fristundabyggð síðan þá. Svæðið er óbyggt í dag og hefur að mestu verið notað til útivistar og skógrækt.

2.1.1.1. Vopnafjarðarkirkjugarður og Íshústjörn

Vopnafjarðarkirkjugarður er við norður enda þéttbýlisins. Garðurinn er um 4.100 m² með um 400 legstaði. Einnig er kirkjugarður við Hofskirkju, um 700 m² af stærð.

Sunnan við kirkjugarðinn er að finna mýri sem verður að tjörn við vissar aðstæður. Tjörnin nefnist Íshústjörn þar sem áður fyrr var safnað ís og snjó að vetri sem síðan var seldur til kælingar á fiski í fiskibátum á sumrin. (Guðný Zoëga; Bryndís Zoëga; Guðmundur St. Sigurðarson, 2005).

2.1.2. Skipulagssaga

Fyrsta aðalskipulag Vopnafjarðar, 1980-2000, var staðfest af ráðherra í nóvember árið 1984. Í skipulaginu var gert ráð fyrir áframhaldandi fólksfjölgun um 2% á ári. Skipulagsuppdráttur náði aðeins um þéttbýlið, í samræmi við þá gildandi skipulagslög um að skylt sé að gera uppdrætti af öllum kaupstöðum. Skipulagið hafði mikil áhrif á þróun kaптúnsins.

Helsta áhersla skipulagsins var stækkun íbúðabyggðarinnar til vesturs ofan Vigdísarkletts, Andrésarkletts og Háahrauns. Þar var íþróttasvæði staðsett ásamt iðnaðarsvæði. Þá voru allmikil svæði tekin undir nýja íbúðabyggð og þau flokkuð í svæði A, B og C. Svæði A var innan íþróttavalla og að þjóðvegi. Það var sett í deiliskipulag og síðan byggt eftir því. Svæði B, sem taka átti næst til bygginga, var um 1,8 ha svæði við Merkistún, undir Búðaröxl. Í Aðalskipulagi Vopnafjarðar 1996-2026 var sama svæði tekið undir fristundabyggð. Að auki var mikið landsvæði, ofan við íþróttasvæði, tekið frá til síðari aukningar íbúða. Þá hafnarsvæðið stækkað til norðurs. (Skipulagsstofa Austurlands, 1984).

Skipulagið hafði þau áhrif að íþróttasvæðið hefur byggst upp eftir skipulagsuppdrættinum. Einnig Holtahverfið og hafnarsvæðið.

Eftir gildistöku aðalskipulagsins voru eftirfarandi breytingar og viðbætur gerðar:

- Breyting á aðalskipulagi þannig að fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði sunnan þjóðvegjar er flutt um breidd sína til norðvesturs. Iðnaðarsvæði er minnkað og íbúðarsvæði stækkað sem þessu nemur. Samþykkt 27. okt 1993. Staðfest af Skipulagsstjórn ríkisins 8. des 1993.

- Breyting á aðalskipulagi: Verslunarlóð færast og iðnaðarsvæði stækkar, ný verslunarlóð. Samþykkt 2. feb 1995. Staðfest af Skipulagsstjórn ríkisins 15. feb 1995.
- Breyting á aðalskipulagi vegna byggingar brimvarnargarðs. Samþykkt í maí 2003 og auglýst 10. júní 2003 í B-deild stjórnartíðinda.
- Breytingar á aðalskipulagi þannig að hafnarsvæðið stækkar með auknum fyllingum og viðlegurými eykst. Staðfest árið 2006.

Við gildistöku Aðalskipulags Vopnafjarðar 2006-2026, árið 2008, voru helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi, frá 1984:

- Fristundabyggð: Gert var ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir fristundalóðum. Þrjú svæði fyrir fristundabyggð voru afmörkuð: á jörðinni Þorbrandsstöðum í Hofsfárdal, sem áður var landbúnaðarsvæði; við Merkistún, sem áður var skilgreint sem íbúðarsvæði og svæði skammt sunnan við kaптúnið, áður skilgreint sem landbúnaðarsvæði.
- Íbúðarbyggð: Gert var ráð fyrir þéttingu byggðar á áður byggðum svæðum v/Kolbeinsgötu, v/Skálanesgötu og í Holtahverfi.
- Landbúnaðarsvæði: Fallið frá landbúnaði á Kolbeinstanga, fyrir utan jörðina Leiðarhöfn.
- Opin svæði til sérstakra nota: landfloknum gefið aukið vægi á kostnað m.a. íbúðarsvæðis til síðari aukningar. Stórt svæði sem umlykur byggðina og myndar "kraga" sem nær frá útivistarsvæði í norðurenda Kolbeinstanga og suður að flugvelli.

- Athafnasvæði: Umtalsverð stækkun þar sem talsvert svæði frá Búðaröxl og vestur undir Skógalón var skilgreint sem athafnasvæði. Hluti svæðisins var áður skilgreindur sem iðnaðarsvæði. Einnig gert ráð fyrir athafnasvæði ofan og norðan við hafnarsvæðið.
- Iðnaðarsvæði: Öll iðnaðarsvæði, önnur en svæði undir spennu-, veitu-, endurvarpsstöð og kaldavatnstanka, felld út.
- Hafnarsvæði: Gert ráð fyrir umtalsverðri stækkun hafnarsvæðisins á landfyllingu og með lengingu viðlegukants.
- Samgöngur: Fallið frá vegtengingu frá Kolbeinsgötu og upp Hamrahlíð. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomutengingu í þéttbýlið, norðan Hafnargötu um Vesturárdalsleið sem síðar varð með nýjum Norðausturvegi.

Þessi tillaga er þriðja aðalskipulagið fyrir sveitarfélagið.

2.1.3. Menningarminjar

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, hús og önnur mannvirki. Fornminjar eru forngripir og fornleifar og eru lausa munir sem menn hafa notað eða mannaverk, 100 ára og eldri. Fornleifar eru mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk 100 ára og eldri.

Friðun fornminja, húsa og mannvirkja er sjálfkrafa verndun vegna aldurs þeirra. Friðlýsing hefur þann tilgang að tryggja sem besta verðveislu menningarminja. Friðaðar fornleifar njóta 15 m friðhelgunarsvæðis en friðlýstar fornleifar 100 m.

Skýringarkort F sýnir yfirlit skráðra fornleifa, sjá líka mynd 2:2 hér aftar.

2.1.3.1. Friðlýstar fornleifar

Friðlýstar fornleifar eru á þremur jörðum í Vopnafirði, eftirfarandi er úr skráningu þeirra (Fornleifavernd, 1990):

- **Hof**, friðlýst árið 1938:
 - a. Hoftóft, svo sem 150 föðum beint upp frá kirkjunni. b. Forn ferhyrnd girðing, sem er á hægri hönd þegar riðið er heim traðirnar. c. "Skollahringur", er svo kallast, hringmynduð tóft fyrir ofan bæinn. d. Önnur girðing fornleg, sem er norðar og austar og liggur fast við hinn gamla túngarð.
 - + II) Fornar bæjartóftir á sljettum bletti við Sunnudalsá, undir grasbrekku, [þar sem eru beitarhús frá Hofi].
- **Krossavík**, friðlýst árið 1931: Túngarðsleifar fornar þar sem heitir enn Krumsholt, spölkorn fyrir utan bæinn.
- **Sunnudalur**, friðlýst árið 1931: Fornar búðaleifar á Sunnudalsþingstað.

2.1.3.1.1. Hof

Hof í Vopnafirði er fornt höfuðból og hefur búseta þar haldist óslitið frá landsnámsöld til dagsins í dag. Því er mikið af fornum minjum á landareigninni.

Áður en vegur var lagður fyrir ofan bæinn lágu traðir, allbreiðar, að utan og heim túnið fyrir sunnan bæjarhúsin og má enn þá sjá móta fyrir þeim. Á hægri hönd þegar komið er að utan og heim traðirnar er mjög stór, ferhyrnd girðing, um 20 faðma á annan veg en 12 á hinn. Veggir eru þykkir og fornlegir en túngarður og traðir mynda tvær hliðar. Stórar dyr eru á miðjum hliðarveggnum sem snýr að tröðunum. Hafa menn getið þess til að þetta sé forn hestarétt, jafnvel frá tíma Brodd-Helga sem sagt er frá í Vopnfirðingasögu. Tóftin hefur því ýmist verið kölluð Broddhelgarétt eða Hestarétt Broddhelga. Líklega fæst aldrei úr því skorið hvort Brodd-Helgi geymdi þarna hesta sína eður ei, en um það verður ekki deilt að sagan gefur tóftinni margfalt vægi (Sigurður Vigfússon, 1893).

2.1.3.2. Friðaðar fornleifar

Meðal helstu friðaðra fornleifa í sveitarfélaginu eru:

- **Bjarnarey**: mikið magn minja um búsetu í eyjunni. Búið var í eyjunni með hléum og við manntal 1703 voru skráðir tveir ábúendur þar auk 10 manns í heimili. Jón Guðmundsson lærði bjó þar í útleið 1632-35 til að forðast málssókn vegna galdra. Fisk- og hákarlaveiðar voru stundaðar frá Bjarnarey.
- Í landi **Fagradals**: minjar um sjóbúð.
- **Krossavík**: ekki langt frá friðlýstum minjum um Krumsholt.
- **Sunnudalur**: stutt frá friðlýstum minjum um þingstað.

2.1.3.3. Friðlýst hús

Samkvæmt húsaskrá Minjastofnunar Íslands eru þrjú hús friðlýst í Vopnafirði: Bustarfell, Hofskirkja og Vopnafjarðarkirkja.

2.1.3.3.1. Bustarfell

Byggingarár: Um miðja 19. öld en er eldri að stofni til. Hönnuður: Fremri stofu, sem reist var 1851–1852, Einar Einarsson bóndi og gullsmiður á Bustarfelli. Baðstofu og stofu undir henni sem reist var 1877, Árni Jónsson snikkari frá Hólum í Vopnafirði. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1943 og minjasafn frá 1982.

Friðaður 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði.

Í Hofárdal stendur gamla ættarsetrið Bustarfell. Þessi torfbær, með rauðum stöfnum og grasi vöxnu þaki, er einn af elstu og best varðveittu bæjum sinnar tegundar á landinu. Árið 1532 keyptu Árni Brandsson og kona hans Úlfheiður bæinn Bustarfell. Síðan hefur sama ættin búið þar alla tíð. Torfbærinn hefur verið í vörslu Þjóðminjasafnsins frá 1943 og Minjasafnið á Bustarfelli er til húsa í bænum. Aðstandendur safnsins hafa lagt metnað sinn í að sýning gripa safnsins sé sett upp á sem raunverulegastan hátt þannig að gestir nái að upplifa heimilið rétt eins og íbúar hússins hafi brugðið sér frá stundarkorn.

Sérstaða safnsins felst í því hversu glögg þáð miðlar breyttum búskapar- og lífnaðarháttum fólks allt frá því um 1770 til þess er hætt var að búa í bænum árið 1966. Til að mynda eru þrjú eldhús í bænum sem öll segja sína sögu og tilheyra hvert sínu tímabili. Eins er um muni safnsins, þeir tilheyra mismunandi tímabilum. Gaman er að ganga um og sjá hvernig einn hlutur hefur tekið við af öðrum í áranna rás.

2.1.3.3.2. Hofskirkja

Byggingarár: 1901

Hönnuður: Björgólfur Brynjólfsson forsmiður frá Skjöldólfsstöðum í Breiðdal.

Breytingar: Kirkjan var klædd bárujárn í upphafi en var klædd trapisumótuðum plötum 1980.

Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði.

Hofskirkja er timburhús, 10,31 m að lengd og 7,81 m á breidd, með turn við vesturstafn, 1,86 m að lengd og 4,03 m á breidd. Stöpull er tvískiptur, breiður að neðan og á honum rismikið þak upp að ferstrendum efri hluta. Á honum er ferstrendur burstsettur turn með ferstrendri spiru. Á þremur turnhliðum er bogadregið hljómpop með hlera. Þakið er krossreist og klætt bárujárn. Kirkjan er klædd trapisumótuðum plötum og stendur á steinhlöðnum sökklí. Á hvorri hlið kirkju eru þrír smárúðóttir oddbogagluggar úr steypujárn, tveir hringgluggar eru á framstafni kirkju en einn á framhlið stöpul.

Fyrir kirkjudyrum eru spjaldsettar vængjahurðir og oddbogagluggi yfir.

Að framkirkju eru spjaldsettar vængjahurðir og gangur inn af þeim. Aftursættir þverbekkir eru hvorum megin gangs og veggbekkir í kór. Setsvalir á fjórum stöðum eru yfir fremri hluta framkirkju og stigi við framgall norðan megin. Dyr með glerjaðri hurð eru að stöpli frá setsvölum. Veggir eru klæddir spjaldabili upp undir glugga en breiðum þiljum að ofan. Gaflar eru klæddir reitabiljum uppi undir hvelfingu. Yfir kirkjunni er reitaskipt stjórnusett hvelfing. (Minjastofun Íslands, e.d.).

2.1.3.3.3. Vopnafjarðarkirkja

Byggingarár: 1902–1903.

Hönnuður: Björgólfur Brynjólfsson forsmiður frá Skjöldólfsstöðum í Breiðdal.

Breytingar: Kirkjan var klædd að utan með panelmótuðum plötum 1974. Tengibygging reist milli kirkju og safnaðarheimilis 1994, hönnuður: Hjörleifur Stefánsson arkitekt.

Vopnafjarðarkirkja er byggð á árunum 1902–1903. Vígsla kirkjunnar fór fram 3. maí 1903. Hönnuður kirkjunnar var Björgólfur Brynjólfsson frá Skjöldólfsstöðum í Breiðdal, sá hinn sami og hannaði Hofskirkju í Hofsprestakalli sem vígð var 19. desember 1901. Séra Sigurður Sívertsen, þá sóknarprestur, lét byggja báðar kirkjurnar og þykja þær áþekkar í útliti. 1. Ber þar meðal annars að nefna ferstrenda burstsetta turninn með ferstrendri spiru sem stendur á stöpulpakinu. Athygli vekur að kórinn snýr í norður en forkirkjan með turninum til suðurs, að þáverandi jaðri þorpsins. Slík skipan er ekki bönnuð í lúterskum sið, en það tíðkast þó frekar að altarið snúi í suðlægar áttir ef háaustur næst ekki. Enn fremur ber að nefna að kirkjan er með kór, en það var ekki alltaf venjan við hönnun kirkna á þeim tíma. Til dæmis er engin slíkur kór við kirkjuna að Hofi, sem Vopnafjarðarkirkju svipar mjög til. Alls tekur kirkjan um 250 manns í sæti. Henni er nú þjónað frá Hofi. Altaristafla kirkjunnar er eftir Jóhannes Kjarval. (YRKÍ arkitektar; Náttúrustofa Vestfjarða, 2022).

2.1.3.4. Friðuð hús

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 80/2012 eru öll mannvirki sem voru byggð árið 1923 eða fyrr friðuð. Hér fyrir neðan eru listuð hús í sveitarfélaginu sem njóta friðunar.

Innan Vopnafjarðarkauptúns:

- Framtíðin, Hafnarbyggð 1A. Byggt árið 1898.
- Fisk- og salthúsið, Hafnarbyggð 2A. Byggt árið 1886
- Glæsibær, Hafnarbyggð 3. Byggt árið 1905.
- Kaupvangur, Hafnarbyggð 4A. Byggt árið 1882.
- Guðjohnsenshús, Hafnarbyggð 5. Byggt árið 1880.
- Baldursheimur, Kolbeinsgata 2. Byggt árið 1882.
- Kirkjuból, Kolbeinsgata 7. Byggt árið 1900.

Í Hofsfárdal:

- Guðmundarstaðir. Aldursfriðar timburhús. Byggt árið 1910.
- Egilsstaðir. Aldursfriðað timburhús. Byggt árið 1917.
- Árbrandsstaðir. Aldursfriðað timburhús. Byggt árið 1900.

Í Böðvarsdal:

- Böðvarsdalur. Aldursfriðað timburhús. Byggt árið 1906.

Í Bjarnarey:

- Bjarneyjarkofi. Aldursfriðað torfhús. Byggt árið 1915.

2.1.3.5. Umsagnarskyld hús

Til viðbótar við friðuð hús eru svokölluð umsagnarskyld hús. Eigendum húsa og mannvirkja sem voru byggð

árið 1940 eða fyrr, en njóta ekki friðunar, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda.

2.1.3.6. Fornleifaskráningar

Gerðar hafa verið þónokkrar fornleifaskráningar í sveitarfélaginu, aðallega í tengslum við framkvæmdir og skipulagsgerð. Hér eru taldar upp þær fornleifaskráningar sem fram hafa farið í sveitarfélaginu, í útgáfuröð:

Guðný Zoëga. (2024). Torfastaðir í Vopnafirði.

Fornleifaskráning vegna skógræktar.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2983.pdf

Þuríður Elísa Harðardóttir. (2024). *Veðiðhús í landi Hofsf.* Vopnafjarðarhreppur. Deiliskipulag. Minjastofnun Íslands.

Þuríður Elísa Harðardóttir. (2024). *Vatnsdalur í landi Vatnsdalsgerðis, Vopnafjarðarhreppur. Endurheimt votlendis. Úttektarskýrsla minjavarðar.* Minjastofnun Íslands.

Gylfi Helgason. (2022). *Fornleifaúttekt í Vopnafirði. Deiliskráning vegna áforma um uppbyggingu innan Skálanes- og Holtahverfis.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2825.pdf

Hákon Jensson. (2021). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð, frá Hrappsstöðum til Norður-Skálanes í Vopnafjarðarhreppi.* Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2722.pdf

Hákon Jensson. (2021). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð í Vatnsdalsgerði í Vopnafjarðarhreppi.* Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2708.pdf

Hákon Jensson. (2021). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð í Leiðarhöfn í Vopnafjarðarhreppi.* Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2706.pdf

Hákon Jensson. (2021). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð, frá Ytri-Hlíð til Ljótstaða í Vopnafjarðarhreppi.* Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2703.pdf

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Ytri-Hlíð, Vopnafirði.* Sagnabrunnur.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2228.pdf

Rannveig Þórhallsdóttir. (2019). *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara í Vopnafirði.* Fornleifafræðistofan.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2032.pdf


Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Rúna Þráinsdóttir. (2019). *Þorpið. Vopnafjörður. Húsa- og fornleifakönnun.* Náttúrustofa Vestfjarða.

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. (2018). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum þverárvirkjunar, Vopnafirði.* Sauðárkróki: Byggðasafn Skagfirðinga.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_1958.pdf

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. (2008). *Viðbót við fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði.* Sauðárkróki: Byggðasafn Skagfirðinga.

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_1560_1.pdf



Mynd 2:2 Yfirlit skráðra fornleifa, friðaðra og friðlýstra húsa. Skýringarkort E sýnir myndina stækkaða.

2.2. Íbúafjöldi


Forsenda fyrir frekari stefnumótun og uppbyggingu í Vopnafjarðarhreppi er fjöldi íbúa sem og spá um þróun til framtíðar.

Tölurnar eru síðan skoðaðar í samhengi við nær og fjær umhverfi Vopnafjarðarhrepps til að koma auga á tækifæri, áskoranir og jafnvel sérstöðu. Eru tölur því bornar saman við stöðuna á Austurlandi (staðan á svæðisvísu) og landinu öllu (staðan á landsvísu).

2.2.1. Þróunin frá 2004

Árið 2004 bjuggu 735 íbúar í sveitarfélaginu en tuttugu árum síðar eru þeir 650. Íbúum hefur fækkað frá því fyrir aldamót með sveiflukenndum hætti. Á tuttugu ára tímabili nemur fækkunin 13,1%. Frá 2004 hefur meðalbreyting á fjölda íbúa verið neikvæð, um -0,6% á ári.

Frá árinu 2016 hefur íbúafjöldi haldist á bilinu 640 til 660 íbúar.



Mynd 2:3 Íbúafjöldi í Vopnafjarðarhreppi frá árinu 2004 til 2024. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands.

2.2.2. Íbúafjöldi á svæðisvísu

Sé þróun íbúafjölda í Vopnafjarðarhreppi árin 2004 - 2024 borin saman við þróun íbúafjölda á Austurlandi á sama tíma, má sjá að fjöldinn þróast á gjörólíkan hátt. Við upphaf tímabilsins voru íbúar Vopnafjarðarhrepps 7,78% af íbúum á Austurlandi en í lok þess um 5,86%.

Íbúum á Austurlandi fór fækkandi til ársins 2003 þegar þeim tók að fjölga og náði íbúafjöldinn hámarki árið 2007 í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álversins á Reyðarfirði. Að loknum framkvæmdum fækkaði svo íbúum til ársins 2011 en hefur síðan þá fjölgað jafnt og þétt. Þrátt fyrir þessa fólksfjölgun hefur íbúum á Austurlandi sem hlutfalli af heildar íbúafjölda landsins fækkað úrtæplega 3,25% árið 2004 niður í 3% árið 2020. (Byggðastofnun, 2020).

2.2.3. Íbúafjöldi á landsvísu

Íbúum á Íslandi hefur fjölgað frá aldamótum fyrir utan fækkun árið 2010 sem rekja má til afleiðinga fjármálahrunsins. Á sama tíma hefur íbúapróun í Vopnafjarðarhreppi verið neikvæð fyrir utan þrjár uppsveiflur eftir hrunið. Annars virðist ekki vera nein fylgni á milli breytinga í íbúafjölda á landsvísu og í Vopnafjarðarhreppi.

Við upphaf tímabilsins voru íbúar í Vopnafjarðarhreppi 0,25% af íbúum landsins en 0,17% í lok þess.



Mynd 2:4 Þróun íbúafjölda í Vopnafjarðarhreppi (vinstri ás) borin saman við þróunina á Austurlandi (hægri ás). Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands.

2.2.4. Vopnafjarðarkauptún og dreifbýlið

Meirihluti íbúa í Vopnafjarðarhreppi búa í eina þéttbýli sveitarfélagsins eða um 78,5% af heildar íbúafjölda. Árið 2004 var hlutfallið um 76,1%. Síðan þá hefur hlutfallið verið á bilinu 77-79%.

Tafla 2.1 Hlutfall íbúa sem búa í Vopnafjarðarkauptúni.

	2004	2009	2014	2019	2024
Þéttbýlið	76,1%	78,0%	77,4%	78,6%	78,5
Sveitirnar	23,9%	22,0%	22,6%	21,4%	21,5

Ef horft á þróun íbúafjölda frá 2004 í þéttbýlinu og hins vegar í dreifbýlinu, hefur fækkunin verið um 9,5% í þéttbýlinu en 35,4% í dreifbýlinu. Fólksfækkun í sveitarfélaginu hefur því verið meiri í dreifbýlinu en í

þéttbýlinu. Er það í samræmi við þróun á búsetu á landinu öllu þar sem hlutfall íbúa í strjálbýli hefur farið minnkandi frá árinu 2000 samhliða fjölgun landsmanna.


2.2.5. Íbúaspá til 2040

Miðað við óbreyttar forsendur, svo sem án stórkostlegrar fjárfestinga í atvinnulífi og stórra breytinga í ytri aðstæðum, er spáð annaðhvort hóflegri fækkun eða fjölgun íbúa. Samkvæmt háspá verður íbúafjöldi mest um 833 íbúar árið 2040. Í lágspá er gert ráð fyrir frekari fækkun íbúa frá 2024 niður í 105 íbúa árið 2040. Miðspá gerir ráð fyrir nánast óbreyttum íbúafjölda, um 660 íbúum við upphaf árs 2040. (Einar Örn Hreinsson, 2023).

Af þessum spám má draga þá ályktun að veruleg fjölgun íbúa til 2040 sé fremur ólíkleg nema breytingar

verði á forsendum. Þá er einnig metið ólíklegt að veruleg fækkun á fjölda íbúa haldi áfram þar sem lágspá gerir ráð fyrir að íbúafjöldi í sveitarfélaginu verði 105 íbúar árið 2040. Slik sviðsmynd verður að teljast ólíkleg nema að algjört hrun verði í atvinnustoðum sveitarfélagsins, landbúnaði og fiskvinnslu.

Gert er ráð fyrir að miðspá sé líklegust að raungerast á skipulagstímabilinu og að íbúafjöldi verði á bilinu 650-700.



Mynd 2:5 Íbúafjöldi frá árinu 2004 og spá um íbúafjölda í Vopnafjarðarhreppi til ársins 2040. Byggt á gögnum frá Byggðastofnun. (Einar Örn Hreinsson, 2023).

2.3. Samsetning íbúa

2.3.1. Aldurs- og kynjaskipting

Fólksfjöldapíramídi eða aldurspíramídi, sýnir á myndrænan hátt hvernig íbúar í Vopnafjarðarhreppi skiptast eftir aldurshópum og kyni. Sjá má hvort ungu kynslóðirnar eru fjölmennari en forverar þeirra eða öfugt. Þetta veitir vísbendingar um hvernig líklegt er að framboð af fólki á vinnualdri breytist eða fjöldi eftirlaunaþega, skólabarna og svo framvegis.

Með því að horfa á stöðuna í upphafi tímabils og lok þess má sjá hvernig þróunin hefur verið á 20 ára tímabili sem gefur vísbendingar um samkeppnishæfni sveitarfélagsins gagnvart búsetu.

Íbúafjöldi er skipt niður í aldursflokka og kyn en birt sem hlutfall aldursflokka af heildarfjölda.

2.3.1.1. Íbúar í Vopnafirði og Austurlandi

Um aldamótin voru aldurshóparnir 20-24, 40-44, 45-49, 65-69, 70-74, 85-89 hlutfallslega stærri eða jafnstóri í Vopnafirði borið saman við Austurland.

Tuttugu árum síðar eru allir aldursflokkar yfir 55 ára sem eru hlutfallslega stærri en á Austurlandi. Sem bendir til þessa einkum hefur fækkað í aldurshópum undir 55 ára síðustu árin á undan.

Aldursflokkarnir sem voru hlutfallslega stærri um aldamótin (20-24, 40-44, 45-49, 65-69, 70-74, 85-89) virðast halda sér sem hlutfallslega stærri hópar 20 árum síðar.

Sjá samanburð á aldursdreifingu í Vopnafirði og Austurlandi árin 2000 og 2020 á mynd 2:6.

2.3.1.2. Íbúar í Vopnafirði og landinu öllu


Árið 2000 voru hlutfallslega fleiri íbúar á aldrinum 10-24 í Vopnafirði en hlutfallslega á landsvísi. Sömuleiðis var með aldurshópana 40-44 og 65-74 ára.

Tuttugu árum síðar eru það aldursflokkarnir 10-19 ára sem eru hlutfallslega álíka stórir eða stærri en almennt á landsvísi. Þá eru það allir aldursflokkar yfir 55 ára sem eru hlutfallslega stærri í Vopnafirði en á landsvísi.

Varðandi lögun aldurspíramíðanna almennt má sjá að hlutfall barna af heildarfjölda fer minnkandi og hlutfall eldri 50 ára fer hlutfallslega fjölgandi. Er það í samræmi breytingar í aldursdreifingu á heimsvísu.


Sjá samanburð á aldursdreifingu í Vopnafirði og á Íslandi árin 2000 og 2020 á mynd 2:7.

2004



□ KK Austurland ■ KK Vopnaf. □ KVK Austurland ■ KVK Vopnaf.


2024



□ KK Austurland ■ KK Vopnaf. □ KVK Austurland ■ KVK Vopnaf.


Mynd 2:6 Hlutfallsleg aldursdreifing íbúa í Vopnafirði árin 2004 og 2024, borin saman við aldursdreifingu íbúa á Austurlandi.

2004



□ KK landið allt ■ KK Vopnaf. □ KVK landið allt ■ KVK Vopnaf.

2024



□ KK landið allt ■ KK Vopnaf. □ KVK landið allt ■ KVK Vopnaf.

Mynd 2:7 Hlutfallsleg aldursdreifing íbúa í Vopnafirði árin 2004 og 2024, borin saman við aldursdreifingu íbúa á Íslandi.

2.3.2. Þjóðerni

Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg fjölgun á innflytjendum og flóttamönnum sem koma hingað til lands. Þjónusta sveitarfélaga við þessa hópa er enn í þróun og uppbyggingu (Samband íslenskra sveitarfélaga, á.d.).

Allt frá árinu 2000 hefur hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda í Vopnafjarðarhreppi verið lægri en á Austurlandi sem og landinu öllu. Hlutfallið var öllu jafna hærra á Austurlandi en á landinu öllu.

	2000	2010	2020
Vopnafjarðarhreppur	1,4%	2,5%	7,0%
Austurland	3,2%	8,0%	12,0%
Ísland	2,6%	6,8%	13,6%

Í Vopnafjarðarhreppi hefur orðið aukning í hlutfalli erlendra ríkisborgara frá 2000, úr 1,4% í 7,0% árið 2020. Hlutfallið er þó töluvert lægra enn í samanburði við bæði Austurland og landið allt.

2.3.3. Fjölskyldugerðir

Hagstofa Íslands brýtur niður íbúafjölda og flokkar eftir aldri, kyni og fjölskyldugerð. Þar eru fullorðnir, eða einstaklingar 18 ára eða eldri, flokkaðir eftir fjölskylduhögum. Athuga skal að í flokkinn einstaklingar fara sjálfkrafa allir einstaklingar við 18 ára aldur, burt séð frá því hvort þau búi í foreldrahúsum eða ekki (Hagstofa Íslands, á.á. a).

Til einföldunar er flokkunum hjónaband og óvígð sambúð skeytt saman í hjón/pör með eða án barna. Þá eru einstæðir foreldra með börn ekki flokkaðir eftir kyni.

Litið yfir árin 2000 til 2020, hefur fjölgað í hópnum „Einstaklingar“, hjón/par án barna og einstæðra foreldra með börn í Vopnafirði. Hlutfallsleg fækkun hefur átt sér stað í hópnum hjón/par með börn, sem innihélt um 46% fullorðinna árið 2000, en erum 36% fullorðinna árið 2020. Fjölgun í þessum báðum hópum er í samræmi við hækkandi meðalaldur í sveitarfélaginu. Samskonar mynstur hefur átt sér stað á Austurlandi sem og landinu öllu á tímabilinu.

Á landsvísu hefur hópurnir „Einstaklingar, 18+ ára“ farið stækkandi síðustu 20 ár ásamt hjónum/pörum án barna. Hjónum/pörum með börnum og einstæðum foreldrum með börnum hefur lítillega fækkað.

Helsta breytingin í Vopnafirði er sú að einstæðum foreldrum hefur fjölgað hlutfallslega og er nú nær landsmeðaltalinu, en var áður helmingi lægra en það. Þá er það komið yfir meðaltal einstæðra foreldra á Austurlandi en var áður í meira samræmi við það.

Tafla 2.2 Yfirlit yfir fjölskyldugerðir, samanbórið við skiptingu á Austurlandi og á landsvísu. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands (á.á. a).

	Árið 2000			Árið 2010			Árið 2020		
	Vopnafjörður	Austurland	Á landsvísu	Vopnafjörður	Austurland	Á landsvísu	Vopnafjörður	Austurland	Á landsvísu
Einstaklingar	28%	27%	28%	27%	30%	30%	30%	30%	35%
Hjón/par án barna	22%	20%	19%	29%	21%	20%	25%	24%	21%
Hjón/par með börnum	46%	48%	44%	38%	42%	40%	36%	40%	36%
Einstæð(ur) með börn	4%	5%	9%	6%	8%	10%	10%	6%	8%

3. ATVINNULÍF

Vopnafjörður nýtur góðra fiskimiða en er auk þess eitthvert besta landbúnaðarhérað á landinu. Undirlendi og ræktanlegt land er mikið, auk þess sem afréttir eru talðar góðar.

Byggð í Vopnafirði byggðist upp vegna góðra landgæða til landbúnaðar og stuttrar fjarlægðar á góð fiskimið. Síðan hefur sjávarútvegi vaxið fiskur um hrygg og er aðal atvinnugreinin í sveitarfélaginu í dag.

Þá gegnir Vopnafjörður mikilvægu þjónustuhlutverki á Vopnafjarðar- og Bakkafloasvæðinu.

Hjá Hagstofu Ísland er hægt að fá yfirlit yfir fjölda einstaklinga sem hafa fengið greidd laun, skipt eftir atvinnugreinum (samkvæmt ÍSAT2008-atvinnugreinaflokkun). **Tafla 3.1** sýnir yfirlit um hlutfallslegan fjölda launþega eftir atvinnugrein. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands. Sjá nánar um forsendur á heimasíðu stofnunarinnar (Hagstofa Íslands, 2022).

Breyting á samsetningu vinnumarkaðarins í Vopnafirði er mjög áþekk því sem sjá má á svipuðum stöðum víða um land. Hlutfallslegur samdráttur hefur orðið í landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu en aukning í opinberri þjónustu á móti.

Tafla 3.1 Fjöldi einstaklinga í Vopnafjarðarhreppi sem hafa fengið greidd laun, skipt eftir atvinnugreinum.
Athugið: meðaltöl yfir árið, fjöldi launþega getur verið mjög sveiflukenndur; 0% þýðir að færri en 10 einstaklingar eru á bakvið gögnin og þá eru engin gögn birt. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands (2022).

	2010	2015	2020
Landbúnaður og skógrækt	4,4%	4,5%	0,00%
Sjávarútvegur (veiðar og vinnsla)	27,7%	34,1%	29,54%
Framleiðsla án fiskvinnslu	9,2%	8,2%	3,38%
Byggingarstarfsemi, mannvirkjagerð og vinnsla hráefna úr jörðu	5,0%	3,0%	5,71%
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	10,5%	12,0%	5,07%
Flutningar og geymsla	5,4%	0,0%	5,66%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	1,7%	0,0%	0,80%
Fjármálastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	0,0%	0,3%	2,24%
Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta	42,7%	39,8%	40,62%
Önnur starfsemi	1,4%	1,4%	3,11%
Einkennandi greinar ferðaþjónustu	3,0%	0,8%	4,82%

3.1.1. Landbúnaður

Í Vopnafirði hefur löngum verið stundaður þróttmikill landbúnaður. Stærstu svæðin og jafnframt þau frjósömustu eru í Hofsárdal en einnig eru nokkur bú með ströndum Vopnafjarðar og í Selárdal og Vesturárdal. Áður var búið víða um sveitirnar og jafnvel á heiðunum upp af firðinum en mörg býli fóru í eyði á liðinni öld.

Margar bújarðir í sveitarfélaginu hafa hlunnindi af laxveiði í ám. Síðustu ár hafa fjársterkir aðilar keypt upp jarðir við árnar og þar með veiðiréttindin. Við það hafa margar jarðir lagst í eyði og búskapur lagst af. Hlunnindi jarða eru eign jarðeiganda en óheimilt er að skilja hlunnindi frá jörð. Því munu hlunnindi jarða, líkt og veiðihlunnindi, halda áfram að vera hluti af Vopnafirði.

Mest er um sauðfjárrækt og skilarétt er við Hofsá neðan við Teig. Einnig var nokkur mjólkurframleiðsla á svæðinu. Árið 1963 var stofnað mjólkursamlag sem sá um mjólkurframleiðslu fyrir Vopnafjörð, Bakkafjörð og Þórshöfn. Þar var einnig smjörgerð og frumframleiðsla á ostum. Með uppkaupum MS á mjólkursamlaginu árið 2005 var því lokað í júní 2006. Allri mjólk af svæðinu er nú ekið til Egilsstaða með mjólkurbíl.

Hrossaeign er talsverð í Vopnafirði og þar er starfandi hestamannafélagið Glófaxi. Hestamannafélagið hefur aðsetur sitt í hesthúshverfinu í Vesturárdal, í landi Norður-Skálaness skammt frá þéttbýlinu. Hefur starfinu vaxið fiskur um hrygg síðustu ár en hestagerði félagsins hefur dregið að sér fjölda fólks þegar boðið hefur verið uppá viðburði tengdu starfi þess.

3.1.1.1. Búfjáreigendur

Mest er um sauðfjárrækt í Vopnafirði en búfjáreigendum hefur farið fækkandi síðustu áratugi. Árið 2000 voru 42 búfjáreigendur skráðir með sauðfé en árið 2021 voru þeir orðnir 23, eða 45% færri. Svipaða sögu er að segja af bæði hrossarækt, 38 búfjáreigendur árið 2000 en 14 árið 2021. Það er um 63% fækkun. Árið 2000 voru skráðir 9 búfjáreigendur með nautgripi en 4 árið 2021, um 55% færri.

Sé litið til Austurlands hefur samskonar þróun átt sér stað en árið 2000 voru 290 búfjáreigendur skráðir með sauðfé en árið 2021 voru þeir orðnir 198, eða 31,7% færri. Hrossaeigendur voru 283 árið 2000 en 120 árið 2021, sem gerir 57,6% færri.

Á landsvísu hefur sauðfjáreigendum fækkað um 37,6% frá árinu 2000. Hrossaeigendum hefur fækkað um 39% á sama tíma (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, e.d.).

3.1.1.2. Búfé

Sé litið til fjölda búfénaðar er sauðfé lang algengast, á bilinu 4800-7300 dýr, á árunum 2000-2021. Minkarækt lagðist af árið 2016 en frá árinu 2000 voru tvö bú í Vopnafirði með 2800-3600 dýr. Engin alifuglarækt er í Vopnafirði.

Frá árinu 2000 hefur sauðfé fækkað um 28,8% í Vopnafirði, 18% á Austurlandi á sama tíma og um 17,2% á landsvísu. Á sama tíma hefur hrossum fækkað um 53% í Vopnafirði, 52,2% á Austurlandi og um 26,6% á landsvísu.

Nautgripum hefur fækkað um 47% í Vopnafirði, 4% á Austurlandi en fjölgað um 9,6% á landsvísu, á árunum 2000-2021 (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, e.d.).

3.1.2. Sjávarútvegur

Sjávarútvegur (veiðar og vinnsla) hefur spilað stórt hlutverk í mannlífi Vopnafjarðar frá upphafi byggðar. Töluvert útræði var seinni hluta 19. aldar og komu menn víða að til að sækja sjóinn þaðan. Með vélbátaútgerð upp úr aldarmótunum 1900 jókst enn sjósókn frá Vopnafirði en nokkuð háði það þessari atvinnugrein hvað hafnarskilyrði voru slök frá náttúrunnar hendi. Það batnaði þó með tilkomu varnargarðs upp úr miðri öld. Mikil umsvif voru í síldarsöltun á síldarárunum á 6. og 7. áratugnum og báta- og togaraútgerð hefur verið stunduð þaðan seinni hluta aldarinnar.

Stærsta fyrirtækið var Tangi hf., sem rak umfangsmikla útgerð og fiskverkun og því kjölfesta í atvinnulífi staðarins. Síðar sameinaðist fyrirtækið HB Granda sem í dag heitir Brim hf. Fyrirtækið gerir út togara og fjölveiðiskip og sérhæfir sig í vinnslu uppsjáfarfisks í Vopnafirði.

Góð aðstaða er fyrir trillur og aðra smábáta og er smábátaútgerð nokkur. Hafnarskilyrði eru orðin góð með bættri innsiglingu og grjótnargörðum og er nú unnið markvisst að stækkun viðlegurýmis, til þess að bæta viðleguskilyrði í höfninni. Mesta dýpi við höfnina er 10 metrar miðað við stórstraumsfjöru.

Mikil uppbygging sjávarútvegur hefur átt sér stað síðustu árin, á hafnarsvæðinu. Er svo komið að mest allt landsvæði á hafnarsvæðinu er fullbyggt. Það verður því áskorun til framtíðar að bæta aðstöðu og koma frekari uppbyggingu fyrir á svæðinu.

3.1.3. lðnaðar- og athafnastarfsemi

lðnaðar- og athafnastarfsemi, önnur en fiskvinnsla, er nokkur í sveitarfélaginu. Í Vopnafirði er sláturhús og alhliða þjónusta við landbúnað og sjávarútveg. Einnig er þar rekin steypustöð, bifreiða-, dekkja-, véla-, trésmíða-, neta-, og rafmagnsverkstæði. Bæði Rarik og Vegagerðin halda úti starfstöðvum á athafnasvæði við Búðaröxl.

3.1.4. Opinber þjónusta

3.1.4.1. Fræðslustarfsemi

Vopnafjarðarhreppur býður börnum og ungmennum sínum upp á góða og trausta menntun. Í sveitarfélaginu er grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli og framhaldsdeild í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum.

Hjarta menntunar í Vopnafirði er við Lónabraut í þéttbýlinu, þar sem leikskólinn Brekkubær og Vopnafjarðarskóli eru staðsett, á móti hvort öðru. Húsnæði Vopnafjarðarskóla er nýtt undir grunnskólakennslu, bókasafn og tónlistarskóla.

3.1.4.2. Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Heilsugæslustöðin Vopnafirði er rekin af Heilbrigðisstofnun Austurlands, HSA. Á heilsu-gæslu-stöð-inni, við Laxdalstún, starfar læknir, hjúkrunarfræðingur og svo er þar tannlæknaþjónusta. Vopnafjarðarhreppur rekur lyfsölu fyrir íbúa.

Hjá Vopnafjarðarhreyppi starfar iðjuþjálfar sem þjónustar ýmsa hópa innan sveitarfélagsins. Starf iðjuþjálfara er víðfeðmt en felst m.a. í því að þjálfar, leiðbeina og endurhæfa.

Iðjuþjálfar sveitarfélagsins skiptir verkum sínum milli leikskóla, grunnskóla og öldrunarþjónustu.

3.1.4.2.1. Hjúkrunarheimilið Sundabúð

Vopnafjarðarhreppur sér um rekstur hjúkrunarheimilisins Sundabúðar. Á Sundabúð eru legurými fyrir 10–12 manns.

Á efri hæð byggingar hjúkrunarheimilisins eru þjónustuíbúðir sem sveitarfélagið leigir út.

3.1.4.2.2. Félagsþjónusta

Sveitarfélagið tryggir margvísleg félagsleg úrræði fyrir íbúa sína. Vopnafjarðarhreppur á í samstarfi við Múlaþing um rekstur félagsþjónustu, sveitarfélagið á íbúðir sem leigðar eru út sem félagslegt húsnæði og veitir fjárhagsaðstoð til þeirra er þurfa.

3.1.4.3. Opinber stjórnsýsla

Skrifstofa Vopnafjarðarhrepps er við Hamrahlíð 15. Skrifstofan sér um stjórnsýslu fyrir Vopnafjörð, bæinn og sveitirnar í kring sem tilheyra sveitarfélaginu.

Á skrifstofunni hefur starfsfólk sveitarfélagsins starfsaðstöðu, en hluti þjónustu er keyptur af einkaaðilum, svo sem starfsemi byggingarfulltrúa að hluta, auk sérfræðivinnu ýmiss konar. Félagsþjónusta er í höndum Félagsþjónustu Múlaþings.

Við Lónabraut 2 er útibú Sýslumannsins á Austurlandi en hann situr á Seyðisfirði.

3.1.4.4. Neyðar- og öryggisþjónusta

Vopnafjörður er í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi sem hefur aðsetur á Eskifirði. Umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi er víðfeðmt með sex starfsstöðvar; á Eskifirði, Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað, á Djúpavogi og Vopnafirði. Í Vopnafirði er lögreglustöð við Lónabraut 2.

Slökkvistöðin í Vopnafirði er við Búðaröxl. Brunavarnir sveitarfélagsins eru á höndum Brunavarna á

Austurlandi sem er er sameiginlegt rekstrarfélag þriggja sveitarfélaga: Fljótaldalshrepps, Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps. Brunavarnir á Austurlandi reka tvo þjónustubíla fyrir stjórnendur og eru með tvær skrifstofur, á Egilsstöðum en þar er aðalstöðin og í Vopnafirði þar sem aðstoðarslökkviliðsstjóri er búsettur.

Björgunarsveitin Vopni tilheyrir Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Aðstaða sveitarinnar er í Vogabúð, er stendur rétt ofan hafnarinnar. Sveitin er allvel tækjum búin og félagarnir vel þjálfaðir. Vopnfirðingar hafa löngum verið stoltir af sveit sinni og stutt hana með ráð og dáð.

3.1.5. Ferðapjónusta

Ferðapjónusta á Íslandi hefur vaxið gríðarlega síðustu ár og þrátt fyrir heimsfaraldur virðist engin lát vera á vinsældum Íslands sem ferðastað, sé horft til fjölda ferðamanna (Ferðamálastofa, e.d.).

Samkvæmt gagnagrunni um ferðapjónustuaðila hjá Ferðamálastofu, eru skráðir 13 aðilar eða þjónustustaðir í Vopnafjarðarhreppi, af 4000 á landinu öllu. (Ferðamálastofa, e.d.). Ferðapjónusta er því enn smá í sniðum í Vopnafirði, borið saman við landsvísu.

Samkvæmt BA ritgerð frá 2012 er viðhorf heimafólks í Vopnafirði til ferðapjónustu mjög jákvætt og þolmörkum ekki náð. Heimafólk vill aukinn fjölda ferðamanna til svæðisins. Menningararfleið Vopnafjarðar var talin besti kosturinn sem aðdráttarafl og afþreying tengd náttúru þar á eftir (Berghildur Fanney Hauksdóttir, 2012). Þessar niðurstöður eiga einna helst enn við í dag.

Árið 2016 ákvað sveitarstjórn Vopnafjarðahrepps að unnin yrði tillaga til ráðherra um að gera elsta hluta byggðarinnar að verndarsvæði í byggð, enda hefur byggðin slíkt gildi hvað varðveislunni svipmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ákvörðun sveitarstjórnarinnar samræmist lögum um verndarsvæði í byggð. Tveimur árum síðar ákvað sveitarstjórn, í kjölfar samþykktar skipulags- og umhverfisnefndar, að hefja deiliskipulag fyrir miðbæinn sem byggi á tillögu að verndarsvæði í byggð, með það að markmiði að auka aðdráttarafl miðbæjarins fyrir bæði gesti og íbúa. Tillaga að verndarsvæði í byggð var auglýst ásamt deiliskipulagið miðbæjarins, vorið 2023. (YRKl arkitektar, 2022).

Það er almennt viðhorf íbúa í dag að tækifæri eru til staðar fyrir auknum fjölda gesta á svæðið þar sem sérkenni staðarins séu virkjuð sem aðdráttarafl.

4. GRUNKERFIN

4.1.1. Vopnafjarðarhöfn

Í Vopnafjarðarhöfn er öll almenn hafnarþjónusta veitt. Mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár við höfnina. Hæst ber bygging brimvarnargarðs milli Miðhólma og Skipshólma en framkvæmdin hefur gjörbreytt aðstæðum innan hafnar ásamt nýjum viðlegukanti. Unnið er að lengingu á viðlegukantinum.

4.1.2. Vegasamgöngur

Tvær akleiðir eru á milli Múlapings og Vopnafjarðar. Önnur liggur um Möðrudalsöræfi og Vopnafjarðarheiði um nýlegan Norðausturveg, í 460 metra hæð. Hin leiðin liggur um Hellisheiði í 655 metra hæð yfir sjávarmáli. Vegurinn þar er skilgreindur sem sumarvegur og má reikna með að hann sé akfær frá því í maí og fram í október.

Aðkoma að kaupúninu í Vopnafirði er um Norðausturveg, sem liggur frá Hringvegi nr. 1 á Möðrudalsöræfum um Vopnafjarðarheiði, niður Vesturárdal og eftir Tanganum (Kolbeinstanga). Um miðjan tangann heldur vegurinn áfram norður yfir á Langanesströnd.

4.1.2.1. Jarðgöng

Allt frá aldamótum hafa jarðgöng um Hellisheiði eystri komið til tals sem möguleg samgöngubót. Göngin myndu stytta leiðina milli Héraðs og Vopnafjarðar um 45,8 km miðað við nýlega leið um Vopnafjarðarheiði. Ýmsar útfærslur hafa verið skoðaðar varðand nánari staðsetningu og hæð yfir sjávarmáli. Áætlað er að gangnamunar myndu vera í 40-140 m hæð. Samanborið við Norðausturveg um Vopnafjarðarheiði sem er í 460 metra hæð.

Jarðgöng milli Vopnafjarðar og Jökuldals myndu valda því að Vopnafjörður verður ekki lengur eins og endastöð utan hringvegarins, og yrði innan ásættanlegrar vegalengdar frá Mið-Austurlandi með tilliti til þjónustusóknar allan ársins hring. Fyrir ferðapjónustu verður því til hringleið frá Héraði um Vopnafjörð og norðausturhornið.

Enda þótt notendur sem hafa ávinning af göngunum séu ekki margir mun tímasparnaður og þar með lækkun ferðakostnaðar verða veruleg. Auk þess verður ekki lengur um fjallvegi að fara og öryggi því verulega bætt í vetrarferðum. Vopnafjörður og Bakkafjörður munu tilheyra þjónustusvæði Mið-Austurlands í ríkari mæli og mun það e.t.v. valda aukinni samkeppni við heimaþjónustu þar. Svæðið norðan Hellisheiðar eystri mun færast frekar inn á ferðamannasvæði Austurlands. Of langt er þó á milli Vopnafjarðar og Egilsstaða til þess að staðirnir nái saman sem atvinnusvæði. Göng um Hellisheiði munu bæta þjónustustig og ýmis lífsskilyrði í sveitarfélögunum norðan Hellisheiðar.

Helsta breyting vegna þessara jarðganga á samfélag og lífsgæði verður sú að fyrir íbúa Vopnafjarðar og Langanesbyggðar aukast tengsl við Hérað mikið, svo og samskipti milli svæðanna. Í auknum lífsgæðum felst m.a. að þjónusta og verslun á Egilsstöðum verður aðgengileg þeim allt árið.

Vopnafjörður og Bakkafjörður hafa verið talsvert einangraðir yfir veturna og er þjónustusókn talsverð til Akureyrar, en líklegt er að hún muni minnka með göngum og þjónustusókn til Egilsstaða að aukast í staðinn.

Þá er vert að hafa í huga að göng yfir til Héraðs kunna að hafa áhrif á framtíð flugs til Vopnafjarðar þar sem Egilsstaðaflugvöllur verður innan ásættanlegrar akstursfjarlægðar. Á móti verður aðgengi gott að Egilsstaðaflugvelli sem býður upp á reglulegt flug til Reykjavíkur. Gott aðgengi til höfuðborgarinnar er nauðsynlegt hverju byggðarlagi og beinlínis eitt af megin markmiðum samgönguáætlunar.

Göngin fela í sér gífurlega styttingu ekki bara fyrir Vopnafjörð við Mið-Austurland heldur líka Þórshöfn og allt norðausturhornið. Með þeim mætti búast við stóru auknum samskiptum milli norður- og miðsvæðis Austurlands því álíka langt yrði frá Þórshöfn til Húsavíkur og Egilsstaða. (Hjalti Jóhannesson; Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2022).

4.1.3. Flugsamgöngur

4.1.3.1. Vopnafjarðarflugvöllur

Um fjóra km frá byggðinni í Vopnafirði er Vopnafjarðarflugvöllur á bökkum Hofsfár. Þangað er reglulegt áætlunarflug, fimm sinnum í viku. Flogið er frá Akureyri og um Þórshöfn.

Óreglubundið flug hefur verið til Vopnafjarðar með einhverjum hætti frá árinu 1954. Í upphafi frá Reykjavík á vegum Björns Pálssonar, en um 1960 hófst áætlunarflug frá Akureyri, fyrst flugfélag á vegum Tryggva Helgasonar, er síðar varð Flugfélag Norðurlands, og frá 1997 Flugfélag Íslands.

Frá Egilsstöðum hófst, á vegum Björns Pálssonar, flug sem haldið var úti að sumarlagi (frá 1960 til 1968). Frá 1970 flaug Austurflug og frá 1972 Flugfélag Austurlands til 1997 er félagið hætti starfsemi.

Daglegar flugferðir voru frá Akureyri og/eða Egilsstöðum frá árinu 1988, en hefur fækkað síðan, er nú flogið virka daga vikunnar.

Land fékkst fyrir flugbraut árið 1953 en framkvæmdir hófust ári síðar. Flugbrautin var búin föstum ljósum um 1974. Flugbrautin er í dag með bundnu slitlagi.

Fyrsta farpegaskýlið var sett upp árið 1954, en núverandi flugstöð er líklega 4. byggingin. Flugstöðin er 215 m² að flatarmáli á einni hæð, með áföstum flugturni. Hún getur annað 50 manns og var tekin í notkun árið 1988.

4.1.4. Fjarskipti

4.1.4.1. Farsímasamband

Almennt er gott farsímasamband við byggð í Vopnafirði. Uppi á heiðum getur farsímasamband verið stopult.

4.1.4.2. Ljósleiðari

Lagður hefur verið ljósleiðari í Vopnafirði sem er tengdur inn á heimili í dreifbýli og þéttbýlinu.

4.1.5. Veitur

4.1.5.1. Vatnsveita

Vatnsveita Vopnafjarðar veitir íbúum og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu neysluvatn.

Vatn er tekið úr lindum í Svínabakkahlaupi í hlíðum austurfjalla Vopnafjarðar fyrir ofan Rauðhóla. Langoftast er nægilegt vatn í lindunum og rennur þá úr tönkum á yfirfalli. Í slæmum vatnsárum getur rennsli úr lindunum meira en helmingast seinni hluta vetrar og þá er gripið til þess ráðs að dæla inn á veiturnar úr gömlum borholum í eyrum Vesturdalsár.

Eldra vatnsból sem notað er til vara er í landi Torfastaða, nærri landamerkjum Torfastaða og Ljótstaða en þar eru tvær borholur.

4.1.5.2. Hitaveita

Aðeins ein hitavatnssuppspretta er þekkt í Vopnafirði, í Selárdal þar sem sundlaug Vopnafjarðarhrepps er. Boraðar hafa verið hitastigulsholur m.a. í Selárdal í þeim tilgangi að finna nýtanlegt vatn án nægjanlegs árangurs. Einnig hefur verið reynt að auka vatnsmagnið við Selárdalssundlaug með borun nokkrum sinnum með litlum árangri.

4.1.5.3. Fráveita

Fráveitukerfið í Vopnafirði er blandkerfi. Mjög fá hús eru tengd rotþróm í þéttbýlinu. Ástand holræsakerfisins er talið vera í samræmi við aldur þess og það sem víða þekkist hér á landi. Vitað er af leka í kerfinu og einnig er vatni úr nokkrum lindum veitt inn í það. Á svæðinu er mjög öflug matvælavinnsla. Ber þar helst að nefna fiskvinnslu og sláturhús.

Matvælavinnsla er að jafnaði sú starfsemi sem notar einna mest vatn og þar með sú starfsemi skilar mestu í fráveitukerfið. Í Vopnafirði eru atkvæðamestu fyrirtækin; Brim hf. sem rekur fiskimjölsverksmiðju, fiskvinnslu ásamt frystingu á uppsjávartegundum; Sláturfélag Vopnfirðinga sem slátrar sauðfé og stórgripum frá sveitunum í kringum Vopnafjörð.

Engin hreinsi- eða dælustöð fráveitu hefur verið reist í Vopnafirði en til stendur að reisa eina slíka skammt frá hafnarsvæðinu, þar sem helstu stórnotendur eru staðsettir.

4.1.5.4. Rafmagn

Vopnafjarðarhreppur er á rafhitunarsvæði þar sem húsnæði er undantekningar lítið hitað upp með rafmagni. Vararafstöð er við þéttbýlið sem er keyrð með olíu þegar mikið álag er á raforkukerfinu eða skerðing verður á afhendingu rafmagns. Sveitarfélagið

hefur aðeins eina tengingu við flutningskerfi Landsnets.

Vopnafjarðarlína 1 liggur frá Lagarfossstöð í Héraði. Línar þverar Hellisheiði eystri og fer niður Fagradal, og upp Skinnugil og upp fjallið Búr. Ofan af Hellisheiði eystri þverar línar Böðvarsdal utarlega og liggur svo inn Vopnafjörð og í tengivirki norðan megin við fjörðinn. Línar er eina tenging Vopnafjarðar við meginflutningskerfi Landsnets. Vopnafjarðarlína var tekin í notkun árið 1980 og stendur á tréstaum meiri hluta leiðarinnar. Nýlega var um 9,4 km hluta línunnar lagður í jörð um Hellisheiði.

Rarik sér síðan um dreifingu rafmagns innan sveitarfélagsins frá tengivirki Vopnafjarðarlínu.

Verið er að reisa 6 MW vatnsaflsvirkjun í Þverá í Vopnafirði. Þverá á upptök í Smjörfjöllum og rennur síðan út í Hofsa. Virkjunin verður eina rafmagnsframleiðslan í sveitarfélaginu, fyrir utan olíuknúna vararafstöð fiskvinnslu Brims hf., á hafnarsvæðinu.

Á síðustu árum hefur borið á því að raflínur og innviðir flutningskerfa hafa gefið undan í fávörð.

Reynsla síðustu ára í raforkumálum hefur sýnt fram á kosti þess að hafa aukna orkuframleiðslu sem næst notendum.

II. HLUTI STEFNUMÓTUN & UMHVERFISMAT

5. MÓTUN STEFNU

5.1. Endurskoðun aðalskipulags

Um er að ræða heildarendurskoðun á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps. Fyrri aðalskipulag sveitarfélagsins er ætlað að gilda til ársins 2026 og var staðfest í október 2008. Síðan þá hafa orðið verulegar breytingar á lagaumhverfi sem snýr að skipulagsmálum, þar á meðal breytingar á skipulagslögum, lögum um náttúruvernd, mannvirkjalögum og lögum um menningarminjar.

Auk þess stendur sveitarfélagið frammi fyrir nýjum áskorunum sem ekki var tekið á í eldra skipulagi. Má þar nefna áhrif loftslagsbreytinga, þróun í ferðaþjónustu, breytta nýtingu landbúnaðarsvæða og nýjar áskoranir í orku- og auðlindamálum. Þá hefur ríkisvaldið fært sveitarfélögum ný verkefni og skyldur sem þarf að taka tillit til í aðalskipulagi, svo sem flokkun landbúnaðarlands og verndun vega í náttúru Íslands.

Með þessari nýju aðalskipulagstillögu er brugðist við þessum áskorunum með skýrum stefnum, leiðbeinandi tilmælum og ákvæðum sem miða að sjálfbærri þróun og verndun náttúru og samfélags.

Helstu áherslur í nýju aðalskipulagi:

- **Framtíðarhorfur í atvinnulífi:** Horfið hefur verið frá áformum um uppbyggingu í tengslum við vinnslu á Drekasvæðinu, sem áður var gert ráð fyrir í skipulaginu.
- **Loftslagsbreytingar:** Þrátt fyrir óvissu um áhrif óðahlýnunar eru sett viðmið og stefna til að bregðast við mögulegum breytingum á veðurfari og umhverfi.
- **Landbúnaður og bújarðir:** Gerð er grein fyrir flokkun landbúnaðarlands og skógrækt skilgreind sem aukabúgrein.
- **Ferðaþjónusta:** Tjaldsvæði bæjarins verður flutt og gert er ráð fyrir nýju hóteli til að mæta aukinni eftirspurn.
- **Orkumál:** Sérskilmálar eru settir um smávirðjanir, sólarcellur og örvirkjanir á óbyggðum svæðum.
- **Verndun náttúrugæða:** Skilmálar eru settir um verndun náttúrulegs birkiskóglendis og annarra lykilvistkerfa.
- **Efnistaka og námur:** Námusvæði hafa verið endurmetin og sett er hámarks magn fyrir efnistöku ásamt skýrum skilmálum.
- **Skógrækt:** Sett eru ákvæði og stefna um útgáfu leyfa fyrir skógræktarverkefni.

5.2. Undirstaða stefnumótunar

Undirstaða og megin undirtónn við stefnumótun aðalskipulags er hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun:

- Að þróun mæti kröfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.
- Að þróun auki efnahagsleg verðmæti um leið að gæðum náttúrunnar er viðhaldið ásamt því að mannréttindi eru efl.

Sjálfbær þróun byggir á þremur meginstoðum: vistfræðilegri (náttúra), félagslegri (samfélag) og efnahagslegri (efnahagur).

Þó megin markmið stefnunnar um sjálfbærrar þróunar miði að því að finna snertiflöt þessara stoða er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hver stoð er innbyrðis tengd og að samfélag og efnahagur eru háð náttúrunni. Náttúran mun áfram þrífast með eða án mannkyninu en samfélag mannkyns verðu ekki til án náttúru og vistkerfa þeim í hag. Þá verður efnahagur ekki til án góðra náttúrugæða og samfélaga sem búa til verðmætin.

Við stefnumótun aðalskipulagsins er því horf til þess að styrkja samfélagið og efnahaginn án þess að ganga á endurheimt vistkerfa.

5.2.1. Hringrásarhagkerfið

Stefnumótunin er einnig undir áhrifum hugmynda hringrásahagkerfisins.

Hugmyndin um hringrásarhagkerfið byggir á að veita íbúum aukin lífsgæði án þess að slíta út auðlindum jarðar og gæta að náttúrulegri endurnýjun þeirra.

Í hringrásarhagkerfi er horft til þess að endurnýta hráefni aftur þannig að dregið verði úr sóun og förgun. Gera meira með minna.

Hringrásahagkerfi auðveldar að ná loftslagsmarkmiðum en styður einnig við aukna samfélagsvitund þar sem betri nýting, endurnýjun og endurnotkun elur á samstarfi og aukinni samnýtingu hluta. Með því að deila, endurnýta og hjálpast að til að draga úr sóun og óþarfa neyslu. Þannig getur breytt neysluhegðun leitt til minna álags á umhverfið og á sama tíma aukið samstöðu meðal fólks. Gott dæmi um þetta er að deila notkun á verkfærum og koma nothæfum fötum til þeirra sem geta notað þau áfram.

5.2.2. Leiðarljós og meginstefnur

Með hugmyndafræðina um sjálfbæra þróun og hringrásahagkerfið í huga stefnir Vopnafjarðarhreppur að eflingu samfélags og umhverfis svo hvort tveggja vaxi og dafni til framtíðar.

Eftirfarandi leiðarljós eru lögð fram:

- Íbúar í Vopnafirði búa við góða þjónustu alla ævi. Hér er gott að ala upp börn og eftirsóknarvert að eyða ævikvöldinu.
- Gott framboð er af fjölbreyttu húsnæði fyrir íbúa og atvinnulífið.
- Sveitarfélagið er lofað fyrir heilsusamlegt, snyrtilegt og fallegt umhverfi sem er grunnurinn að lífsgæðum íbúa.
- Gengið er um náttúruna af virðingu og auðlindir eru nýttar með sjálfbærum hætti.
- Virðing er borin fyrir sögunni og arfleiddinni.
- Fjölbreytt atvinnulíf er í Vopnafirði, þar sem sjávarútvegur er grunnstoð sem leiðir af sér ýmis störf.
- Kjöræðstæður eru fyrir smáidnað, nýsköpun og listir til að blómstra á staðnum.
- Ferðaþjónusta byggir á sérkennum staðarins, friðsældinni að vera úr alfaraleið og nálægðinni við heiðarnar.
- Traustir innviðir eru forsenda fyrir auknum lífsgæðum íbúa og fjölbreyttu atvinnulífi.

Viðfangsefnum og málaflokkum aðalskipulags er skipt í fjóra yfirflokka: umhverfi & auðlindir, samfélag, atvinnulíf og grunnkerfin.

Settar eru meginstefnur fyrir hvern yfirflokk sem byggja á leiðarljósum aðalskipulagsins:

Umhverfi og auðlindir:

Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa

Samfélag:

Góðum lífsgæðum íbúa viðhaldið

Atvinnulíf:

Veitum svigrúm fyrir stöndugt atvinnulíf

Grunnkerfin:

Tryggjum trausta innviði

Meginstefnur eru útfærðar nánar í greinargerð aðalskipulagsins.

5.3. Viðfangsefni sem ekki er fjallað um

Við mótun stefnu og val á viðfangsefnum var ákveðið að fjalla ekki um:

- Miðhálandi Íslands**
Miðað við afmörkun miðhálandisins, eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu 2015-2026, ná mörkin örlítið inn fyrir sveitarfélagið. Ekki er fjallað sérstaklega um miðhálandið. Aftur á móti er fjallað um heiðarnar og óbyggð svæði sem órjúfanlegan hluta af hálendinu, enda oft erfitt að skilgreina mörk þess.
- Verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun)**
Engar virkjanir eru í sveitarfélaginu sem hafa lokið málsmeðferð í rammaáætlun.
Fjallað er um orkuvinnslu almennt í stefnu sveitarfélagsins og settir sérskilmálar.

5.4. Samræmi við aðrar stefnur

Við stefnumótun aðalskipulagsins var horft til annarra áætlana og stefnuskjala sem kunna að tengjast gerð og/eða framfylgd skipulagsins.

Leitast var eftir að tryggja samræmi við aðrar áætlanir en sé það ekki fært verður gerð grein fyrir því og mögulegu ósamræmi.

	Gott samræmi
	Samræmi að vissu marki
	Ósamræmis gætir

5.4.1. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015, þar á meðal Íslands. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila þar á meðal sveitarfélaga landsins. Því er mikilvægt að sveitarfélög leitist við að samræma hugmyndir sínar og aðgerðir við markmiðin.

> Sjá nánar um heimsmarkmiðin:
[Heimsmarkmiðin - markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun](#)

Rétt eins og í stefnu aðalskipulagsins, er undirstaða og megin undirtönn Heimsmarkmiðanna, hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun og því meira en minna samhljómur þar á milli.

Í töflunni hér eftir er farið fyrir samræmi aðalskipulagsins við Heimsmarkmiðin.

Stefna aðalskipulags	Heimsmarkmið sem tengjast stefnu	Samræmi
Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa	Markmið 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum Bráðaaðgerðir gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.	 Gott samræmi þar sem stefnan er að leita leiða til að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda í sveitarfélaginu og draga úr losun þeirra. Þar sem óvissa um áhrif loftslagsbreytinga eru mikil er stefnt að frekari gagnaöflun til að undirbúa sveitarfélagið undir hraðar breytingar í veðurfari vegna loftslagsbreytinga.
	Markmið 14 – Líf í vatni Vernda og nýta hafið og auðlindir sjávar á sjálfbæran hátt.	 Gott samræmi þar sem settir eru skilmálar um verndun strandlengjunnar og sjávar gegn mengun frá landi.

	Markmið 15 - Líf á landi Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.		Gott samræmi. Við uppgræðslu skulu markmið sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi, m.a. við val á plöntum og trjategundum til gróðursetningar. Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Ýmis tækifæri eru til staðar í skógrækt í Vopnafirði, sér í lagi ef horft til möguleika á samlegðaráhrifum með útivist, skjólmyndun og uppgræðslu. Uppfylla þarf ákveðin skilyrði til að stofna til nýræktar, gagngert til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
<i>Góðum lífsgæðum íbúa viðhaldið</i>	Markmið 3 - Heilsa og vellíðan Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar.		Gott samræmi þar sem sett eru markmið um að bjóða upp á góða aðstöðu fyrir íþróttir og daglega hreyfingu.
	Markmið 11- Sjálfbærar borgir og samfélög Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg.		Gott samræmi. Reynt er að tryggja nægilegt lóðaframboð svo það standi ekki á sveitarfélaginu að hefja byggingu nýrra íbúða. Einnig að fjölbreyttar gerðir íbúða séu í boði. Þá er áhersla á að bjóða upp á góða þjónustu á efri árum.
<i>Veitum svigrúm fyrir stöndugt atvinnulíf</i>	Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla		Gott samræmi. Sett eru markmið um að bjóða upp á vinnu án staðsetningar og sutt við vinnuframboð allt árið.
	Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun		Gott samræmi þar sem horft er til þess að í sveitarfélaginu sé í boði góð aðstaða fyrir smáíðnað og nýsköpunar starfsemi.
<i>Tryggjum trausta innviði</i>	Markmið 3 - Heilsa og vellíðan Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging Markmið 11- Sjálfbærar borgir og samfélög Markmið 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum Markmið 14 – Líf í vatni Markmið 15 - Líf á landi		Bæði ósamræmi og samræmi. Uppbygging innviða hefur allan jafna neikvæð áhrif á lífríki en settir eru skilmálar til að draga úr þeim áhrifum. Engu að síður mun stefnan leiða til aukins álags á líf í vatni og á landi. Ákveðið ósamræmi er því við markmið nr. 14 og 15 til skemmri tíma lítið. Uppbygging grunnkerfa getur verið forsenda fyrir öðrum framkvæmdum eða fyrir aðgerðum sem ætlað er að hafa jákvæð áhrif á aðra umhverfisþætti. Þá er uppbygging innviða öllu jafna til stuðnings, og jafnvel forsenda, til frekari ávinnings samfélagsins eða atvinnulífs. Dæmi um þetta er t.d. rafvæðing samgangna sem kallar á aukna uppbyggingu innviða en leiðir til minni losunar.

5.4.2. Stefnur og áætlanir á landsvísu

5.4.2.1. Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu í skipulagsmálum fyrir landið í heild til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um þróun byggðar og landnýtingu. Stefnunni er síðan framfylgt í gegnum skipulagsgerð sveitarfélaga.

Félags- og húsnaðismálaráðuneytið hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnunnar í samstarfi við einstök ráðuneyti, eftir því sem við á, og Skipulagsstofnun.

Sjá vefinn landsskipulag.is fyrir nánari upplýsingar um mótun og framfylgd stefnunnar.

Í landsskipulagsstefnu 2024-2038 eru sett fram þrjú markmið stjórnvalda í skipulagsmálum, sem öll byggja á sjálfbærri þróun:

- a) **Markmið um vernd umhverfis og náttúru**, snýr að heilnæmi umhverfis og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Áhersla er á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.
- b) **Markmið um velsæld samfélags**, snýr að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Áhersla er á loftslagsaðlögun sem leiðarljós í skipulagi og seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.
- c) **Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf**, snýr að samkeppnishæfni samfélags og eflingu atvinnulífs, hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði. Áhersla er á kolefnis-hlutleysi sem leiðarljós í skipulagi með aukinni bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Undir hverju markmiði eru settar fram áherslur ásamt tilmælum um framfylgd þeirra fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga.

Auk þess er sett fram aðgerðaráætlun þar sem lagðar eru fram aðgerðir sem tengdar eru áherslum stefnunnar og er ætlað að ná fram markmiðum hennar. Aðgerðirnar miða einkum að því að gera skipulagsgerð sveitarfélaga skilvirkari með bættu aðgengi að grunngögnum og leiðbeiningum, tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun þar sem tekið er mið af mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga á samfélög og innviði.

Tilmælin eiga ýmist við um skipulag á miðhálendi (M), í dreifbýli (D), í þéttbýli (Þ) og á haf- og strandsvæðum (H). Að auki felur stefnan í sér aðgerðaáætlun til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd. Hér er einblínt á dreifbýli (D) og þéttbýli (Þ) eftir því sem við á.

A) Markmið landsskipulagsstefnu um vernd umhverfis og náttúru		
Stefna aðalskipulags	Áherslur landsskipulagsstefnu	Samræmi við aðalskipulag
-Umhverfi og auðlindir: Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa- Gengið er um náttúruna af virðingu og auðlindir eru nýttar með sjálfbærum hætti. Virðing er borin fyrir sögunni og arfleiddinni. - Tryggjum trausta innviði- Traustir innviðir eru forsenda fyrir auknum lífsgæðum íbúa og fjölbreyttu atvinnulífi.	Áhersla A.1: Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi. Dreifbýli/ þéttbýli 1. Við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um loftslagsmál. Hún feli í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. (M, D, Þ, H) 2. Skipulag miði að eins miklum og skjótum árangri og kostur er við að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda. (M, D, Þ, H) 3. Skipulagsákvæði um þróun byggðar, samgöngur og landnotkun verði útfærð og, eftir því sem við á, sett mælanleg markmið um árangur í loftslagsmálum. (M, D, Þ, H) 4. Umhverfismat skipulagsáætla feli í sér mat á loftslagsáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar, samgangna og landnotkunar, sem til greina koma. (M, D, Þ, H) 5. Í skipulagi skuli horfa til losunar frá landi og landnotkun og áhrifa ólíkrar landnotkunar á getu jarðvegs og gróðurs til að binda kolefni. Nýtt verði besta fánlega þekking á samspili landnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda. (M, D, Þ, H) 6. Skipulag taki mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og bestu fánlegu leiðbeiningum um loftslagsmiðað skipulag. (M, D, Þ, H)	Hluta til í samræmi - Skipulag sveitarfélagsins byggir á markmiðum um kolefnishlutleysi og orkuskipti, þar sem dregið er úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlað að aukinni kolefnisbindingu. - Í skipulagsákvæðum er ekki gert ráð fyrir mælanlegum markmiðum um árangur í loftslagsmálum. - Kolefnisbinding er eflað með stóru skógræktarverkefnum og landgræðslu, þar sem val á tegundum og aðferðafræði tekur mið af sjálfbærni og verndun náttúruverðmæta. - Í skipulaginu er einnig gert ráð fyrir aðlögun að loftslagsbreytingum með áhættugreiningu og mótun loftslagstefnu.
	Áhersla A.2: Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum. Dreifbýli 3. Í skipulagi í dreifbýli verði, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur. (D) 4. Við skipulagsgerð verði gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti, svo sem hleðslustöðvum, sem styðja við orkuskipti í samgöngum á landi, í íbúðarhverfum, á atvinnusvæðum, við hafnir, stofnvegi, á sjó og í lofti. (D, Þ) Þéttbýli 4. Við skipulagsgerð verði gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti, svo sem hleðslustöðvum, sem styðja við orkuskipti í samgöngum á landi, í íbúðarhverfum, á atvinnusvæðum, við hafnir, stofnvegi, á sjó og í lofti. (D, Þ) 5. Í skipulagi í þéttbýli verði hugað að innviðum fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur. (Þ)	

	6. Við skipulagsgerð verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gatnakerfi og hönnun og útfærslu göturýma sem taki mið af fjölþættu hlutverki gatna sem umferðarleidda og bæjarrýma. (Þ) 7. Skipulag og útfærsla gatnakerfis og göturýma innan byggðarheilda taki mið af leiðbeiningunum Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ)	• Gatnakerfi og göturými aðalskipulagsins fjallar um þróun stofn- og tengivega, lokun óþarfa vegslóða og að nýta núverandi innviði við stækkun byggðar. • Skipulag á útfærslu gatnakerfis og göturýma innan byggðarheilda var ekki þó ekki byggt leiðbeiningunum Mannlíf, byggð og bæjarrými.
	Áhersla A.3: Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg. Jafnframt stuðli skipulag að því að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni. Dreifbýli 4. Við skipulagsgerð verði lagt mat á ástand lands með tilliti til virkni vistkerfa og kolefnisbúskapar. (D) 5. Í skipulagi verði sett fram stefna um varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun, þar á meðal við ákvarðanir um ráðstöfun lands undir mannvirki, ræktun og byggð. (D) 6. Við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um vernd og endurheimt votlendis og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita kolefni í votlendi og vernda líffræðilega fjölbreytni. (D) 7. Skipulag í dreifbýli stuðli að því að draga úr hnignun vistkerfa og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, m.a. með stefnu um verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. (D) 8. Vistgerðaflokkun, ásamt bestu fánlegu upplýsingum og stefnum um uppgræðslu og endurheimt lands, verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. (D) Þéttbýli 9. Við afmörkun þéttbýlis og ráðstöfun lands undir byggð verði lagt mat á ástand lands með tilliti til virkni vistkerfa og kolefnisbúskapar og miðað verði að því að vernda land þar sem eru miklar kolefnisbirgðir. (Þ)	Gott samræmi • Skipulagsgerð byggir á mati á virkni vistkerfa og kolefnisbúskapar, bæði í dreifbýli og þéttbýli. • Stefnt er að verndun lands með miklar kolefnisbirgðir votlendis og náttúrulegs gróðurs. • Aðalskipulagið inniheldur stefnu um varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri, útfærð í landnotkunarákvæðum. • Skipulag stiður við endurheimt vistkerfa sem hafa raskast, með áherslu á uppgræðslu og eflingu gróðurs og jarðvegs. • Vistgerðaflokkun og bestu fánlegu upplýsingar um landgæði og vistkerfi eru nýttar við ákvarðanatöku. • Allar aðgerðir styðja við markmið um kolefnishlutleysi, sjálfbæra þróun og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.
	Áhersla A.4: Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja. Dreifbýli 4. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið eða viðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. (D)	Gott samræmi.

	5. Við skipulagsgerð verði gætt að því að byggð gangi ekki að öpörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar og að fristundabyggð verði almennt á afmörkuðum samfelldum svæðum sem skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til náttúruverndar. (D) 6. Við skipulagsgerð verði viðhald og útbreiðsla náttúruskóga og vernd líffræðilegrar fjölbreytni tryggð. (D) 7. Vistgerðaflokkun, ásamt stefnum og áætlunum um landgræðslu og vatnaáætlun, verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. (D) Þéttbýli 8. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið og viðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. (Þ)	Gott samræmi. Sett eru ákvæði fyrir stærstu landnotkunarflokkana, óbyggð svæði (ÓB), landbúnaðarland (L) og opin svæði (OP) sem miða að því að varðveita náttúru, menningarminja, vatnafar, bakkagróður, jarðmyndanir, viðkvæm vistkerfi, víðerni og landslag.
	Áhersla A.5: Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Dreifbýli 6. Á dreifbýlissvæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni. (D) 7. Landslagsgreining verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum og miðað að því að virða sérkenni landbúnaðarlands og varðveita jarðfræðilega fjölbreytni og menningarlandslag. (D)	Gott samræmi. Sett eru ákvæði fyrir stærstu landnotkunarflokkana, óbyggð svæði (ÓB), landbúnaðarland (L) og opin svæði (OP) sem miða að því að varðveita víðerni, menningarminjar og landslag.
	Áhersla A.6: Skipulagsgerð vegna orkunýtingar gæti að náttúruvernd. Dreifbýli 2. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (D) 3. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni. (D)	Í góðu samræmi. - Orkunýting skuli byggja á sjálfbærri auðlindanýtingu og virðingu fyrir náttúru og arfleið. Mannvirki vegna orkuvinnslu skulu falla að landslagi og annarri landnotkun. - Ný orkuvinnslu skal leitast við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni. Sérstök áhersla er á að lágmarka rask og vernda viðkvæm svæði.

	Áhersla A.7: Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi. Dreifbýli 1. Við skipulagsgerð í dreifbýli taki ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast verði við að haga skipulagi og hönnun mannvirkja þannig að fjölbreytt og verðmætt landslag sé varðveitt, svo sem sérstakar landslagsheildir og búsetulandslag sem hefur menningarlegt gildi. Stefnt verði að því að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og manngerðu. (D) 2. Stefna í skipulagi um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun í dreifbýli taki mið af áhrifum á hið opna land og náttúrulegt landslag og viðhaldi óbyggðum viðernum. (D) 3. Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á náttúrulegu og byggðu landslagi. (D) 4. Skipulag miði að því að uppbygging og landnotkun falli sem best að heildarsvipmóti lands. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum þar sem m.a. er hugað að kennileitum, sjónlínunum og útsýni. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti. (D) 5. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landslag og staðareinkenni greind á grundvelli flokkunar landslagsgerða á landsvísu. Niðurstöður greiningarinnar verði lagðar til grundvallar við mörkun stefnu um ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar með það að markmiði að byggja á þeim gæðum sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar, viðhalda þeim og efla. (D) Þéttbýli 6. Skipulag byggðar taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Við hönnun byggðar og bæjarrýma verði stefnt að því að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og manngerðu. Leitast verði við að haga skipulagi og hönnun byggðar og mannvirkja þannig að fjölbreytt og verðmætt landslag sé varðveitt, svo sem sérstakar landslagsheildir og bæjar- eða borgarlandslag sem hefur menningarlegt gildi. (Þ) 7. Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á áhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar sem til greina koma á byggt landslag. (Þ) 8. Við skipulagsgerð verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja í þéttbýli með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun byggðar og mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. (Þ)	Gott samræmi. • Efla skal þau gæði sem felast í menningarlegu landslagi, bæði náttúrulegu og manngerðu. • Ráðstöfun lands og hönnun mannvirkja í dreifbýli og þéttbýli taki mið af landslagsgæðum og staðbundnum sérkennum. • Viðhalda skal óbyggðum viðernum og vernda náttúrulegt landslag. Varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, þar á meðal sérstakar landslagsheildir og borgar- og bæjarrými með menningarlegt gildi. • Umhverfismat aðalskipulags felur í sér mat á áhrifum á náttúrulegt og byggt landslag. • Ný mannvirki skulu falla að heildarsvipmóti lands og taka mið af byggingarhefðum, kennileitum, sjónlínunum og útsýni með tilliti til landslagsgæða og fyrirbyggjandi byggðar. • Flokkun landslagsgerða og greining staðareinkenna skal liggja til grundvallar stefnu um landnotkun og uppbyggingu. • Leitast skal við að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, þar á meðal sérstakar landslagsheildir og borgar-/bæjarrými með menningarlegt gildi.
B) Markmið um velsæld samfélags		
Stefna aðalskipulags	Áherslur landsskipulagsstefnu	Samræmi við aðalskipulag
-Góðum lífsgæðum íbúa viðhaldið-	Áhersla B.1: Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma. Dreifbýli 2. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði greint hvaða áskorana er að vænta til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem varðað geta ákvæðanir um landnotkun. Tekið verði tillit til breytinga, svo sem á rennsli eða farvegum jökuláa, flóðahættu, sandfoks, hækkunar sjávarborðs og ágangs sjávar,	Gott samræmi. • Sett eru ákvæði um að fylgja skuli lágmarks kótum á lágsvæðum.

Í Vopnafirði er góð þjónusta við íbúa alla ævina. Gott framboð af fjölbreyttu húsnæði fyrir íbúa og starfsemi. - <i>Tryggjum trausta innviði-</i> Traustir innviðir eru forsenda fyrir auknum lífsgæðum íbúa og fjölbreyttu atvinnulífi.	vatnsflóða, hörfunar jökla, skriðufalla, úrkomuákefðar, ofviðra, gróðurelda og líffræðilegrar fjölbreytni. Byggt verði á bestu fánlegu upplýsingum um viðkomandi áhættu, þ.m.t. vísindaskýrslum Veðurstofu Íslands um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufar og samfélag hér á landi. (D) 3. Í skipulagsáætlunum verði tekin afstaða til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnotkun í dreifibýli og sett viðeigandi skipulagsákvæði þar sem við á. Byggt verði á stefnumótun á landsvísu um aðlögun að loftslagsbreytingum og viðbrögð við loftslagstengdri náttúruvá. (D) Þéttbýli 4. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði greint hvaða áskorana er að vænta í sveitarfélaginu til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem varðað geta ákvarðanir um landnotkun og þróun byggðar í þéttbýli, svo sem breytinga á rennsli eða farvegum jökuláa, hækkunar sjávarborðs og ágangs sjávar, vatnsflóða, flóðbylgna, sandfoks, hörfunar jökla, skriðufalla, úrkomuákefðar, ofviðris, gróðurelda og áhrifa á líffræðilega fjölbreytni. Byggt verði á bestu fánlegu upplýsingum um viðkomandi áhættu, þ.m.t. vísindaskýrslum Veðurstofu Íslands um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufar og samfélag hér á landi. (Þ) 5. Í skipulagsáætlunum verði tekin afstaða til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnotkun í viðkomandi þéttbýli og sett viðeigandi skipulagsákvæði þar sem við á. Byggt verði, eftir því sem við á, á stefnumótun á landsvísu um aðlögun að loftslagsbreytingum og um viðbrögð við loftslagstengdri náttúruvá. (Þ) 6. Við skipulagsgerð verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, t.d. snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum. (Þ) 7. Við skipulagsgerð verði sérstaklega hugað að því hvernig nýta megí sjálfbærar ofanvatnslausnir til að milda og takast á við áhrif loftslagsbreytinga á byggð. (Þ) Áhersla B.2: Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifibýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðarkjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðapörf. Dreifibýli 1. Skipulag landnotkunar í dreifibýli styðji við búsetu og samfélag í dreifibýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifibýli. Ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðareinkennum, svo sem viðernum, sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjaland og menningarlandslags. (D) 2. Við skipulagsgerð verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að byggðarkjörnum. (D) Þéttbýli 3. Skipulag landnotkunar effi búsetu og samfélag í þéttbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifibýli. (Þ)	• Markmið er að styrkja viðnámsbrótt samfélagsins til langs tíma vegna loftslagsbreytinga og draga úr áhættu vegna náttúruhamfara og taka afstöðu til þess. Meðal annars vegna breytinga á flóðahættu, sandfoki, sjávarágangi, úrkomu, ofviðra og áhrifum á líffræðilega fjölbreytni. • Taka mið af náttúruvár, hækkun sjávarborðs, snjóflóðum, skriðuföllum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum, með það að markmiði að varna slysum og tjóni. • Umfjöllun og stefnumótun aðalskipulagsins byggir á bestu fánlegum upplýsingum, vísindaskýrslum Veðurstofu Íslands og öðrum gögnum um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufar og samfélag.
		Að mestu leyti samræmi. • Í skipulaginu er lögð áhersla á að beina vexti að þeirri byggð sem fyrir er og að skipulag landnotkunar í dreifibýli styðji við búsetu og samfélag í dreifibýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar.

	4. Við skipulagsgerð verði skilgreindir meginkjarnar í hverjum landshluta og vinnusóknar- og þjónustusvæði þeirra. Uppbyggingu, þar á meðal samgangna, verði hagað þannig að hún sé til þess fallin að styrkja kjarnana sem sjálfbæra burðarása viðkomandi nærsamfélags. (Þ) 5. Í skipulagi verði skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis og vaxtarmörk þéttbýlisstaða skilgreind með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa um leið vörð um landbúnaðarland og önnur verðmæt landgæði. (Þ) 6. Í skipulagi verði stuðlað að búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu, húsnæði og fjölbreyttum atvinnutækifærum. (Þ) 7. Í skipulagi þéttbýlisstaða verði almennt haft að leiðarljósi að minnka ferðapörf með því að þetta byggð, blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða. (Þ) 8. Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýtttra svæða og eflingu nærsamfélags. (Þ) 9. Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur. (Þ)	• Skipulagið kveður á um að „skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis“ og að vaxtarmörk þéttbýlis verði skilgreind með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa um leið vörð um landbúnaðarland og önnur verðmæt landgæði. • Einnig er lögð áhersla á að „þetta byggð, blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.“ • Skýrslan styður við áhersluna með því að leggja áherslu á „sjálfbæra nýtingu auðlinda“, „fjölbreytt húsnæði“, og „góða þjónustu alla ævi“ sem hluta af leiðarljósi sveitarfélagsins. • Þar kemur fram að „traustir innviðir“ séu forsenda lífsgæða og atvinnulífs, sem styður við hugmyndina um að styrkja byggðarkjarna sem burðarása nærsamfélags. • Ekki eru almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins.
	Áhersla B.3: Skipulag tryggi tækifæri fyrir öllka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt. Dreifbýli 1. Við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. (M, D, Þ, H) 2. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika ólíkra félagshópa til þátttöku. (M, D, Þ, H) 3. Hugað verði að skýrri og góðri framsetningu skipulagsgagna sem auðvelda almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra. (M, D, Þ, H) Þéttbýli	Gott samræmi. • Við upphaf vinnu við endurskoðun aðalskipulags var unnin stöðu- og forsendugreining þar sem farið var yfir áskoranir og tækifæri til endurskoðunar á aðalskipulagi. Í kjölfarið var haldin íbúafundur til að ræða tækifærin og líkleg efnistöð nýs aðalskipulags. Sú vinna var hugsuð til að vekja áhuga íbúa snemma í ferlinu og fá fram hugmyndir á fyrstu stigum.

	1. Við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. (M, D, Þ, H) 2. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika ólíkra félagshópa til þátttöku. (M, D, Þ, H) 3. Hugað verði að skýrri og góðri framsetningu skipulagsgagna sem auðvelda almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra. (M, D, Þ, H) Áhersla B.4: Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi. Dreifibýli 7. Skipulag landnotkunar í dreifibýli feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningssamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun. (D) 8. Sveitarfélög geri grein fyrir og marki stefnu um aðra vegi en þjóðvegi í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd. (D) 9. Sveitarfélög nýti skipulagsgerð til þess að skilgreina meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi. (D) Þéttbýli 10. Skipulagsgerð í þéttbýli stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. (Þ) 11. Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. (Þ) 12. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Við skipulagsgerð verði byggt á leiðbeiningunum Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ)	• Að auki er fylgir tillögugerðin kynningar- og samráðsferli í samræmi við skipulagslög. Hluta til í samræmi. • Áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur, m.a. með tengingu milli meginkjarna og fjölbreyttum ferðamáta. • Tekur mið af tengingum milli meginkjarna, m.a. með jarðgöngum og stofnvegum, og tengingu við flugvöll og hafnir. • Aðalskipulag greinir frá héraðsvegum og tengivegum, og tekur tillit til náttúruverndarsjónarmiða og leyfisveitinga. • Stuðlar að greiðum samgöngum og styrkingu byggðar innan þjónustusvæða. • Skipulag tekur mið af fjölþættu hlutverki gatna og samspili við bæjar- og umferðarrými. Það var þó ekki byggt á leiðbeiningunum <i>Mannlíf, byggð og bæjarrými</i>.
--	---	--

	Áhersla B.5: Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku. Dreifbýli 4. Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki í dreifbýli geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru og landslag. (D) 5. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja öruggan flutning og afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem veldur minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. (D) 6. Í skipulagi verði gerð grein fyrir aðgengi íbúa og atvinnustarfsemi í dreifbýli að neysluvatni og skýrt hvernig fráveitu er háttáð. Tryggja skal að veitulausnir uppfylli gæðakröfur. (D) Þéttbýli 7. Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki í þéttbýli geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi, en taki jafnframt tillit til umhverfisáhrifa. (Þ) 8. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun. (Þ) 9. Í skipulagi skal gera grein fyrir því hvernig vatnsveita uppfyllir þarfi íbúa og atvinnulífs með sjálfbæra nýtingu vatnsauðlindarinnar að leiðarljósi. (Þ) 10. Við skipulagsgerð verði tryggt að fráveita anni þörfum íbúa og atvinnulífs þannig að viðmið um gæði viðtaka séu uppfyllt. Blágrænar ofanvatnslausnir skulu nýttar eins og kostur er til að lágmarka álag á fráveitu. (Þ) Áhersla B.6: Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá. Dreifbýli 2. Í skipulagi í dreifbýli verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að aukinni náttúruvá af völdum aukinnar eldvirkni og loftslagsbreytinga. (D) 3. Í skipulagi verði hugað sérstaklega að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í fristundabyggð og á skógræktarsvæðum. (D) Þéttbýli 4. Við skipulag byggðar í þéttbýli verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að aukinni náttúruvá af völdum aukinnar eldvirkni og loftslagsbreytinga. (Þ) 5. Skipulag byggist á bestu fáanlegum upplýsingum um náttúruvá. (Þ)	Í samræmi. - Fjarskiptamannvirki eru talin hluti af traustum innviðum sem eru forsenda lífsgæða og atvinnulífs. Taka skal tillit til áhrifa á náttúru og landslag. - Tekur mið af öruggri afhendingu raforku og að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, m.a. sjónræn áhrif og áhrif á landnotkun og náttúru. - Gert grein fyrir aðgengi íbúa og atvinnulífs að vatnsveitu með sjálfbærri nýtingu vatnsauðlindarinnar að leiðarljósi. - Horfa skal til að leysa afrennsli regnvatns ofan jarðar eftir því sem unnt er. Gott samræmi. - Í dreifbýli og þéttbýli verður tekið tillit til hættu af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum og jarðskjálftum. - Hugað að þeirri hættu sem stafar af loftslagsbreytingum. - Hugað er að hættu vegna gróðurelda og tryggja skuli flóttaleiðir og brunavarnir í fristundabyggð og á skógræktarsvæðum. - Skipulag byggist á bestu fáanlegum upplýsingum um náttúruvá.
--	---	---

	Áhersla B.7: Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi. Dreifbýli 1. Við skipulag í dreifbýli verði stuðlað að gæðum hins byggða umhverfis og vandað til staðarvals, yfirbragðs og hönnunar mannvirkja. Tekið verði mið af staðareinkennum og staðbundnum gæðum sem felast í menningararfi, náttúru og landslagi. (D) 2. Í skipulagi í dreifbýli verði gert ráð fyrir vönduðum útivistarsvæðum af mismunandi stærð og gerð sem henta fyrir hreyfingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa. (D) Þéttbýli 3. Við skipulag byggðar og bæjarhönnun í þéttbýli verði stuðlað að gæðum í hinu byggða umhverfi og sett fram stefna og ákvæði um byggðamynstur og mælikvarða, og samspil byggðar, bæjarrýma og samgangna. (Þ) 4. Við skipulag byggðar og bæjarhönnun verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og byggingararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. (Þ) 5. Skipulag byggðar skapi góð skilyrði til búsetu og góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og víðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma. Við skipulagsgerð verði byggt á leiðbeiningunum Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ) 6. Í skipulagsáætlunum verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um bæjarrými og bæjarhönnun sem tryggir gott framboð þjónustu ásamt fjölbreyttum og lifandi bæjarrýmum þar sem hugað er að heilnæmi og öryggi umhverfisins og góðum innbyrðis tengslum. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa. (Þ) 7. Í skipulagi verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi vandaðra almenningsrýma og útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem henta fyrir hreyfingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa. (Þ) 8. Í skipulagi verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi með það að markmiði að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útveru og einnig í þágu loftslagsmála með viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærum ofanvatnslausnum. (Þ)	Gott samræmi. • Tekið er mið af staðareinkennum, náttúru og menningararfi í skipulagi, sérstaklega í dreifbýli og miðsvæðum. • Áhersla á vandaðan frágang, fjölbreytt húsnæði og snyrtilegt umhverfi í þéttbýli og dreifbýli. • Gert er ráð fyrir fjölbreyttum útivistarsvæðum og opnum svæðum fyrir hreyfingu, leik og endurnæringu. • Miðbær skilgreindur sem blandað svæði með áherslu á lifandi bæjarrými og fjölbreytta notkun. • Sögulegt samhengi og vernd menningarminja er lykilatriði í skipulagi, m.a. með hverfisvernd og aðlögun nýrra mannvirkja. • Áhersla á staðargróður, skjólrækt og gróðursetningu í þéttbýli, bæði til fegrunar og loftslagsmarkmiða.
	Áhersla B.8: Skipulag stuðli að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði með uppbyggingu hagkvæms og vandaðs íbúðarhúsnæðis sem svari þörfum ólíkra félags hópa. Þéttbýli 1. Í skipulagsáætlunum í þéttbýli verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. (Þ) 2. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir, og stefnt að því að innan hvernar byggðarheildar sé fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði. (Þ) 3. Tryggt verði fjölbreytt, hagkvæmt og sveigjanlegt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra aldurs- og félags hópa og stuðlar að félagslegri fjölbreytni. Í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á	Í samræmi að mestu leyti • Áhersla á húsnæði með tilliti til; breytinga á fjölskyldumynstri, fjölgun eldri borgara og aukna þörf fyrir minni íbúðir. Fjölgun íbúða verði innan núverandi byggðarkjarna með áherslu á fjölbreyttar lausnir fyrir ólíka hópa.

	húsnæði fyrir tekju- og eignalægri í samræmi við viðmið rammasamnings ríkis og sveitarfélaga um húsnæðisáætlanir. (Þ) 4. Skipulag skapi umgjörð fyrir uppbyggingu vandaðs íbúðarhúsnæðis þar sem stuðlað er að gæðum húsnæðis, svo sem hvað varðar byggingarlist, birtu, hljóðvist og útirými. (Þ)	• Blandað er saman mismunandi húsnæðistegundum, grænum svæðum og þjónustu. • Aðalskipulagið kveður á um að húsnæðisáætlanir taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum. • Vandaður frágangur, byggingarlist, aðlögun að staðháttum og að nýbyggingar falli að umhverfi og bæti ásýnd byggðar.
	Áhersla B.9: Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnisspor húsnæðisuppbyggingar og mannvirkjagerðar með betri endingu og bættri efnisnotkun. Dreifbýli 1. Í skipulagi í dreifbýli verði, eftir því sem við á, mælt fyrir um efnisnotkun og nýtingu bygginga með tilliti til minnkaðs umhverfisálags og bættrar endingar. Skilgreindar verði umhverfiskröfur sem taki til líftíma mannvirkja. (D) Þéttbýli 2. Í skipulagi í þéttbýli verði, eftir því sem við á, mælt fyrir um efnisnotkun og nýtingu bygginga með tilliti til minna umhverfisálags og betri endingar. Skilgreindar verði umhverfiskröfur sem taki til líftíma mannvirkja. (Þ) 3. Í skipulagi skal stefnt að því að nýta innbyggt kolefni í þegar byggðu umhverfi, byggingum, vegum og öðrum innviðum. (Þ)	Ekki í samræmi. • Ekki eru mælt fyrir um efnisnotkun eða nýtingu bygginga með tilliti til minnkaðs umhverfisálags og bættrar endingar í aðalskipulaginu. Ástæður fyrir þessu eru: • Sveitarfélagið telur að það skorti nægilega sérfræðipækkingu og reynslu til að setja bindandi ákvæði um val á byggingarefnum eða aðferðum sem tryggja lægra umhverfisálag og aukna endingu. Slik ákvæði krefjast ítarlegrar greiningar á áhrifum, staðbundnum aðstæðum og tæknilegum lausnum sem sveitarfélagið hefur ekki yfir að ráða. • Líklegt er að innleiðing slíkra krafna myndi hækka byggingarkostnað verulega. Uppbygging í sveitarfélaginu er mjög viðkvæm fyrir kostnaðarhækkunum. Sveitarfélagið óttast að of ströng ákvæði gætu hamlað nauðsynlegri uppbyggingu og haft neikvæð áhrif á þróun byggðar.

	Áhersla B.10: Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis. Dreifbýli 1.Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. (D) 2. Skipulag dreifbýlis geri ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, frístundabyggð og ferðamannastaði í dreifbýli. Tekið verði mið af svæðisáætlun sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs. (D) Þéttbýli 3. Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í þéttbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd og fráveitu. (Þ) 4. Skipulagsgerð miði að því að tryggja loftgæði og góða hljóðvist, m.a. með útfærslu byggðar og almenningsryma sem dregur úr ferðaþörf og hvetur til virks ferðamáta. Horfa skal til aðgerðaáætlunar stjórnvalda um loftgæði sem og fyrirliggjandi upplýsinga um loftgæði og hljóðvist. Leita skal leiða til að bæta loftgæði og hljóðvist þar sem þeim er ábótavant. (Þ) 5. Í skipulagi verði tekið tillit til svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og viðeigandi uppbyggingu innviða, þ.m.t. flokkunarstöðva í nærumhverfi. (Þ) 6. Skipulag verði samþætt stefnu sveitarfélags í svæðisáætlun um lágmörkun úrgangs, úrgangsforvarnir og aukna endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið. (Þ)	Gott samræmi • Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun og loftgæði. Þá er gert ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, frístundabyggð og ferðamannastaði í dreifbýli.
C) Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf.		
Stefna aðalskipulags	Áherslur landsskipulagsstefnu	Samræmi við aðalskipulag
- Veitum svigrúm fyrir stöndugt atvinnulíf – <i>Fjölbreytt atvinnulíf þar sem góðar aðstæður eru fyrir smáidnað, nýsköpun og listir til að blómstra</i> <i>Ferðaþjónusta byggir á sérkennum staðarins, friðsældinni að vera úr alfaraleið og nálægðin við heiðarnar.</i>	Áhersla C.1: Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Dreifbýli 1. Í skipulagi dreifbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og eykur bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs. 2. Í skipulagi verði hugað að tækifærum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni og mögulegt umfang bindingar. Þar verði forgangsraðað svæðum þar sem unnt er að binda kolefni á hagkvæman hátt, umhverfisáhrif eru ásættanleg og ekki dregur úr liffræðilegri fjölbreytni þeirra. Jafnframt verði hugað að nýjum leiðum til að binda kolefni, svo sem í berggrunni. 3. Við val á svæðum til bindingar kolefnis verði m.a. tekið mið af landnotkun, náttúrugæðum, liffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum og náttúruvá. 4. Við skipulag verði metin þörf á verndun ákveðinna vistgerða og jarðvegs til að stuðla að bindingu kolefnis. Þéttbýli 5. Í skipulagi í þéttbýli verði sett stefna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis innan þéttbýlismarka, svo sem hvað varðar verndun votlendis, skógrækt og bindingu kolefnis í berggrunni. () 6. Í stefnumörkun verði litið til áhrifa bindingar á landnotkun, náttúrufar, landslag og byggðamynstur.	Í samræmi. • Í skipulagi dreifbýlis og þéttbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og eykur bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs.

- <i>Tryggjum trausta innviði-</i> Traustir innviðir eru forsenda fyrir auknum lífsgæðum íbúa og fjölbreyttu atvinnulífi.	Áhersla C.2: Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi. Dreifbýli 3. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (D) 5. Við skipulagsgerð verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsaflí, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. (D, Þ) 6. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að velja þá kosti sem hægt er að nýta sem fyrst, eru hagkvæmir og valda sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. (D, Þ) 7. Settir verði fram skilmálar í skipulagi til að koma í veg fyrir, minnka eða bæta fyrir áhrif á náttúru, landslag, viðerni, vatnsvernd og aðra nýtingu. (D, Þ) Þéttbýli 4. Skipulag gefi eftir atvikum kost á að nýta orkuauðlindir í þéttbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Hugað sé að áhrifum nýtingar á aðliggjandi byggð, svo sem vegna sjónrænna áhrifa, áhrifa á hljóðvist og loftgæði. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (Þ) 5. Við skipulagsgerð verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsaflí, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. (D, Þ) 6. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að velja þá kosti sem hægt er að nýta sem fyrst, eru hagkvæmir og valda sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. (D, Þ) 7. Settir verði fram skilmálar í skipulagi til að koma í veg fyrir, minnka eða bæta fyrir áhrif á náttúru, landslag, viðerni, vatnsvernd og aðra nýtingu. (D, Þ)	Í samræmi. • Aðalskipulagið setur markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með stuðningi við orkuskipti í samgöngum og með því að draga úr olíunotkun til raforkuframleiðslu. Gert er ráð fyrir innviðum til orkuskipta á hafnarsvæðum. • Leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda og vernd landslags og vistkerfa. Sérákvæði um orkuvinnslu kveða á um að mannvirki falli að landi og að umhverfisáhrif séu lágmörkuð. • Sveitarfélagið sé opið fyrir hugmyndum um frekari orkuöflun, m.a. vatnsaflsvirkjanir (t.d. Þverárvirkjun), smávirkanir og vindorku, með skilyrðum um vernd náttúru og samfélagsávinning. • Orkuvinnsla fari fram með lágmarsraski og að mannvirki falli vel að umhverfi.
	Áhersla C.3: Skipulag feli í sér stefnu um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag. Dreifbýli 1. Skipulag og önnur áætlanagerð um landnotkun í dreifbýli skapi forsendur fyrir nýtingu vindorku eftir því sem aðstæður leyfa, í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérstætt landslag og lífríki og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar. (D) 2. Við skipulagsgerð fyrir vindorkuver verði lögð áhersla á að þau byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi og halda umhverfisáhrifum í lágmarki. (D) 3. Við staðarval og ákvörðun um útfærslu vindorkuvera varðandi fjölda, stærð og niðurröðun vindmylla verði leitast við að lágmarka áhrif á landslag. Tekið verði mið af einkennum landslags, svo sem ráðandi línunum, landformum og hlutföllum í landslagi svæðis. (D) 4. Við staðarval vindorkukosta, skipulagsákvæðanir, umhverfismat og leyfisveitingar verði tekið mið af stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku og þeim viðmiðum sem sett verða um staðsetningu, fjölda og	Samræmi að hluta til. • Aðeins er gert ráð fyrir litlum vindmyllum til eigin nota, ekki tengdar almennu dreifikerfi. • Aðalskipulagið heimilar litlar vindmyllur (≤ 100 kW) á öbyggðum svæðum, með skilmálum um að mannvirki falli að landslagi og að áhrif á lífríki og grennd séu metin. • Áhersla á vernd viðerna, fuglasvæða og náttúruminja.

	stærð vindorkuvera og um áhrif á umhverfi og samfélag, ekki síst landslag, nærsamfélag, mikilvæg fuglasvæði og farleiðir fugla. (D)	
	Áhersla C.4: Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns. Dreifbýli 2. Í skipulagi í dreifbýli verði stefnt að því að koma í veg fyrir rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi. (D) 3. Við skipulagsákvæðanir verði sérstaklega litið til mögulegs álags á vatnshlot vegna uppbyggingar mannvirkja, iðnaðar og landbúnaðar, sér í lagi þegar um er að ræða stórnotendur sem nýta mikið af vatni. (D) 4. Skipulag í dreifbýli sé í samræmi við gildandi vatnaáætlun og þekkingu á stöðu vatnshlota. (D) Þéttbýli 5. Í skipulagi í þéttbýli verði stefnt að því að koma í veg fyrir rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi, m.a. vegna fráveitu. (Þ) 6. Skipulag vatnstöku þéttbýlisstaða taki mið af sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. (Þ) 7. Við skipulag byggðar verði leitast við að lágmarka álag á vatnshlot með sjálfbærum ofanvatnslausnum með það að markmiði að viðhalda náttúrulegri hringrás vatns. (Þ) 8. Skipulag í þéttbýli taki mið af gildandi vatnaáætlun og þekkingu á stöðu vatnshlota. (Þ)	Í samræmi. • Aðalskipulagið leggur áherslu á verndun vatns og vistkerfa, með markmiðum um vatnsvernd og sjálfbæra nýtingu. 69 vatnshlot eru skráð og verndarsvæði skilgreind í sveitarfélaginu. • Kveður á um að framkvæmdir og starfsemi sem geta haft áhrif á vatnsvernd séu háðar leyfi og skilmálum. Sérstök verndarsvæði eru skilgreind með takmörkunum á mengandi starfsemi. • Vopnafjarðarhreppur er hluti af vatnasvæði Norðurlands eystra og í skipulaginu er vísað til langtíamarkmiða um ástand vatns og reglugerða um vatnsvernd.
	Áhersla C.6: Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. Dreifbýli 1. Við skipulagsgerð verði hugað að leiðum til að auka fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til sjálfbærrar nýtingar lands, styrkleika svæða og þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. (D) 2. Við skipulag atvinnusvæða verði litið til þess hvernig þau geti jafnað tækifæri til atvinnu, stuðlað að sjálfbærri þróun og stutt við byggðapróun. (D) Þéttbýli 3. Við skipulagsgerð verði hugað að leiðum til að auka fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til styrkleika svæða, sjálfbærrar nýtingar lands og þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. (Þ) 4. Í skipulagi verði mörkuð stefna um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis sem tekur mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og þróun til framtíðar. (Þ) 5. Í skipulagi atvinnusvæða verði tekið mið af því hvernig þau geti nýtt eða styrkt núverandi innviði til að mæta þörfum atvinnulífs og heimila. (Þ) 6. Í skipulagi atvinnusvæða verði mótuð umgjörð sem stuðlar að því að umhverfi hafi aðdráttarafl og mótaðar áherslur sem atvinnustarfsemi fylgir til að viðhalda því. (Þ)	Í samræmi. • Löggö er áhersla á að auka fjölbreytni atvinnulífs með sjálfbærri nýtingu staðbundinna auðlinda og aðlögun að samfélags- og umhverfisbreytingum. • Atvinnuhúsnæði og svæði skuli þróuð með hliðsjón af fyrirsjáanlegum þörfum og sveigjanleika til framtíðar. Uppbygging nýti eða styrki núverandi innviði, t.d. samgöngur, hafnir og þjónustu. • Atvinnusvæði verði skipulögð með skilmálum til að viðhalda gæðum og ásýnd.

	Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðapjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. Dreifbýli 3. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. (D) 4. Í skipulagi verði hugað að varðveislu landslags, bæði náttúrulegs og manngerðs, sem aðdráttarfls fyrir ferðamenn. (D) 5. Skipulagsákvæðanir um ferðapjónustu og ferðamannastaði byggist á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. (D) 6. Uppbygging ferðapjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. (D, Þ) 7. Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðapjónustu og ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna. (D, Þ, H) Þéttbýli 6. Uppbygging ferðapjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. (D, Þ) 7. Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðapjónustu og ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna. (D, Þ, H) 8. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæða með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. (Þ) 9. Í skipulagi verði hugað að landslagi og yfirbragði og gæðum byggðar sem aðdráttarfls fyrir ferðamenn. (Þ) 10. Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðapjónustu og ferðamannastaða byggist eins og kostur er á gögnum um þolmörk innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. Sérstaklega sé hugað að áhrifum ferðamennsku á húsnæðismarkað og þjónustuframboð. (Þ)	Í samræmi. • Í aðalskipulaginu er horft til þess að styrkja ferðapjónustu á svæðinu með áherslu á sérstöðu, sögu og staðaranda sveitarfélagsins. Leitað er eftir því að uppbygging í ferðapjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum og ferðamönnum.
	Áhersla C.8: Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. Deifbýli 1. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar. (D) 2. Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar. (D) 3. Ákvæðanir um uppskiptingu lands byggist á skipulagsáætlunum. (D) 4. Stefna í skipulagsáætlunum um ræktun stuðli að framleiðslu afurða með lítið kolefnisspor. (D) 5. Í skipulagi dreifbýlis verði stutt við fjölbreytta nýtingu landbúnaðarlands, svo sem í tengslum við nýsköpun og ferðapjónustu. (D) Þéttbýli 6. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði vaxtarmörk þess skilgreind, m.a. með það fyrir augum að standa vörð um verðmætt landbúnaðarland. (Þ) 7. Í skipulagi verði hugað að tækifærum til aukinnar ræktunar matvæla í þéttbýli. (Þ)	Í samræmi. • Settir eru skilmálar um að gera skuli grein fyrir flokkun landbúnaðarlands ef til stendur að breyta notkun og hvort um sé að ræða ráðstöfun með óafturkræfum hætti. • Þá er reynt að sporna gegn hnignun góðs ræktunarlands auk þess að opið er fyrir nýjum tækifærum til aukinnar ræktunar matvæla.

	Áherslur C.9: Skipulag miði að því að auka alþjóðlega samkeppnishæfni landsins um fólk og fyrirtæki með sterkum aðlaðandi borgarsvæðum. Þéttbýli 1. Í skipulagi höfuðborgarsvæðisins og svæðisborgarinnar Akureyrar verði lögð áhersla á þætti sem eru líklegir til að styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni svæðis með því að nýta styrkleika og sérstöðu þess, svo sem hvað varðar aðgengi að mannauði, endurnýjanlegri orku, auðlindum, grunnneti samgangna (alþjóðlegar gáttir), stöðugleika, stjórnsýslu og þjónustu. (Þ) 2. Í skipulagi höfuðborgarsvæðisins og svæðisborgarinnar Akureyrar verði horft til sérkenna og gæða hins byggða umhverfis og öflugra innviða með það að markmiði að tækifæri, lífskjör og búsetuskilyrði séu sambærileg nálægum borgarsvæðum. (Þ) 3. Í skipulagi höfuðborgarsvæðisins og svæðisborgarinnar Akureyrar verði litið til samanburðar við sambærileg borgarsvæði og sá samanburður nýttur til að móta áherslur í skipulagi og innviðafjárfestingum. (Þ) 4. Í skipulagi í þéttbýli verði lögð áhersla á sjálfbærni borgarsvæða, sem verði eftirsótt til búsetu og atvinnu og skapi umgjörð fyrir efnahagslega drifkrafta og nýsköpun. (Þ)	Að mestu leyti samræmi. Sumar kröfur landsskipulags eiga ekki við. • Aðalskipulagið leggur áherslu á að styrkja samkeppnishæfni með því að nýta staðbundna sérstöðu, t.d. aðgengi að auðlindum, orku, samgöngum og þjónustu. • Lögð er áhersla á að bæta lífskjör og búsetuskilyrði með öflugum innviðum, fjölbreyttu húsnæði og góðu aðgengi að þjónustu. • Áhersla er á sjálfbæra þróun, fjölbreytt atvinnulíf, nýsköpun og að skapa eftirsóknarvert umhverfi fyrir búsetu og atvinnu. • Samanburður við önnur borgarsvæði er ekki nýttur til að móta skipulagið eins og krafist er í landsstefnu.
--	---	--

5.4.2.2. Aðrar stefnur stjórnvalda

Aætlun	Markmið og áherslur áætlana	Samræmi við aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2040
Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026	Aðgerðaáætlunin 2022–2026 setur fram markmið um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa. Lögð er áhersla á að vernda skógarleifar og náttúruskóga, endurheimta votlendi og hnignað land, og efla skógrækt til að styðja við kolefnisbindingu og líffræðilega fjölbreytni. Gæðaviðmið eru sett fyrir val á landi og tegundanotkun í skógrækt, auk þess sem beitarstjórnun og aðlögun skóga að loftslagsbreytingum eru lykilatriði. Sveitarfélög, landeigendur og almenningur eru mikilvægir samstarfsaðilar í framkvæmd, og fræðsla og þátttaka almennings á að auka skilning og stuðning. Stefnt er að fjölgun endurheimtarsvæða og aukinni ræktun skóga með vistvænum lausnum.	Gott samræmi. Styður við sjálfbærni og virkni vistkerfa, með áherslu á að forðast skerðingu votlendis og birkiskóga, efla kolefnisbindingu með skógrækt og uppgræðslu og tryggja að landnýting taki mið af náttúruvernd og vistkerfisþjónustu. Markmiðið er að hámarka getu náttúrunnar til að veita vistkerfisþjónustu, draga úr losun og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda í samræmi við hringrásarhagkerfi.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 3. útg.	Aðgerðaáætlunin leggur áherslu á endurheimt votlendis, birkiskóga og vistkerfa, auk landgræðslu á ríkisjörðum. Hún kallar á vernd og endurheimt birkiskóga, aukningu kolefnisbindingar í jarðvegi og gróðri, og endurheimt þurrlendis. Markmiðið er m.a. að endurheimta 15.600 ha af röskuðu votlendi og koma birkiskóga í 5% af landsflatarmáli fyrir árið 2030. Gagnavinna og bætt gögn um losun og bindingu landnotkunar eru einnig lykilatriði.	Í samræmi. Stefna felur í sér sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt vistkerfa með áherslu á votlendi og landgræðslu. Markmið eru að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka kolefnisbindingu og samræma skipulag við loftslagsmarkmið og kolefnishlutleysi. Áhersla er á orkuskipti í samgöngum, hringrásarhagkerfi og aðlögun að loftslagsbreytingum.
Aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu	Aðgerðaáætlunin er fimm ára og fylgir samþykktri landbúnaðarstefnu til 2040 með áherslu á sjálfbærni, fæðuöryggi og nýsköpun. Sérstök áhersla er á aukna kornrækt, bættu hagtolusöfnun og stuðning við fjárhagslega afkomu bænda. Loftslagsmál eru í forgrunni með loftslagsbókshaldi, ráðgjöf, rannsóknunum og hvötum til að draga úr losun. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbær landnýting eru lykilatriði, auk þróunar stafrænnar tækni og rannsóknarverkefna. Hringrásarhagkerfi er eft með aukinni nýtingu lífrænna efna og minni sóun. Áhersla er lögð á neytendamiðaða nálgun með betri upplýsingum, trausti og beinum tengslum milli framleiðenda og neytenda. Nýsköpun, menntun og endurskoðun stuðningskerfa landbúnaðar eru hornsteinar framtíðaruppbyggingar.	Gott samræmi. Styður við sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt vistkerfa með áherslu á votlendi og landgræðslu. Markmið eru að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka kolefnisbindingu og tryggja sjálfbæra landnýtingu í þágu loftslagsmála og náttúruverndar. Áhersla er á vistvænar samgöngur, hringrásarhagkerfi og aðlögun að loftslagsbreytingum
Aðgerðaáætlun um orkuskipti	Þingsályktunin um aðgerðaáætlun í orkuskiptum felur ráðherra í orkumálum að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlut endurnýjanlegrar orku. Með þessu er stefnt að auknu orkuöryggi, minni losun, gjaldeyrissparnaði og nýsköpun. Markmiðin eru m.a. að auka hlut endurnýjanlegrar orku í samgöngum á landi, sjó og í flugi fram til	Gott samræmi. Áhersla er á sjálfbæra nýtingu auðlinda, vistvænar samgöngur og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með aukinni kolefnisbindingu og orkusparnaði. Stefnt er að því að samræma skipulag og aðgerðir við loftslagsmarkmið og orkuskipti, með

	ársins 2030. Aðgerðir byggja á hagrænum hvötum, skattkerfisbreytingum og ívilnunum fyrir vistvænar samgöngur, ásamt markvissri uppbyggingu innviða fyrir rafmagn, vetni og metan. Einnig er lögð áhersla á orkusparnað, vistvæna samgöngustefnu, samstarf hins opinbera og atvinnulífs, aukna nýsköpun og alþjóðlegt samstarf. Áætlunin nær til ársins 2030 og verður endurmetin á fimm ára fresti með reglulegri framvinduskýrslugjöf.	áherslu á endurnýjanlega orkugjafa, minni mengun og sjálfbæra þróun.
Aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022-2027	Aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022–2027 er fyrsta heildstæða áætlunin á Íslandi sem miðar að verndun og sjálfbærri nýtingu vatnsauðlindarinnar. Hún byggir á lögum um stjórn vatnamála og inniheldur 57 aðgerðir sem miða að því að tryggja að öll vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum. Áhersla er lögð á innleiðingu laga og reglugerða, vöktun, fræðslu, úrbætur í fráveitumálum og sérstakar aðgerðir fyrir vatnshlot í hættu. Áætlunin byggir á viðtæku samráði og tekur einnig tillit til loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á vatnaumhverfi. Framkvæmd og eftirfylgni er í höndum Umhverfisstofnunar í samstarfi við sveitarfélög og aðra ábyrgðaraðila.	Gott samræmi. Verndun vatns og vistkerfa, sjálfbæra nýtingu auðlinda og að tryggja að vatnsgæði rýrni ekki. Markmið eru að viðhalda vatni í góðu ástandi, draga úr álagi og stuðla að endurheimt vistkerfa þar sem þess er þörf. Áhersla er á að samræma skipulag við umhverfismarkmið og tryggja langtíma-vernd vatnsauðlindarinnar.
Byggsáætlun fyrir árin 2022-2036	Stefnumótandi byggsáætlun 2022–2036 með áherslu á jafnvægi í byggsáðróun, sjálfbærni og öfluga innviði. Markmiðið er að tryggja jöfn tækifæri til búsetu og atvinnu um land allt, efla grunnþjónustu og fjölbreytt atvinnulíf, og hafa loftslagsmál að leiðarljósi. Áætlunin felur í sér fimm ára aðgerðaáætlanir með mælikvörðum og sérstaka áherslu á svæði sem glíma við fólksfækkun og veikleika í atvinnulífi.	Gott samræmi. Sjálfbær nýting lands og auðlinda, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt vistkerfa með áherslu á votlendi og skógrækt. Markmið eru að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, tryggja sjálfbæra landnýtingu og samræma skipulag við loftslagsmarkmið. Áhersla er á vistvænar samgöngur, hringrásarhagkerfi og aðlögun að loftslagsbreytingum.
Ferðamálastefna til 2030	Leggur áherslu á að íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun á grunni jafnvægis milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta. Markmiðið er að ferðaþjónustan sé arðsöm, samkeppnishæf og í sátt við land og þjóð, stuðli að bættum lífskjörum og hagsæld og verði þekkt fyrir gæði og einstaka upplifun. Stefnan byggir á fjórum lykilstöðum: efnahag, samfélag, umhverfi og gesti, með áherslu á sjálfbærni, orkuskipti, nýsköpun, uppbyggingu áfangastaða, hæfni og gæði þjónustu. Aðgerðaáætlun fylgir stefnunni til að tryggja framgang hennar með mælikvörðum og reglulegri endurskoðun.	Gott samræmi. Stefna felur í sér sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt vistkerfa með áherslu á votlendi og vatnsvernd. Uppbygging í ferðaþjónustu styðji einnig við þjónustu við íbúa. Markmið eru að tryggja að vatnsgæði rýrni ekki, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og samræma skipulag við loftslagsmarkmið. Áhersla er á vistvænar samgöngur, hringrásarhagkerfi og aðlögun að loftslagsbreytingum.
Flugstefna	Flugstefnan var kynnt samhliða samgönguáætlun 2020–2034 og markmiðið er að skapa umhverfi sem styður við flugrekstur og flugtengda starfsemi á Íslandi. Lögð er áhersla á að efla innanlandsflug	Gott samræmi, sumar kröfur eiga ekki við Vopnafjarðarhrepp. Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps og flugstefna Íslands eru í samræmi um að innanlandsflug sé mikilvægt fyrir aðgengi og

	sem hluta af almenningssamgöngukerfi landsins og tryggja hagkvæmari aðgang íbúa landsbyggðar að miðlægri þjónustu, meðal annars með verkefninu Loftbrú. Markmið stefnunnar eru að tryggja öryggi, skilvirkni, hagkvæmni og góða þjónustu í flugi. Jafnframt er lögð áhersla á að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum flugs, greiða fyrir orkuskiptum og byggja upp innviði sem styðja við þau. Mikilvægt er að tryggja tengingar milli allra þátta samgöngukerfisins, sérstaklega að tengja innanlandsflug við millilandaflug.	þjónustu, að uppbygging og viðhald flugvalla sé nauðsynleg og að flugvellir styðji við ferðaþjónustu og svæðisbundna þróun. Vopnafjarðarflugvöllur er skilgreindur sem lykilinnviður fyrir sjúkraflug og ferðamenn, með greiðu aðgengi og vernduðu umhverfi. Þetta styður við markmið flugstefnunnar um öflugt og öruggt flugkerfi.
Framkvæmdaáætlun um líffræðilega fjölbreytni	Miðar að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkis og koma í veg fyrir frekari skerðingu þess. Lögð er áhersla á að efla þekkingu með kortlagningu vistkerfa, gerð gagnagrunna og aðgengilegra upplýsinga, auk reglulegrar vöktunar á ástandi vistkerfa, tegunda og stofna. Áætlunin felur í sér að styrkja verndarsvæði á landi og í hafi, friðlýsa svæði og tegundir í hættu og vinna verndaráætlanir fyrir viðkvæmar tegundir. Sérstök áhersla er á endurheimt vistkerfa, svo sem birkiskóga og votlendis, og að draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda. Einnig er stefnt að því að setja reglur um aðgang að erfðaauðlindum og tryggja sanngjarna skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra, ásamt því að efla verndun erfðabreytileika í landbúnaði. Áætlunin leggur áherslu á fræðslu og vitundarvakningu almenningss, samþættingu markmiða í löggjöf og stefnumótun og reglulega endurskoðun til að tryggja árangur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.	Samræmi að mestu leyti. Lögð áhersla á verndun vistkerfa í samræmi við framkvæmdaáætlun um líffræðilega fjölbreytni. Þar kemur fram að mikilvægt sé að kortleggja og vakta náttúrufar, tryggja verndun votlendis og birkiskóga, og efla samvinnu stofnana um náttúruvernd. Hins vegar er ekki farið inná erfðaauðlindir, framandi tegundir eða verndun lífríkis í sjó í aðalskipulagi Vopnafjarðar.
Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032	Kerfisáætlun Landsnets er langtímaáætlun fyrir flutningskerfi raforku á Íslandi sem miðar að afhendingaröryggi, bættri nýtingu orkukerfisins og stuðningi við orkuskipti. Hún byggir á líkindagreiningum og sviðsmyndum til að meta þróun kerfisins með og án aðgerða, leggur áherslu á áhættumat og mótvægisáðgerðir til að tryggja stöðugleika, tekur mið af loftslagsstefnu og sjálfbærni og inniheldur framkvæmdaráætlun með verkefnum og tímasetningum, auk umhverfismats og verk- og matslýsinga sem greina nánar áhrif og framkvæmd áætlunarinnar.	Gott samræmi. Áherslu á afhendingaröryggi, sjálfbærni og loftslagsaðlögun. Skipulagið tekur mið af flutningskerfi raforku, áhættumati og mótvægisáðgerðum. Umhverfismat og sviðsmyndagreining styðja við stefnumótun sem samræmist markmiðum Landsnets um stöðugt og öruggt raforkukerfi.
Í átt að hringrásarhagkerfi - Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum	Miðar að því að innleiða hringrásarhagkerfi með áherslu á sjálfbærni, nýtingu auðlinda og minnkun sóunar. Lögð er áhersla á að draga úr úrgangi með því að hanna vörur og þjónustu þannig að þær endist lengur, séu auðvelt að endurnýta og endurvinna. Stefna þessi felur í sér	Gott samræmi. Lögð er áhersla á úrgangsforvarnir, endurvinnslu og sjálfbæra auðlindanýtingu, í samræmi við stefnu hringrásarhagkerfisins.

	að fyrirtæki, stjórnvöld og samfélagið vinni saman að því að loka hringnum í framleiðslu og neyslu, þar sem hráefni eru nýtt aftur í stað þess að enda sem úrgangur. Markmiðið er að skapa verðmæti úr úrgangi, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að nýsköpun í vistvænum lausnum. Hún kallar á breytingar í hönnun, framleiðsluferlum, neysluhegðun og regluverki til að tryggja að vistvænni valkostir verði sjálfsagðir í framtíðinni.	Styðja bann við urðun lífræns úrgangs, aukna flokkun og ábyrgð sveitarfélaga á úrgangsstjórnun.
Í ljósi loftslagsvárs - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum	Stefnan um aðlögun að loftslagsbreytingum er fyrsta heildstæða stefna stjórnvalda á þessu sviði og miðar að því að efla viðnámsþrótt samfélags og náttúru gagnvart loftslagsvá. Hún byggir á vísindalegri þekkingu, áhættumati og viðtæku samráði og setur fram grunnmarkmið, grunnamarkmið og sértæk markmið fyrir helstu málaflokka, svo sem skipulag, innviði, atvinnulíf og lýðheilsu. Lögð er áhersla á réttláta aðlögun, samhæfingu aðgerða, þátttöku almennings og samlegð við mótvægisáðgerðir til að draga úr losun.	Gott samræmi. Leggur áherslu á sjálfbæra þróun með verndun náttúru, eflingu samfélags og fjölbreyttu atvinnulífi þar sem sjávarútvegur, landbúnaður og ferðaþjónusta eru lykilstoðir. Skipulagið bregst við loftslagsvá með aðgerðum til að draga úr losun, auka kolefnisbindingu og aðlaga innviði að aukinni úrkomu, hækkandi sjávarborði og öfgaveðri. Markmið þess eru traustir innviðir, gott búsetuumhverfi og nýting auðlinda á sjálfbæran hátt í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031	Samþætt stefna stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 sem miðar að vernd, endurheimt og sjálfbærri nýtingu gróður- og jarðvegsauðlinda. Hún byggir á vistkerfisnálgun, náttúrumiðuðum lausnum og markmiðum um kolefnishlutleysi, með áherslu á að efla líffræðilega fjölbreytni, auka kolefnisbindingu og styðja við byggðapróun. Stefnan setur fram fimm megináherslur: heil vistkerfi, náttúrumiðaðar lausnir, sjálfbæra landnýtingu, þekkingu og samstarf, og jákvæða byggðapróun.	Gott samræmi. Áhersla er á sjálfbæra nýtingu lands og náttúruauðlinda, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt vistkerfa með landgræðslu, votlendis- og skógræktaraðgerðum. Stefnt er að kolefnisbindingu, náttúrubundnum lausnum og aðlögun að loftslagsbreytingum í sátt við náttúru og samfélag
Landbúnaðarstefna til 2040	Stefnan hefur það meginmarkmið að efla íslenskan landbúnað með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Framtíðarsýnin byggir á heilnæmri framleiðslu, sjálfbærri auðlindanýtingu, tryggu fæðuöryggi og kolefnishlutleysi. Landbúnaður á að stuðla að vernd líffræð “ er samþætt stefna stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 sem miðar að vernd, endurheimt og sjálfbærri nýtingu gróður- og jarðvegsauðlinda. Hún byggir á vistkerfisnálgun, náttúrumiðuðum lausnum og markmiðum um kolefnishlutleysi, með áherslu á að efla líffræðilega fjölbreytni, auka kolefnisbindingu og styðja við byggðapróun. Stefnan setur fram fimm megináherslur: heil vistkerfi, náttúrumiðaðar lausnir, sjálfbæra landnýtingu, þekkingu og samstarf, og jákvæða byggðapróun. Fölbreytni og taka mið af vistkerfum í allri landnýtingu. Áhersla er lögð á að nýting lands styðji við atvinnulíf og	Samræmi að vissu marki. Áhersla er lögð á sjálfbæra landnýtingu, verndun vistkerfa og flokkun landbúnaðarlands, sem er í samræmi við Landbúnaðarstefnu til 2040 þar sem sjálfbær nýting, jarðvegsvernd og hringrásarhagkerfi eru lykilatriði. Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um kolefnishlutleysi, nýsköpun eða alþjóðleg markaðsmál í skipulaginu, sem eru lykilmarkmið í landbúnaðarstefnunni.

	búsetu um land allt, að afurðir og hráefni séu fullnýtt og að kynslóðaskipti og nýliðun í greininni séu tryggð. Stefnan kallar á arðbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, nýsköpun og tækni framfarir, auk menntunar og rannsókna sem styðja við þróun greinarinnar. Velferð dýra, jöfnuður og samfélagsleg gæði eru höfð að leiðarljósi í allri stefnumótun. Til að ná markmiðum stefnunnar verður lögð áhersla á fæðuöryggi, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra landnýtingu, hringrásarhagkerfi, alþjóðleg markaðsmál, neytendamál, nýsköpun, menntun og stuðningskerfi landbúnaðarins. Framkvæmd stefnunnar byggir á fimm ára aðgerðaáætlunum sem verða birtar reglulega.	
Loftslagsþolið Ísland: Tillögur fyrir gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum	Stefnumarkandi tillaga að landsáætlun um aðlögun Íslands að loftslagsbreytingum. Hún byggir á viðtæku samráðsferli og visindalegum gögnum og leggur fram heildstæða sýn á hvernig íslenskt samfélag getur aukið viðnámsþrótt sinn gagnvart loftslagsvá. Í skýrslunni er lögð áhersla á að aðlögun verði hluti af skipulagi, stefnumótun og starfsemi opinberra aðila, atvinnulífs og almennings. Hún kynnir fjórar forgangaðgerðir sem leggja grunn að þekkingarinnviðum: Loftslagsatlas Íslands, vöktunaráætlun, gagnagátt um náttúruvá og kerfislega loftslagsáhættuvísir. Skýrslan útfærir stjórnarhætti, ábyrgðarskiptingu og tímalínu fyrir landsáætlun og aðgerðaáætlanir til 2039, með fyrstu innleiðingu á árunum 2025–2029. Hún greinir frá lykilaðgerðum sem snúa að lögum og regluverki, innviðum, fræðslu og lýðheilsu og leggur áherslu á réttlát umskipti og samvinnu þvert á geira. Markmiðið er að skapa samfélag sem er betur í stakk búið til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og nýta tækifæri til sjálfbærrar þróunar.	Gott samræmi að vissu marki. Lögð áhersla á aðlögun að loftslagsbreytingum, m.a. með vöktun, áhættumati og skipulagsvinnu sem tekur mið af náttúruvá, sem er í samræmi við tillögur <i>Loftslagsþolið Ísland</i> um fjórar forgangaðgerðir og þverfaglega nálgun. Hins vegar vantar í aðalskipulagið skýra tenging við kerfislega loftslagsáhættu, réttlát umskipti og samhæfingu við landsáætlun, sem eru lykilatriði í landsáætlunartillögunni.
Lýðheilsustefna	Byggir á heilbrigðisstefnu og hefur það að markmiði að gera heilsuefingu og forvarnir að samfelldum hluta allrar heilbrigðisþjónustu, sérstaklega innan heilsugæslunnar. Stefnan leggur áherslu á að lýðheilsustarf verði metið út frá gæðum, öryggi, árangri, aðgengi og kostnaðarhagkvæmni. Jafnrétti og jöfnuður eru leiðarljós í allri stefnumótun og framkvæmd.	Samræmi að vissu marki Lögð er áhersla á náttúruvá, skipulag og innviði í ljósi loftslagsbreytinga, sem samræmist lýðheilsustefnu Íslands þar sem jafnrétti, jöfnuður og heilsuefing eru í forgrunni. Þverfaglegt samstarf og samráð við sveitarfélög, sem lýðheilsustefnan kallar eftir, er þannig í takt við aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps. Hins vegar vantar í skipulagið skýrari tengingu við lýðheilsumat og áhrif loftslags á lýðheilsu, sem lýðheilsustefnan leggur áherslu á.

Matvælastefna	Stefnan leggur áherslu á að tryggja örugg og heilnæm matvæli, efla sjálfbæra framleiðslu og auka verðmætasköpun með nýsköpun og rannsóknunum. Hún styður við lýðheilsu með góðu aðgengi að hollum mat og fræðslu um mataræði, og miðar að kolefnishlutleysi í matvælaframleiðslu. Stefnan byggir á samvinnu, virku neytendaaðhaldi og sterkri imynd Íslands sem matvælalands.	Samræmi að vissu marki. Fjallar um mikilvægi góðs aðgengis að hollum mat og tengingu við lýðheilsu. Hins vegar vantar í skipulag Vopnafjarðar skýrari stefnu um matvælaöryggi, vottanir og rekjanleika matvæla, sem eru megináherslur í matvælastefnunni.
Menningarstefna í mannvirkjagerð - Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist	Stjórnvöld setja fram markmið í mannvirkjagerð sem snúa að: 1. Gæðum. 2. Arfi. 3. Þekkingu. 4. Hagrænum þáttum.	Gott samræmi. Lögð áhersla á að vernda sérkenni byggðar og náttúru, sem er í samræmi við menningarstefnu í mannvirkjagerð þar sem sérstaða er styrkur. Hlúa skal sérstaklega að menningararfinum.
Náttúruvá: Stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár	Staða og þróun náttúruverndar á Íslandi og dregur fram helstu áskoranir og tækifæri sem tengjast verndun líffræðilegrar fjölbreytni, vistkerfa og landslags. Hún greinir frá framkvæmd laga og stefnu í náttúruvernd, stöðu friðlýstra svæða og nauðsyn aukins samráðs og samhæfingar milli stofnana og sveitarfélaga. Einnig er fjallað um áhrif loftslagsbreytinga, landnýtingar og ferðamennsku á náttúruna, og bent á mikilvægi þess að efla rannsóknir, fræðslu og þátttöku almennings. Skýrslan leggur áherslu á að náttúruvernd sé grundvöllur sjálfbærrar þróunar og krefjist skýrari forgangsroðunar og aukinna fjárheimilda til að ná markmiðum um vernd og endurheimt náttúru Íslands.	Gott samræmi að vissu marki. Áhersla á sjálfbærni, vernd vistkerfa og náttúruauðlinda, og aðlögun að loftslagsbreytingum. Þetta er í samræmi við náttúruvá-skýrsluna sem kallar á aukna vöktun, rannsóknir og hættumat vegna náttúruvár og loftslagsáhrifa. Hins vegar vantar í skipulagið ítarlegri útfærslu á hættumati og vöktunarkerfum sem náttúruvá-skýrslan leggur til.
Nýsköpunarstefna	Leggur fram framtíðarsýn um Ísland sem leiðandi nýsköpunarsamfélag þar sem hugvit, tækni og frumkvöðlastar þjóna velferð, sjálfbærni og samkeppnishæfni. Lögð er áhersla á að styðja við einstaklinga og fyrirtæki með öflugum umhverfi, menntun, fjármagni og alþjóðlegum tengslum. Nýsköpun er lykillinn að lausn samfélagslegra áskorana og grundvöllur lífsgæða í framtíðinni.	Gott samræmi. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á sjálfbæra þróun, hringrásarhagkerfi og nýtingu auðlinda með virðingu fyrir náttúru og samfélagi. Þetta er í samræmi við nýsköpunarstefnu stjórnvalda, þar sem sjálfbærni, nýsköpun og hringrásarhagkerfi eru lykilhugtök.
Rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins (búvörusamningar)	Búvörusamningar eru gerðir milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands og snúa að stjórnun framleiðslu búvara og stuðningi við landbúnað. Þeir fjalla um þróun nýrra framleiðsluhátta, aukna hagkvæmni og samkeppnishæfni, tryggt vöruframboð og jöfnuð meðal framleiðenda. Samningarnir gilda í tíu ár og eru endurskoðaðir tvisvar sinnum á tímabilinu. Helstu styrktarflokkar eru nautgriparækt, sauðfjárrækt, garðyrkja og önnur verkefni. Ráðuneytið sér um framkvæmd samninganna og breytingar 2024 fela í sér hægari niðurtröppun í sauðfjárrækt, stuðning við lífræna ræktun og fjölbreyttari framleiðslu.	Gott samræmi að vissu marki Lögð áhersla á sjálfbæra þróun, vernd vistkerfa og flokkun landbúnaðarlands í samræmi við leiðbeiningar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þetta er í samræmi við markmið búvörusamninga um sjálfbæran landbúnað og nýtingu lands. Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um búvörusamninga eða stuðningskerfi landbúnaðar í skipulaginu.

Saman gegn sóun- – Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016-2027	Miðar að því að draga úr myndun úrgangs, minnka losun gróðurhúsalofttegunda, bæta nýtingu auðlinda og minnka notkun skaðlegra efna. Lögð er áhersla á nægjusemi, fræðslu og græna nýsköpun. Þrátt fyrir árangur í minni urðun og aukinni endurvinnslu hefur úrgangsmyndun ekki minnkað nægilega og þarf að efla sjálfbæra neyslu, draga úr einnota umbúðum og hanna vörur með minni umhverfisáhrifum. Níu forgangsflokkar eru skilgreindir: matvæli, plast, textill, raftæki, grænar byggingar og pappír til skemmri tíma, og aukaafurðir kjöts og fisks, drykkjarvöruumbúðir og stóriðja til lengri tíma. Stefnan kallar á samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og almennings, hvata í regluverki og aukna fræðslu til að stuðla að hringrásarhagkerfi þar sem úrgangur verður að auðlind.	Gott samræmi. Lögð áhersla á hringrásarhagkerfi, sjálfbæra þróun og að draga úr sóun með aukinni endurnýtingu og flokkun úrgangs. Þá hefur sveitarfélagið verið framarlega í flokkun úrgangs, en allt frá 2012 hefur öllu sorpi verið flokka í 9 flokka. Dreigið hefur verulega úr förgun úrgangs vegna flokkunar.
Samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034	Áhersla er á orkuskipti, fjölbreytta ferðamáta, uppbyggingu almenningsamgangna og göngu- og hjólastíga. Fjölmörgum framkvæmdum er flýtt, þar á meðal jarðgöngum og nýjum brúm, og lögð er áhersla á samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila. Áætlunin inniheldur nýja flugstefnu, heildarstefnu um almenningsamgöngur og sérstaka jarðgangaáætlun, með markmiði um öruggari, umhverfisvænni og hagkvæmari samgöngur um allt land.	Gott samræmi. Í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps er lögð áhersla á að bæta samgöngur til að styrkja byggð og atvinnulíf, sem er í samræmi við markmið Samgönguáætlunar 2020–2034 um að stytta vegalengdir, efla tengingar milli byggða og styrkja atvinnusæði.
Skógar á Íslandi. Stefnumótun á 21. öld	Markar heildarstefnu um uppbyggingu og vernd skóga með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Hún miðar að því að auka skógarþekju úr 1,2% í 12% fyrir árið 2100 og byggja upp fjölbætta skógarauðlind sem styður atvinnu, lýðheilsu og umhverfisvernd. Áherslur eru: hraða endurreisn skóga, efla viðarnytjar og nýsköpun, bæta aðgengi og útivist, vernda jarðveg, vatn og líffræðilega fjölbreytni, og nýta skógrækt sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum. Stefnan kallar á landsáætlun með tímasettum markmiðum, samhæfingu við aðra landnýtingu og virka þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga og almennings.	Gott samræmi. Í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps er lögð áhersla á sjálfbæra þróun, kolefnisbindingu og skógrækt sem hluta af loftslagsaðlögun og vistkerfisvernd. Einnig að skógrækt og útivist séu þöruð saman þegar það á við.
Stefna hönnunar og arkitektúrs	Miðar að því að nýta hönnun sem lykilafl til verðmætasköpunar, sjálfbærni og bættra lífsgæða. Hún leggur áherslu á hönnunardrífna nýsköpun, þverfaglegt samstarf og aukna þátttöku hönnuða í ákvarðanatöku, með markmiðum um sjálfbæra innviðaupbyggingu, menntun framsækinnra kynslóða og aukinn sýnileika íslenskrar hönnunar á alþjóðavettvangi. Stefnan kallar á styrkingu sjóðakerfis, lögfestingu um hönnun og arkitektúr, innleiðingu hringrásarhagkerfis í mannvirkjagerð og aukna fræðslu um höfundarrétt og menningararf.	Gott samræmi. Lagt upp með sjálfbæra þróun, verndun náttúru og vandaða hönnun byggðar, sem er í samræmi við stefnu um hönnun og arkitektúr þar sem sjálfbær innviðaupbygging, algild hönnun og gæði eru í forgrunni.

Stefna í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033	Áhersla á örugga og hagkvæma innviði, viðtækt samstarf og samkeppni, aukið öryggi fjarskiptaneta og tengingar við umheiminn.	Gott samræmi. Í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps er lögð áhersla á trausta innviði, gott aðgengi að upplýsingum og samspil náttúru og byggðar, sem er í samræmi við stefnu í fjarskiptum um öfluga innviði, samþætta þjónustu og sjálfbærar byggðir.
Stefna og aðgerðaáætlun í sveitarstjórnarmálum fyrir árin 2019–2033	Áhersla á öflug og sjálfbær sveitarfélög, trausta innviði og framsækna þjónustu. Markmiðin eru að tryggja jafnt aðgengi íbúa að þjónustu, efla lýðræði og sjálfstjórn sveitarfélaga, stuðla að hagkvæmu skipulagi og nýtingu fjármuna og auka samráð ríkis og sveitarfélaga. Áhersla er á sjálfbærni í félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum þáttum, nýtingu tækni og nýsköpunar, og að sveitarfélög hafi burði til að mæta áskorunum framtíðarinnar, svo sem loftslagsbreytingum, lýðfræðibreytingum og þróun byggða.	Gott samræmi. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á sjálfbærar byggðir, „trausta innviði og samspil náttúru og byggðar, sem er í samræmi við framtíðarsýn stjórnvalda um sjálfbær sveitarfélög, verðmætasköpun og innviði í jafnvægi við umhverfið. Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um lágmarksíbúafjölda, sameiningar sveitarfélaga eða stafræna stjórnsýslu í skipulaginu.
Stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda um vernd og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi	Verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi leggjur áherslu á að tryggja varðveislu og sjálfbæra nýtingu menningararfs með markvissum aðgerðum. Hún miðar að því að efla viðbrögð við náttúruvá og framkvæmdum með aukinni skráningu og mótþægisaðgerðum, styrkja rannsóknir og fagmennsku með tryggðri fjármögnun, auka samstöðu og samráð um vernd, viðhalda handverksþekkingu og fjölga viðhaldsverkefnum, og efla vitund almennings um gildi fornleifa og byggingararfs sem samfélagslegrar auðlindar. Lögð er áhersla á samstarf hagsmunaaðila, nýtingu stafrænnar miðlunar, fræðslu og þátttöku heimafólks, auk þess sem stefnan tengist loftslagsmálum, sjálfbærni og alþjóðlegum skuldbindingum.	Gott samræmi að vissu marki. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á vernd menningarminja, samspil náttúru og byggðar og að menningarleg sérstaða byggðar sé virt og eflað. Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um handverksþekkingu, gagnagrunna eða mótþægisaðgerðir vegna náttúruvá í skipulaginu.
Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku	Stefna um uppbyggingu flutningskerfis raforku með áherslu á afhendingaröryggi, hagkvæmni og sjálfbærni. Markmiðin eru að styrkja kerfið, tengja lykilsvæði, forgangsraða svæðum með skert orkuöryggi og tryggja að það mæti þörfum orkuskipta og atvinnuuppbyggingar. Lögð er áhersla á jafnvægi efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa, nýtingu jarðstrengja þar sem það er hagkvæmt, verndun náttúruverðmæta og að draga úr sjónrænum áhrifum. Uppbyggingin skal vera gagnsæ, byggð á valkostagreiningu og taka mið af náttúruvá, með markmiði um örugga og hagkvæma raforkudreifingu um land allt.	Gott samræmi að vissu marki. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á trausta innviði, orkuskipti og samspil náttúru og byggðar, sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda um að flutningskerfi raforku sé hluti af grunninnviðum samfélagsins og að gæta skuli jafnvægis milli samfélagslegra og umhverfis áhrifa. Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um kerfisáætlanir í skipulaginu.
Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum	Stefnan setur skýrar reglur um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum með áherslu á sjálfbæra þróun, náttúruvernd og jafnræði í ákvarðanatöku. Hún kveður á um að allar	Gott samræmi að vissu marki. Í aðalskipulagi og umhverfisskýrslu Vopnafjarðar er lögð áhersla á verndun náttúru, sjálfbæra þróun og að nýting lands taki mið

	framkvæmdir og uppbygging taki mið af vernd víðerna, vistkerfa og jarðmyndana, að mannvirki falli að landslagi og að samgöngur og útivist raski sem minnst náttúru og upplifun. Áhersla er á gagnsæi, faglega stjórnsýslu, samræmi við skipulagsáætlanir og umhverfismat, ásamt því að tryggja almannahagsmuni umfram sérhagsmuni.	af sérstöðu svæðisins, sem er í samræmi við stefnu um þjóðlendur þar sem vernd víðerna, vistkerfa og náttúrugæða er grundvallarsjónarmið.
Stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni	Stefnan um líffræðilega fjölbreytni leggur áherslu á verndun og sjálfbæra nýtingu lífríkis Íslands, endurheimt vistkerfa og sanngjarna skiptingu ávinninga af erfðaaðlöndum. Hún byggir á alþjóðlegum skuldbindingum og felur í sér aðgerðir til að efla rannsóknir og vöktun, vernda viðkvæm svæði og tegundir, takmarka ágengar framandi tegundir, tryggja örugga umgjörð um erfðabreyttar lífverur og auka fræðslu. Markmiðið er að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, tryggja vistkerfisnálgun í auðlindanýtingu og samþætta náttúruvernd við samfélags- og efnahagsþróun.	Gott samræmi. Lögd áhersla á verndun náttúru, sjálfbæra þróun og að nýting lands taki mið af sérstöðu svæðisins, sem er í samræmi við stefnu þar sem vernd víðerna, vistkerfa og náttúrugæða er grundvallarsjónarmið.
Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	Heildstæð stefna um vernd og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda. Hún byggir á lögum nr. 36/2011 og innleiðir rammatilskipun ESB. Ísland er eitt vatnaumdæmi, skipt í fjögur vatnasvæði með 2.712 vatnshlotum sem flokkuð eru eftir eiginleikum og álagi. Markmiðið er að allt vatn sé í mjög góðu eða góðu ástandi og að ástand rýrni ekki. Ástand er metið út frá vistfræðilegum, efnifræðilegum og vatnsformfræðilegum þáttum, og aðgerða- og vöktunaráætlanir fylgja til að ná markmiðum. Helstu álagsþættir eru fráveita, landbúnaður, fiskeldi, iðnaður og vatnstaka. Áhersla er á samráð, gagnasöfnun, vöktun og endurskoðun, með sex ára vatnahringjum. Opinberar áætlanir og leyfisveitingar skulu samræmast vatnaáætlun, og tengsl eru við heimsmarkmið SP um hreint vatn og líf í vatni. Forgangsmál eru styrking flokkunarkerfa, endurskoðun leyfa, vöktun neysluvatns og aðgerðir fyrir vatnshlot í óvissu eða hættu.	Gott samræmi. Lögd áhersla á verndun vatns og vistkerfa, kerfisbundna Stefna aðalskipulagsins um sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda, vernd votlendis, vatnsbóla og vistkerfa er í samræmi við markmið vatnaáætlunar um að allt vatn sé í góðu ástandi og að tryggja vatnsvernd innan skipulagsáætlana. Áhersla á vatnsverndarsvæði, leyfisveitingar við efnistöku úr ám og viðhald vatnsgæða styður kröfur vatnaáætlunar. Hins vegar er ekki fullt samræmi þar sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir orkuvinnslu og smávirkjunum sem geta haft áhrif á vatnshlot, og umhverfisskýrslan bendir á óvissu um áhrif framkvæmda á vatnafarsbreytingar og mengun, sem krefst frekari mats og aðgerða til að uppfylla umhverfismarkmið vatnaáætlunar.
Vindorka: Valkostir og greining	Markmiðið er að móta skýra, heildstæða stefnu sem styður orkuskipti og kolefnishlutleysi 2040. Hvort vindorkuverkefni eigi að falla undir rammaáætlun eða sérlög, hvernig haga skuli gjalddöku og skiptingu tekna milli ríkis, sveitarfélaga og nærsamfélaga, og hvaða viðmið eigi að gilda um staðsetningu, fjölda og stærð vindorkuvera. Þá er sérstaklega benti á mikilvægi þess að huga að áhrifum á umhverfi og náttúru, svo sem fuglalíf, landslag og hljóðvist, sem og að tryggja aðgengi að jöfnunarorku og skilgreina hlutverk opinberra fyrirtækja á orkumarkaði.	Samræmi að vissu marki. Í aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps er lögd áhersla á sjálfbæra þróun, orkuskipti og markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Í því samhengi er endurnýjanleg orka, þar á meðal vindorka, nefnd sem hluti af sjálfbærri orkunýtingu með skilyrðum um vernd náttúru, lágmörkun raskana og grenndarhagsmuni. Hins vegar eru engin svæði tilgreind til uppbyggingar stórra vindorkuvera. Skipulagið heimilar aðeins litlar vindmyllur til eigin

		nota, en stærri verkefni krefjast skipulagsbreytinga og samþykkis stjórnvalda.
Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027	Hluti af innleiðingu laga um stjórn vatnamála og miðar að því að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda með samræmdri vöktun yfirborðsvatns og grunnvatns. Hún byggir á álagsgreiningu og felur í sér yfirlits-, aðgerðar- og rannsóknavöktun til að meta ástand, fylgjast með langtímabreytingum og árangri aðgerða. Vöktun nær til líffræðilegra, eðlisefnafræðilegra og efnafræðilegra þátta í vatni, forgangsefna og annarra mengunarefna, auk magnstöðu grunnvatns. Á tímabilinu verður vaktað valin vatnshlot í strandsjó, stöðuvötnum og straumvötnum, auk vöktunar á vernduðum svæðum og samkvæmt starfsleyfum. Framkvæmd byggir á alþjóðlegum stöðlum og niðurstöður nýtast til ástandsflökkunar og endurskoðunar áætlana.	Gott samræmi að vissu marki. Áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda, vernd vistkerfa og gæði vatns, í samræmi við lög um stjórn vatnamála og markmið um að tryggja gott ástand vatns og vistkerfa. Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um vöktun vatnsgæða eða áhrif framkvæmda á vatnshlot í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps.

5.4.3. Stefnur og áætlanir á svæðisvísu:

5.4.3.1. Svæðisskipulag Austurlands

Fjarðabyggð, Fljótshlíshreppur, Múlaþing og Vopnafjarðarhreppur samþykktu svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 í september 2022. Skipulagsstofnun staðfesti svo skipulagið 12. október

2022. Með svæðisskipulaginu er sett fram sameiginleg stefna sveitarfélaganna í málefnum þar sem hagsmunir þeirra fara saman. Tilgangur Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044 er að marka sameiginlega langtíma framtíðarsýn og

meginstefnu sveitarfélaganna fjögurra í umhverfis- og byggðamálum, sem stuðlar að því að svæðið geti betur virkað sem landfræðileg, hagræn og félagsleg heild sem styrkir byggðarþróun.

Stefna aðalskipulags	Leiðarljós svæðisskipulags	Samræmi við aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2040
Umhverfi og auðlindir: Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa	Góð heimkynni: Umhverfið, hið manngerða sem og náttúrulega, verður heilnæmt, vistvænt og öruggt. Það verður gott að búa á Austurlandi og eftirsóknarvert að sækja það heim. Viðfangsefni markmiðanna snúa að því að Austurland sé: - Svæði þar sem unnið er að því að styrkja viðnámsþrótt gagnvart hnattrænum loftslagsbreytingum og viðhalda heilbrigði staðbundinna vistkerfa. - Svæði þar sem borin er virðing fyrir verðmætu náttúrufari og landslagi og lögð áhersla á að móta aðlaðandi staði út frá landslagssérkennum, sögu og heilnæmi. Ævintýri líkast: Menningarlífið er blómlegt og fjölbreyttir möguleikar eru til að stunda útivist og íþróttir, sem gerir landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa og heimsækja. - Svæði þar sem eru framúrskarandi aðstæður til að njóta margs konar útivistar og fyrirmyndaraðstaða fyrir alls konar íþróttir.	Gott samræmi. Í aðalskipulaginu er horft til þess að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Við uppgræðslu skulu markmið sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi, m.a. við val á plöntum og trjátegundum til gróðursetningar. Þar sem óvissa ríkir um áhrif loftslagsbreytinga er stefnt að frekari gagnaöflun til að undirbúa sveitarfélagið undir hraðar breytingar í veðurfari vegna loftslagsbreytinga. Helstu umhverfis og landslagseinkenni í sveitarfélaginu eru talin fram og landnotkun þar takmörkuð að mestu við útivist.

<i>Samfélag: Góðum lífsgæðum íbúa viðhaldið</i>	Sterkt samfélag: Samfélagið er samheldið og virkt þekkingarsamfélag með ríkan og skapandi mannauð og góðar aðstæður til náms og heilbrigðis. - Svæði þar sem sveitarfélög, fyrirtæki og íbúar sameinast um að byggja upp fjölbreytt og öflugt samfélag. - Svæði þar sem viðtæk þekking, skapandi hugsun og vaxandi nýsköpun einkennir öll svið samfélagsins. - Svæði þar sem að íbúar hafa gott aðgengi að grunnþjónustu, tækifærum til heilsueflingar og njóta góðrar heilbrigðisþjónustu. Ævintýri líkast: Menningarlífið er blómlegt og fjölbreyttir möguleikar eru til að stunda útivist og íþróttir, sem gerir landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa og heimsækja. - Samfélag sem býður upp á framúrskarandi aðstæður og fyrirmyndaraðstöðu til að iðka fjölbreytt lista- og menningarlíf. - Svæði þar sem eru framúrskarandi aðstæður til að njóta margs konar útivistar og fyrirmyndaraðstaða fyrir alls konar íþróttir.	Gott samræmi. Í aðalskipulaginu er horft til þess að veita góða þjónusta á efri árum, t.d. með framboði þjónustuíbúða og stutt við þá eldri borgar sem búa enn í eigin húsnæði. Miðað er við að íbúar geti sótt alla helstu þjónustu innan sveitarfélagsins, eins og unnt er að veita á svæðisvísu. Þá er það eitt markmið að íbúar njóti góðrar aðstöðu fyrir íþróttir, útivist og daglega hreyfingu í náttúrulega umhverfi. Tengja eigi útivistarsvæði með stigum, þannig að stígar myndi net gönguleiða og tenginga frá þéttbýlinu og að dreifðari byggð. Aðgengi almennings um þéttbýlið skuli tryggt með greiðum stíga- og gatnatengingum, sem mæti m.a. þörfum hreyfihamlaða, barna og eldri borgara.
<i>Veitum svigrúm fyrir stöndugt atvinnulíf</i>	Svæði sóknarfæra: Atvinnulífið nýtir auðlindir svæðisins á sjálfbæran hátt í sátt við samfélagið. Nýsköpun, þekking og rannsóknir verða æ styrkari grundvöllur atvinnusköpunar og framþróunar. - Svæði þar sem eru skýrar lykiláherslur um atvinnuþróun og hefðbundnir og nýrri hornsteinar atvinnulífsins styrkjast. - Svæði þar sem er stuðlað að verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og góður matur er í boði fyrir íbúa og gesti. - Svæði þar sem skógur vex vel í þágu umhverfis, atvinnusköpunar og útivistar. - Svæði þar sem rekin er sjálfbær, ábyrg og öflug ferðaþjónusta allt árið um kring.	Gott samræmi. Í aðalskipulaginu er litið til þess að grunnstoðir atvinnulífsins, sjávarútvegur og landbúnaður, hafi rými til að dafna áfram. Þá er sveitarfélagið opið fyrir nýjum tækifærum í smáiðnaði þar sem staðbundnar auðlindir eru nýttar og/eða endurnýttar á vístvænan hátt. Aukin fjölbreytni eykur sveigjanleika samfélagsins og atvinnulífsins til lengri tíma lítið, og eykur seiglu til lengri tíma fyrir áföllum og forsendubrestum. Hugað sé að góðri aðstöðu fyrir smáiðnað, nýsköpun, vinnu án staðsetningar, menningarstarfsemi og listir. Þá er miðbærinn styrktur svo hann verði eftirsóttur viðkomustaður innlendra- sem erlendra ferðamanna. Uppbygging á svæðinu taki mið af sögu staðarins. Tækifæri í ferðaþjónustu hafa verið skoðuð og færi er á að bæta hótél- og gistiþjónustu í sveitarfélaginu. Í aðalskipulaginu er opið á tækifæri fyrir frekari uppbyggingu í ferðaþjónustu sem taka tillit til sérkenna svæðisins.
	Ævintýri líkast: Menningarlífið er blómlegt og fjölbreyttir möguleikar eru til að stunda útivist og íþróttir, sem gerir landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa og heimsækja. - Samfélag þar sem gestir eru velkomnir og geta skyggst inn í og verið þátttakendur í daglegu lífi íbúa. - Samfélag sem býður upp á framúrskarandi aðstæður og fyrirmyndaraðstöðu til að iðka fjölbreytt lista- og menningarlíf. - Svæði þar sem eru framúrskarandi aðstæður til að njóta margs konar útivistar og fyrirmyndaraðstaða fyrir alls konar íþróttir.	Ýmis tækifæri eru til staðar í skógrækt í Vopnafirði, sér í lagi ef horft til möguleika á samlegðaráhrifum með útivist, skjólmyndun og uppgræðslu. Taka þarf tillit til búsetulandslags og náttúru- og menningarmínja eins og kostur er og forðast verði að skerða berjalönd, votlendi og mikilvæg sjónarhorn til kennileita eða fjalla.

<i>Tryggjum trausta innviði</i>	Svæði sóknarfæra: Atvinnulífið nýtir auðlindir svæðisins á sjálfbærán hátt í sátt við samfélagið. Nýsköpun, þekking og rannsóknir verða æ styrkari grundvöllur atvinnusköpunar og framþróunar.	Gott samræmi. Í aðalskipulaginu er horft til þess að innviðir séu byggðir upp á forsendum íbúa og atvinnulífs án þess að skerða viðkvæm vistkerfi.
---------------------------------	---	--

5.4.3.2. Aðrar áætlanir á svæðisvísu

Áætlun	Markmið og áherslur áætlana	Samræmi við aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2040
Áfangastaðaaáætlun Austurlands 2022-2025	Leiðarvísir að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu á Austurlandi með áherslu á jákvæð áhrif á búsetugæði, náttúruvernd og fjölbreyttar upplifanir allt árið. Markmið eru að styrkja innviði, efla menningu og matvælaframleiðslu, lengja dvöl gesta og byggja upp Austurland sem heilsársáfangastað. Áætlunin byggir á samstarfi sveitarfélaga, fyrirtækja og íbúa og fylgir stefnu Svæðisskipulags Austurlands 2022–2044.	Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps byggir á sjálfbærri þróun og hringrásarhagkerfi með áherslu á vernd náttúru, fjölbreytt atvinnulíf og trausta innviði. Skipulagið tekur mið af loftslagsbreytingum, landnotkun, ferðaþjónustu og orkumálum, með skýrum stefnum og skilmálum til að tryggja jafnvægi milli umhverfis, samfélags og efnahags. Markmið er að skapa gott búsetuumhverfi, styrkja þjónustu og nýta auðlindir á ábyrgan hátt.
Kolefnisspor Austurlands 2022	Stefnan felur í sér að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Austurlandi með áherslu á fjóra lykilþætti: endurheimt votlendis, sem er stærsta tækifærið til samdráttar; rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja til að koma í veg fyrir oliubrennslu; endalok urðunar með því að beina úrgangi í orkuvinnslu; og loftslagsvænni vegasamgöngur með orkuskiptum, innviðum og skipulagsbreytingum. Aðgerðirnar krefjast samstarfs sveitarfélaga, fyrirtækja og ríkis og byggja á áreiðanlegu losunarbókhaldi til að fylgjast með árangri.	Aðalskipulagið leggur áherslu á kolefnishlutleysi fyrir 2040, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aukna bindingu með skóg- og votlendisverkefnum. Styður orkuskipti, hringrásarhagkerfi og aðlögun að loftslagsbreytingum, sem er í samræmi við stefnu Kolefnisspors austurlands um orkuskipti, endurheimt votlendis og lokun urðunar. Markmið og aðgerðir eru því samhljóða um sjálfbæra þróun, vistkerfisvernd og minnkun kolefnisspors samfélagsins.
Sóknaráætlun Austurlands 2025-2029	Áætlunin byggir á fjórum meginsviðum: Góð heimkynni, Sterkt samfélag, Svæði sóknarfæra og Ævintýri líkast. Lögð er áhersla á bættar samgöngur, aukið húsnæðisframboð, uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar, eflingu menntunar og nýsköpunar, sjálfbæra nýtingu auðlinda og fjölbreytt menningar- og íþróttalíf. Markmiðin miða að því að gera Austurland að heilnæmu, vistvænu og eftirsóknarverðu svæði til búsetu, starfa og heimsóknna.	Skipulagið byggir á sjálfbærni, hringrásarhagkerfi og vernd vistkerfa, með áherslu á kolefnishlutleysi, loftslagsaðlögun og fjölbreytt atvinnulíf. Samræmi er tryggt með skýrum tengingum við heimsmarkmið Sp, lög og aðgerðaáætlanir, þó sum atriði, t.d. kerfislæg loftslagsáhætta og matvælaöryggi, séu ekki að fullu útfærð.
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi	Sameiginleg stefna fjögurra sveitarfélaga sem fellst í að draga úr úrgangsmyndun, auka endurvinnslu og lágmarka urðun í samræmi við markmið hringrásarhagkerfisins. Áætlunin byggir á stöðugreiningu ársins 2023 og felur í sér 20 aðgerðir sem snúa að úrgangsforvörnum, bættri söfnun og flokkun, uppbyggingu innviða og samræmingu gjaldskráa. Lögð er áhersla á aukna sérsöfnun, nýting lífræns úrgangs, mögulega uppbyggingu sorporkuvers og aðgerðir til að ná lögbundnum endurvinnsluhlutföllum og draga úr kolefnisspori.	Aðalskipulag Vopnafjarðar leggur áherslu á sjálfbæra þróun, verndun náttúrugæða og aðlögun að loftslagsbreytingum. Stefnt er að aukinni endurnýtingu og minni sóun í samræmi við hringrásarhagkerfi, með áherslu á flokkun úrgangs, endurheimt vistkerfa og kolefnisbindingu. Sveitarfélagið hefur þegar tekið upp viðtæka flokkun og hyggst þróa innviði til að ná landsmarkmiðum um úrgangsstjórnun og kolefnishlutleysi fyrir 2040. Vopnafjarðarhreppur hefur verið leiðandi í flokkun úrgangs frá árinu 2012 og býður upp á niu flokka fyrir sorp. Hefur þar að leiðandi dregið verulega úr urðun sorps í sveitarfélaginu.

5.4.3.3. Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

Áætlun	Tenging	Samræmi við aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2040
Aðalskipulag Fljótaldalshéraðs 2008-2028	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Norðurlþings 2010-2030	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.

5.4.4. Stefnur og áætlanir á staðarvísu

5.4.4.1. Áætlanir og stefnur sveitarfélagsins

Áætlun	Markmið og áherslur áætlana	Samræmi við aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2040
Húsnæðisáætlun Vopnafjarðarhrepps	Áhersla er á þéttingu byggðar í Vopnafirði, nýtingu lausra lóða og skipulagningu til að tryggja framboð til framtíðar. Áætlað er lítil íbúðabörf næstu ár, en lögð er áhersla á hagkvæmar leiguíbúðir og fjölbreytt búsetuform, sérstaklega fyrir eldri borgara. Sveitarfélagið tengir húsnæðisuppbýggingu við atvinnuþróun, m.a. mögulega uppbyggingu í Finnafirði, og vill tryggja virkan leigumarkað og nægilegt framboð lóða.	Ýmsar forsendur sem nýtast við vinnuna á aðalskipulaginu og tillögur að aðgerðum til að bæta húsnæðismál. Tryggja fjölbreytt framboð íbúðarhúsnæðis, þétta byggð innan núverandi marka og nýta land með sjálfbærum hætti. Áherslu á aðlögun að loftslagsbreytingum, góða innviði og að skapa aðlaðandi búsetuskilyrði. Styðja við fjölbreytt atvinnulíf og þjónustu sem forsögu fyrir stöðuga byggð.
Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastefna	Stefnan leggur áherslu á fjölbreytt íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf sem stuðlar að heilsuefningu, forvörnum og félagslegri þátttöku. Markmiðið er að tryggja öllum börnum og ungmennum jöfn tækifæri til hreyfingar og fristunda, efla almenningsíþróttir og styðja við keppnis- og afreksíþróttir. Jafnframt er lögð áhersla á skapandi og uppbyggilegt tómstundastarf fyrir alla aldurshópa, gott aðgengi að aðstöðu og fagmennsku í starfi.	Áherslu á sjálfbæra þróun, heilsuefningu og bætt lífsgæði íbúa. Íþrótt- og æskulýðsstefnan styður við markmið aðalskipulags um fjölbreytt tækifæri til útivistar og hreyfingar, þar sem náttúruvernd og aðgengi að opnum svæðum eru lykilatriði. Samræmi er einnig í áherslu á samfélagslega þátttöku, forvarnir og að skapa öruggt, aðlaðandi umhverfi fyrir börn og ungmennt.
Jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps	Áætlunin miðar að því að tryggja jafna stöðu kynjanna í allri starfsemi sveitarfélagsins með samþættingu jafnréttissjónarmiða í stefnumótun, þjónustu og fjármál. Lögð er áhersla á launajafnrétti, jöfn tækifæri til starfa, stjórnunar og menntunar, auk sveigjanleika til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þá er markmið að	Gætt verður að samræmi við markmið og leiðir jafnréttisáætlunar bæði við vinnu skipulagsáætlunarinnar sem og í samráðsferlinu við gerð aðalskipulagsins, Aðalskipulagið leggur áherslu á sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð, þar sem mannréttindi, jöfn tækifæri og aðgengi eru grundvallarþættir. Skipulagið tekur þetta upp í viðara samhengi með áherslu á lífsgæði, þjónustu og jafnræði í

	uppræta kynbundið ofbeldi og mismunun og tryggja jafnrétti í allri þjónustu og styrkveitingum.	skipulagi byggðar, en jafnréttisáætlunin útfærir það með aðgerðum um kynjasambættingu, launajafnrétti og jafnan aðgang að þjónustu og störfum. Samræmið felst í markmiðum um jafnrétti, þátttöku og sambættingu í allri stefnumótun.
Verndarsvæði í byggð: miðsvæði Vopnafjarðarkauptúns	Miðar að því að gera elsta hluta Vopnafjarðarkauptúns að verndarsvæði í byggð til að tryggja varðveislu sögulegs svipmóts, menningarsögu og listræns gildis. Lögð er áhersla á verndun og endurgerð húsa, heildarsýn á þölmörk og skipulag svæðisins, og að ný mannvirki taki mið af hlutföllum og svipmóti byggðarinnar. Uppbygging skal styðja lifandi miðsvæði þar sem saga og nútími mætast með virðingu fyrir arfleifð og tækni samtímans.	Tekið verður tillit til þeirra hugmynda um miðsvæði þéttbýlisins sem koma fram í tillögu að verndarsvæði í byggð við gerð aðalskipulagsins. Skipulagið leggur áherslu á vernd menningararfs og byggðarmynsturs, sjálfbæra þróun og að ný mannvirki falli að staðháttum. Aðalskipulagið setur þetta í viðara samhengi með stefnu um landnotkun, náttúruvernd og samfélagsþróun, en fer dýpra í sérstaka vernd elsta hluta Vopnafjarðarkauptúns, með skilmálum um varðveislu húsa og ásýndar. Samræmið felst í áherslu á heildarsýn, virðingu fyrir sögu og aðlögun nýbygginga að umhverfi.

5.4.4.2. Deiliskipulagsáætlanir

Áætlun	Samræmi við aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2040
Deiliskipulag fyrir veiðihús í Ytri-Hlíð, Vopnafirði	Í samræmi
Deiliskipulag Þverárvirkjun í Vopnafirði	Í samræmi
Deiliskipulag athafna- og urðunarsvæðis á Búðaröxl	Ósamræmi. Meirihluti athafnasvæðis breytt í aðalskipulagi. Ekki er búið að úthluta athafna lóðum.
Íþróttasvæði Vopnafjarðar	Í samræmi
Deiliskipulag miðhluta hafnarsvæðis í Vopnafirði	Í samræmi
Deiliskipulag miðbæjar Vopnafjarðarkaup	Í samræmi

6. UMHVERFISMAT

Aðalskipulag Vopnafjarðhrepps til 2040 er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati samkvæmt 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismatið er unnið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tilgangur matsvinnunnar er að:

- Draga fram og skilgreina líkleg áhrif skipulagstillögu á umhverfið.
- Bera saman umhverfisáhrif valkosta.
- Bregðast við fyrirsjáanlegum neikvæðum áhrifum sem fyrst, og koma í veg fyrir óþarfa rask.
- Stuðla að því að tillit sé tekið til umhverfisins áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar m.t.t. sjálfbærar þróunar.
- Skilgreina vöktun og mótvægisáðgerðir þar sem það á við.
- Stuðla að samræmi og greina frá tengslum skipulagstillögu við aðrar stefnur og áætlanir.
- Að kynna væntanleg umhverfisáhrif skipulagstillögunnar og gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum við mótun hennar.

6.1. Viðmið

Viðmið eru sótt í þær stefnur og áætlanir sem taldar eru upp í fyrri kafla. Einnig verður horft til eftirfarandi laga:

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Lög um loftslagsmál nr. 70/2012
- Lög um menningarmínjar nr. 80/2012
- Lög um skógrækt á lögbýlum nr. 95/2006
- Lög um búfjárhald nr. 38/2013

6.2. Aðferðir

Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana og flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis sem fjallað er um í köflum 1 og 2 hér á undan.

Ef stefna aðalskipulags hefur í för með sér framkvæmdir sem eru háðar umhverfismati framkvæmda, samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021, verða áhrif þeirra á umhverfið metin á seinni stigum. Slíkt mat er á ábyrgð framkvæmdaraðila og þarf að vinna áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.

6.2.1. Umhverfisþættir

Með hugtakinu umhverfisþættir er átt við þá þætti umhverfisins sem stefna aðalskipulagsins getur hugsanlega haft áhrif á. Við greiningu umhverfisþátta var tekið mið af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa, ásamt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfisþættirnir voru valdir með hliðsjón af þeim breytingaráformum sem skipulagstillagan boðar. Þar sem um stefnumörkun er að ræða í mörgum landnotkunar- og málaflokkum er mismunandi hvaða umhverfisþættir eiga við í hverju tilviki.

6.2.2. Vægi og einkenni áhrifa

Við mat á áhrifum voru notaðar fjórar vægiseinkunnir við matið:

+	Jákvæð áhrif	Áhrifin talin verða jákvæð. Ekkert aðhafst frekar.
-	Neikvæð áhrif	Áhrif talin verða neikvæð. Áhrifum lýst nánar m.t.t umfangs og líkum. Leitað leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum.
<>	Óveruleg áhrif	Áhrif eru óveruleg, hlutlaus eða lítil sem engin. Ekkert aðhafst frekar.
?	Óvissa um áhrif eða háð frekari útfærslu	Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa vegna skorts á upplýsingum, tækni eða þekkingu. Og/eða áhrif eru háð útfærslu á síðari stigum skipulags eða í framkvæmd.

Ef líkur eru á neikvæðum áhrifum verða þau skoðuð nánar og metið hvort þau teljist lítil (neikvæð en óveruleg), miðlungs (neikvæð) eða mikil (veruleg og neikvæð) út frá einkennum áhrifa (umfang/stærð) og gildi umhverfispáttar (mikilvægi/viðkvæmni). Séu áhrif neikvæð á umhverfispætti eru skoðaðar mögulegar mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum, eða stillt upp öðrum valkostum með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum. Leitað er leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum í samræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun.

Tafla 6.1 Þeir umhverfispættir og umhverfisvísar sem verða skoðaðir við umhverfismat skipulagsáætlunarinnar. Umhverfisvísar veita skýrari mynd á hvað er verið að skoða.

Loftslag	Lífriki	Landgæði	Vatn & fjörur	Menningar-minjar	Íbúar & heilsa	Efnahagur & auðlindir	Slys & hamfarir
Losun gróðurhúsa-lofttegunda	Gróður	Landslag & víðerni	Grunnvatn	Fornleifar & minjar	Íbúapróun	Atvinnu-möguleikar	Náttúruvá
Bindingu kolefnis	Dýralíf	Jarðfræði & jarðmyndanir	Vatnsvernd		Gæði byggðar & búsetu	Efnahagur & verðmæti	Slysaætta
	Búsvæði	Náttúruminjar	Straum- & stöðuvötn		Félagsmál	Samgöngur & veitukerfi	
	Vistgerðir	Jarðvegur	Strandsvæði & sjávarbotn		Mengun & óþægindi	Nýting auðlinda	
	Líffræðilegur fjölbreytileiki						

6.2.3. Breytt landnotkun ekki til mats

Eftirfarandi eru dæmi um breytingar sem hafa verið gerðar á landnotkun í samræmi við ný lög og reglugerðir og/eða fela í sér óverulega breytingu á stefnu um þessi svæði og eru því ekki til frekari umfjöllunar:

- Íþróttasvæði kaupsins og golfvöllur: Landnotkunarflokkur breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í íþróttasvæði.
- Tjaldsvæðið við Lónabraut breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í afþreyingar og ferðamannasvæða.
- Kirkjugarðar afmarkaðir í stað opins svæðis til sérstakra nota.
- Breytt framsetning fyrir blandaða landnotkun. Reitir sem áður voru með blandaðri landnotkun (röndótt) eru nú litaðir með ríkjandi landnotkun svæðisins en skilmálar vegna annarrar landnotkunar er getið í skilmálum.
- Flugvallarsvæði afmarkað um flugbraut og þjónustubyggingar. Landnotkunarflokkur breytt úr samfélagsþjónustu í flugvallarsvæði (FV).
- Strandsvæðum bætt við. Nýir landnotkunarreitir afmarkaðir frá strandlínu að sveitarfélagsmörkum, 115 metrum utan við stórstraumsfjörumörk.
- Afmörkun íþróttasvæðis undir hesthús og aðstöðu hestamannafélagsins Glófaxa.

6.2.4. Atriði til mats

Teknar eru fyrir þær breytingar á landnotkun og ráðstöfun lands sem talin líkleg til að hafa áhrif á umhverfið.

Lögd er áhersla á að greina hvaða þættir í stefnumörkun aðalskipulagsins geta valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum. Meginmarkmiðið er að koma í veg fyrir óþægileg umtalsverð umhverfisáhrif. Við framfylgd skipulagsins eru áhrif á umhverfið hins vegar óumflýjanleg. Hlutverk umhverfismats er þá að varpa ljósi á möguleg áhrif og leita leiða til að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum.

Eftirfarandi þættir aðalskipulagsins eru helst taldir geta valdið umhverfisáhrifum:

- Stefnumörkun sem getur leitt af sér athafnir og/eða uppbyggingu sem hefur áhrif á umhverfið.
- Breyting á landnotkun þar sem óraskað land er brotið undir nýja landnotkun. Skoða þarf áhrif af nýbyggingum, vegum, veitum og stígum.
- Uppbygging eða breyting á landnýtingu á þegar byggðum svæðum. Skoða þarf áhrif af þéttingu byggðar, breytta notkun húsnæðis eða breytt starfsemi.
- Uppbygging eða stækkun samgöngumannvirkja (vegir, stígar, flugvællir og hafnir).

6.3. Mat á áhrifum stefnumótunar

6.3.1. Umhverfi og auðlindir

Stefna fyrir umhverfi og auðlindir: Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa		
Loftslag	+	Áhrif metin jákvæð. Sett eru markmið um að leita leiða til að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sveitarfélaginu.
Lífriki	+	Áhrif metin jákvæð. Settir eru skilmálar fyrir uppgræðslu þar sem hafa skal markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi, m.a. við val á plöntum og trjátegundum til gróðursetningar, auk þess að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.
Landgæði	+	Áhrif metin jákvæð. Markmið eru sett um að gætt sé að einstakri ásýnd lands í Vopnafirði þar sem breiðir dalir ganga upp úr firðinum og jökulsrofnir hryggir skilja þá að. Þá eru setti skilmálar um að frekari vegagerð er ekki leyfileg um öbyggð svæði, sér í lagi um heiðarnar. Núverandi slóðar verði nýttir áfram og skoðað hvort lokaðir slóðar henti til útivistar, göngu, hjóla eða sem reiðleiðir. Settir eru skilmálar um að mannvirki og byggð skuli falla veð að umhverfi sínu, ný mannvirki taki mið af arfleið, landslagi og staðhættum.
Vatn & fjörur	+	Áhrif metin jákvæð. Ekki eru sett markmið eða skilmálar sem snúa beint að vatni eða fjörum. Strandsvæði (ST) eru merkt á uppdrátt í samræmi við skipulagsreglugerð. Þá eru ákveðnir hlutar strandlengjunnar verndaðir með sérskilmálum. Vatnsvernd er óbreytt.
Íbúar & heilsa	+	Áhrif metin jákvæð. Markmið ná meðal annars til þess að tryggja og bæta útivistarmöguleika, t.d. með stígagerð. Settir eru skilmálar sem eiga að bjóða upp á aukin gæði byggðar með því að mannvirki og byggð skuli falla veð að umhverfi sínu, ný mannvirki taki mið af arfleið, landslagi og staðhættum. Metið er sem svo að skilmálar sem snúa að vernd og draga skuli úr neikvæðum umhverfisáhrifum dragi úr líkum á mengum og óþægindum íbúa.
Verðmæti & minjar	+	Áhrif metin jákvæð. Stefna er sett á sjálfbæra nýtingu auðlinda. Þá eru settir skilmálar um hagkvæma nýtingu jarðefna þar sem um takmarkaða auðlind er að ræða. Skilmálar eru settir um að ný mannvirki, þar með talin samgöngumannvirki, taki mið af arfleið, landslagi og staðhættum. Ganga skuli frá með öllu rofi á yfirborði með staðgróðri.
Slys & hamfarir	+	Áhrif metin jákvæð. Sveitarfélagið setur sér stefnu um að skrá og undirbúa sveitarfélagið undir hraðari breytingar í veðurfari vegna loftslagsbreytinga.

6.3.2. Samfélag

Stefna fyrir samfélag: Góðum lífsgæðum íbúa viðhaldið		
Loftslag	+	Áhrif metin jákvæð. Meðal markmiða er að byggðin í Vopnafjarðarkauptúni dreifi ekki úr sér um of svo vegalengdir ýti undir akstur. Er það talið leiða til minni losunar GHG.
Lífriki	<>	Óveruleg. Þó eru sett markmið um að íbúar njóti góðrar aðstöðu fyrir íþróttir, útivist og daglega hreyfingu í náttúrulega umhverfi. Er það talið styrkja tengsl manneskjunnar við náttúruna sem leiði til betri vitundar um náttúruna og lífríki.
Landgæði	+	Áhrif metin jákvæð. Settir eru skilmálar um að mannvirki og byggð skuli falla veð að umhverfi sínu, ný mannvirki taki mið af arfleið, landslagi og staðhættum. Þá er lögð áhersla á þéttingu byggðar og samfelli við núverandi byggð.
Vatn & fjörur	<>	Áhrifin talin verða óveruleg. Stefnur og skilmálar munu hvorki
Íbúar & heilsa	+	Áhrif metin jákvæð. Sett er stefna og markmið um tryggja fjölbreyttar gerðir íbúða og nægt lóðaframboð. Einnig stefna um boðið sé upp á góða þjónustu á efri, árum og að íbúar geti sótt alla helstu þjónustu innan sveitarfélagsins, eins og unnt er að veita á svæðisvísu. Þá er það eitt að markmiðum að íbúar njóti góðrar aðstöðu fyrir íþróttir, útivist og daglega hreyfingu í náttúrulega umhverfi, og að aðgengi almennings um þéttbýlið sé tryggt með greiðum stíga- og gatnatengingum, sem mæti m.a. þörfum hreyfihamlaða, barna og eldri borgara.
Verðmæti & minjar	+	Jákvæð áhrif. Settir eru skilmálar um að ný mannvirki taki mið af arfleið, landslagi og staðhættum.
Slys & hamfarir	<>	Áhrifin metin óveruleg. Stefnur og skilmálar leiða ekki til aukinnar áhættu á slysum eða hamförum.

6.3.3. Atvinnulíf

Stefna fyrir atvinnulíf: Veitum svigrúm fyrir stöndugt atvinnulíf		
Loftslag	?	Áhrifin eru talin óljós og háð frekari útfærslum á síðari stigum. Fjallað er um tækifæri séu til staðar að bæta nýtingu landbúnaðarlands í samræmi við hugmyndir um minni sóun, kolefnisfótspor og matvælaöryggi, en er ekki útfært nánar.
Lífriki	?	Áhrifin eru talin óljós og háð frekari útfærslum á síðari stigum. Í stefnu og markmiðum er stefna sett á að uppbygging ferðaþjónustu byggji á sérkennum staðarins, friðsældinni að vera úr alfaraleið og nálægðin við heiðarnar. Sú stefna kann að ýta undir frekari vitundavakningar um lífríki staðarins, sérkenni þess og þar með verndun þess.
Landgæði	?	Áhrifin eru talin óljós og háð frekari útfærslum á síðari stigum. Í stefnu og markmiðum er stefna sett á að uppbygging ferðaþjónustu byggji á sérkennum staðarins, friðsældinni að vera úr alfaraleið og nálægðin við heiðarnar. Sú stefna kann að ýta undir frekari vitundavakningar um landgæði og verndun þeirra.
Vatn & fjörur	?	Áhrifin eru talin óljós og háð frekari útfærslum á síðari stigum. Ekki er fjallað sérstaklega um vatnsvernd eða strandsvæði í stefnum eða skilmálum sem varða atvinnulíf.
Íbúar & heilsa	+	Áhrifin metin jákvæð. Komið er inn á styrkingu atvinnugreina, stuðning við nýsköpun og tækifæri í smáiðnaði, sem mun bæta atvinnumöguleika íbúa og búsetuskilyrði.
Verðmæti & minjar	+	Jákvæð áhrif. Í stefnunni kemur fram að sveitarfélagið er opið fyrir nýjum tækifærum í smáiðnaði þar sem staðbundnar auðlindir eru nýttar og/eða endurnýttar á vistvænan hátt. Þá er stefna sett á að ferðaþjónusta byggji á sérkennum staðarins, friðsældinni að vera úr alfaraleið og nálægðin við heiðarnar.
Slys & hamfarir	<>	Stefna og skilmálar er varðar atvinnulíf eru talin hafa engin teljanleg áhrif slys eða hamfarir.

6.3.4. Grunnkerfin

Stefna fyrir grunnkerfin: Tryggjum trausta innviði		
Loftslag	?	Áhrifin eru talin óljós og háð frekari útfærslum á síðari stigum.
Lífriki	?	Áhrifin eru talin óljós og háð frekari útfærslum á síðari stigum.
Landgæði	+	Áhrifin eru metin jákvæð. Setti eru skilmálar um mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum. Kemur meðal annars fram að ávallt skuli huga að vönduðum frágangi svo mannvirki falli vel að umhverfi sínu og náttúru. Við lagningu lagna í jörð skal fyrst horfa til þess að leggja um raskað svæði s.s. meðfram vegum og slóðum. Huga skuli að nýtingu staðargróðurs og gæta þess að frágangur falli vel að landslagi sem fyrir er. Ef vegslóði er talinn óþarfur skal loka honum og ganga frá með því að notast við efni af staðnum og staðargróður látni græða sárin. Á melum og ógrónum svæðum skal jafna land svo líkast því sem fyrir er. Markmiðið er svæði eftir aflagða vegi taki á sig mynd aðliggjandi svæða.
Vatn & fjörur	+	Áhrifin eru metin jákvæð. Settir eru skilmálar sem ekki eru núverandi aðalskipulagi. Eru skilmálar um að ekki er gert ráð fyrir neinum mannvirkjum innan strandsvæða, fyrir utan skólpælu- og hreinsistöðvar eða önnur veitumannvirki. Framkvæmdir og frágangur þeirra skal þá miða af því að draga úr hættu á mengun strandsvæða og sjávar. Hönnun og frágangur mannvirkja skal falla vel að umhverfinu og ekki valda mengun eða óþægindum.
Íbúar & heilsa	+	Áhrifin eru metin jákvæð. Horft er til þess að sveitarfélagið sé í góðri stöðu til uppbyggingar atvinnulífs og fjölgun íbúa, og taka markmiðin mið af því.
Verðmæti & minjar	+	Jákvæð áhrif. Markmiðin taka mið af því að grunnkerfin styðji við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun.
Slys & hamfarir	<>	Stefna og skilmálar er varðar grunnkerfin eru talin hafa engin teljanleg áhrif slys eða hamfarir.

6.4. Mat á áhrifum breytinga á landnotkun


6.4.1. Svæði undir íbúðarbyggð minnkar

Svæðið sem ætlað var undir íbúðarbyggð hefur minnkað. Fallið hefur verið frá þeim áformum um leit og vinnslu olíu á Drekasvæðinu, eins og áður var gert ráð fyrir í fyrra skipulagi. Þörfin fyrir stærra íbúðarsvæði hefur þar með minnkað, miðað núverandi íbúaspá sveitarfélagsins.

Í þessu skipulagi er áhersla á að þetta byggð innan núverandi íbúðarsvæða fremur en að stækka þau út fyrir núverandi mörk.

Áhrif þessara breytinga eru talin vera jákvæð á alla umhverfisþætti nema *ibúa & heilsu* þar sem áhrifin eru talin óveruleg.

Samhliða þessum breytingum á svæðum undir íbúðarbyggð, var horft til mögulegra viðbóta til lengri tíma. Þar komu fram aðeins tvær leiðir. Annars vegar að stækka aftur íbúðarbyggð upp á Tangann, meðfram aðkomu inn í kaptúnið. Hins vegar að teygja byggðina norðan við kirkjugarðinn þar sem þegar eru þrjú íbúðarhús. Báðir þessir valkostir kalla á meiri breytingar á umhverfi kaптúnsins og kalla á frekari skoðun, ef til þess kemur að stækka þarf aftur íbúðarbyggð.



6.4.2. Svæði undir frístundabyggð minnkar

Svæðum undir frístundabyggð fækkar þar sem dregið hefur úr eftirspurn eftir fristundalóðum. Auk þess færast tjaldsvæði undir afþreyingar og ferðamannasvæði (AF).

Merkistún, við Búðaröxl, var áður skilgreint sem svæði undir frístundabyggð en er breytt í tjaldsvæði og svæði undir hótél (verslun og þjónusta).

Stærsta svæðið í gildandi aðalskipulagi er við Þorbrandsstaði, samtals um 179,9 ha. Í þessari tillögu er það skorið niður í 93,2 ha. Að hluta til er það vegna skógræktarsvæða sem eru nú afmörkuð sérstaklega.


Áhrif þessara breytinga eru talin vera jákvæð á alla umhverfispætti nema *íbúa & heilsu* þar sem áhrifin eru talin óveruleg.



6.4.3. Veruleg minnkun athafnasvæðis

Ein af forsendum eldra aðalskipulags var möguleiki á að þjónusta leit og vinnslu að olíu á Drekasvæðinu, austan af Vopnafirði. Þar sem fallið hefur verið frá þeim áformum er ekki lengur þörf á jafn stóru athafnasvæði. Athafnasvæðin norðan við kirkjugarð og á Búðaröxl eru minnkuð um samtals 65,8 ha. Hluti af svæðunum er ráðstafað undir aðra landnotkun en stærsti hlutinn eða 37,7 ha er bætt við útivistarsvæði Kolbeinstanga (opin svæði).

Áhrifin af þessari breytingu er metin jákvæð á alla umhverfispætti nema *verðmæti & minjar* þar sem áhrifin eru metin óveruleg. Verið er að taka út athafnasvæði sem ekki er búið að útteila og minnka umfang í samræmi við núverandi eftirspurn.



6.4.4. Valkostagreiningar

Í valkostagreiningu var metinn hentugleiki þeirra svæða sem komu til greina fyrir tilgreinda valkosti. Með matinu var ætlað að mynda viðmið sem styðja við ákvarðanir um val á staðsetningu og umfangi.

Matsþættir sem teknir eru til skoðunar eru: umhverfi og auðlindir, samfélag, atvinnulíf, grunnkerfin.

6.4.4.1. Umhverfi og auðlindir

- **Vistgerðir og líffræðileg fjölbreytni** → áhrif á votlendi, fjörur, fuglasvæði, árösa. Hvort valkostur forðast röskun á viðkvæmum vistgerðum og líffræðilegri fjölbreytni? → Til að vernda viðkvæm vistkerfi og tryggja sjálfbæra nýtingu náttúrunnar.
- **Sjávarumhverfi og strandrof (ef við á)** → áhrif á setflutning, landbrot, sjóvarnir. Hvort valkostur hefur ásættanleg áhrif á strandrof og sjóvarnir? → Til að koma í veg fyrir landbrot og tryggja öryggi mannvirkja við strönd.
- **Náttúruvá** → snjóflóð, skriður, jarðskjálftar, sjávarflóð. Hvort valkostur er staðsettur utan hættusvæða eða með mótvægisáðgerðum? → Til að tryggja öryggi mannvirkja og fólks með hliðsjón af hættusvæðum.
- **Verndarsvæði og hverfisvernd** → nálægð við eða á friðlýstum svæðum, ásynd og sjónræn áhrif. Hvort valkostur skerðir ekki verndargildi eða ásynd svæðisins? → Til að vernda náttúru- og menningarverðmæti og viðhalda landslagsheild.

- **Loftslagsáhrif og aðlögun** → losun, orkuskipti, kolefnisbinding, endurvinnsla. Hvort valkostur styður við orkuskipti og minnkar kolefnisspor? → *Af hverju?* Til að draga úr losun og auka aðlögunarhæfni samfélagsins.

6.4.4.2. Byggð og samfélag

- **Nálægð við íbúðarbyggð** → hávaði, ljós, umferðaráhrif, öryggi, ásynd og sjónræn áhrif.. Hvort valkostur hefur ásættanleg áhrif á nærsamfélag? → Til að lágmarka neikvæð áhrif á lífsgæði íbúa.
- **Menningarminjar og söguleg byggð** → skráðar minjar, umsagnarskyld hús, ásynd. Hvort valkostur forðast röskun á menningarminjum og ásynd? → Til að vernda menningararf.
- **Aðgengi og öryggi** → göngu- og hjólastígar, tengingar, umferðaröryggi. Hvort valkostur tryggir gott aðgengi og öryggi fyrir alla vegfarendur? → Til að tryggja örugga og vistvæna hreyfanleika fyrir alla hópa.

6.4.4.3. Atvinnulíf og efnahagur

- **Áhrif á atvinnustarfsemi og svæðisbundið efnahagslíf** → áhrif á ferðaþjónustu, þjónustu, atvinnutækifæri, þróun, tekjumyndun, samlegð við önnur svæði. Hvort valkostur styrkir atvinnulíf og fjölbreytni í starfsemi ásamt því hvort valkostur skapar langtíma virði og fjárfestingartækifæri? → Til að meta hvort valkostur styður eða skerðir núverandi atvinnulíf eða framtíðarmöguleika til langtíma.

- **Efnahagsleg hagkvæmni og framkvæmdaálag** → kostnaður, jarðvegsaðstæður, landfyllingar, flutningsleiðir. Hvort valkostur er framkvæmanlegur með hóflegum tilkostnaði? → Til að tryggja að framkvæmd sé raunhæf og fjárhagslega hagkvæm.

6.4.4.4. Samgöngur og veitur

- **Vegatengingar og aðkoma** → tenging við þjóðvegi, aðgengi að svæðinu. Hvort valkostur tryggir góða vegtengingu og bæði að sumar og vetrarlagi? → Til að tryggja greiða og örugga aðkomu allt árið.
- **Stígakerfi og vistvænar leiðir** → tenging við göngu- og hjólastíga, aðskilnaður umferðar. Hvort valkostur styður vistvænar samgöngur og öryggi gangandi/hjólandi? → Til að styðja virkan ferðamáta vegfarenda.
- **Veitur og þjónustuinnsviðir** → vatnsveita, fráveita, rafmagn, fjarskipti. Hvort valkostur hefur aðgang að nauðsynlegum innviðum? → Til að tryggja að svæðið sé framkvæmanlegt án óhóflegs kostnaðar vegna nýrra lagninga veitna.
- **Umferðaröryggi og flæði** → sýnileiki, merkingar, aðskilnaður akstursleiða. Hvort valkostur tryggir gott umferðaröryggi og flæði? → Til að draga úr slysum og bæta umferðarflæði.


6.4.5. Tjaldsvæðið í kaupúninu

Nú er svo komið að tjaldsvæðið í kaupúninu er of lítið þegar ásókn er sem mest á sumrin. Því er til skoðunar að stækka eða flytja tjaldsvæðið til að anna eftirspurn.

Tjaldstæði Vopnafjarðarkauptúns stendur í miðjum bænum ofarlega í brekkunni. Tjaldstæðið er snoturt með útsýni yfir bæinn og fjórðinn. Á tjaldstæðinu er hreinlætis- og salernisaðstaða. Staðsetning tjaldstæðisins í miðjum bænum þýðir að stutt er í alla þjónustu og þægilegt göngufæri um allan bæinn. Tjaldstæðið var gert um 1985 og er sett upp í nokkrum stöllum eða svæðum með bílastæði í miðjunni. Það rúmar 20-30 tjöld. Ekki er pláss til að stækka núverandi svæði þar sem íbúabyggð og leikskóli þrengja að. Einnig takmarkar landhalli frekari stækkun.

Valkostir til skoðunar:

- Tjaldsvæði á Merkistúni
- Tjaldsvæði ofan við íþróttasvæðið




6.4.5.1. Tjaldsvæði á Merkistúni



Mynd 6:1 Valkostur A: Tjaldsvæði á Merkistúni.

MATSPÆTTIR	MAT Á TILLÖGU A
Umhverfi og auðlindir	Svæðið nýtur þess að vera í skógrækt og er þar að finna trjálund sem veitir skjól á svæðinu fyrir tjaldgesti. Þar er einnig að finna göngustíga sem styðja við útivist og náttúruupplifun. Svæðið býður upp á stórbrotið útsýni fyrir gesti svæðisins yfir bæinn og fjörðinn. Svæðið er ekki innan náttúruvásvæða.
Samfélag	Svæðið er fjær íþróttasvæðum og öðrum leiksvæðum en áður en er þó innan göngufjarlægðar. Auk þess er miðbær og önnur þjónusta í göngufjarlægð. Engar skráðar minjar eru á svæðinu en sjónræn áhrif á svæðinu munu koma til með að breytast. Aukin umferð verður að og frá svæðinu gegnum íbúðabyggðina.
Atvinnulíf	Svæðið getur styrkt aðra þjónustu og upplifun ferðamanna, aukið aðdráttarafl Vopnafjarðar með bættu landrymi og aðstöðu tjaldsvæðis auk útsýnis og sérstöðu svæðisins. Með auknum ferðamannafjölda styrkjast atvinnutækifæri fyrir Vopnafjörð.
Grunnkerfin	Aðgengi fyrir bíla er gott að svæðinu um Búðaröxl. Ásamt því tengja núverandi göngustígar á svæðinu það við aðra innviði sem styður við aukna notkun svæðisins. Koma þyrfti fyrir salernis- og hreinlætisaðstöðu.
Heildarályktun: Hægt væri að flytja tjaldsvæðið á Merkistún, rétt fyrir ofan suður enda kaupsinsins. Við Merkistún er þó nokkur skógrækt og útivistar-göngustígar. Þá er þar trjálundur fyrir samkomur. Tjaldsvæði á Merkistúni myndi bjóða upp á stórbrotið útsýni yfir kaupúnið og Vopnafjörð fyrir gesti. Útsýnið gæti orðið aðdráttarafl. Gott landrymi er á svæðinu sem býður upp á nokkuð stórar flatir. Þá er aðgengi fyrir bíla gott um Búðaröxl. Helstu ókostir eru aukin fjarlægð frá íþróttasvæðinu, leik- og grunnskólalóðinni, þar sem má finna leikaðstöðu og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Koma þyrfti fyrir salernis- og hreinlætisaðstöðu.	

6.4.5.2. Tjaldsvæði ofan við íþróttasvæðið



Mynd 6:2 Valkostur B: Tjaldsvæði ofan við íþróttasvæðið

MATSPÆTTIR	MAT Á VALKOSTI B
Umhverfi og auðlindir	Svæðið er blanda af klettabeltum og mýri sem gerir jarðveg ótryggan og erfitt að útbúa samfelldar grasflatar sem auk þess getur haft áhrif á vistgerðir og líffræðilega fjölbreytni. Nærri íþróttasvæðinu hefur nýlega verið gróðursett og er gróðurinn viðkvæmur fyrir ágangi. Skortur á gróðri og skjóli gerir svæðið berskjaldað fyrir veðri sem getur haft áhrif á upplifun tjaldgesta. Svæðið er ekki innan náttúruvæðisvæða.
Samfélag	Nálægð við íþróttasvæði og skóla getur verið kostur fyrir aðgengi og samnýtingu en einnig áskorun vegna aukinnar umferðar. Engar skráðar minjar eru innan svæðisins en þó skammt fyrir ofan en ekki er talin hætta á raski á þeim.
Atvinnulíf	Svæðið býður upp á útsýni og nálægð við fjölbreytta afþreyingu sem getur styrkt ferðaþjónustu og skapað atvinnutækifæri fyrir Vopnafjörð.
Grunnkerfin	Óvissa er um aðkomu bíla og hjólhýsa þar sem engar vegtengingar eru til staðar. Þörf er á nýrri salernis- og hreinlætisaðstöðu þar sem núverandi aðstaða er of langt frá.
Heildarályktun: Annar valmöguleiki er að bæta tjaldsvæði við norðurenda íþróttasvæðisins en það yrði þá staðsett fyrir ofan núverandi tjaldsvæði. Helstu kostir við tjaldsvæði á þessum stað er nálægð við núverandi tjaldsvæði, íþróttasvæðið, leik- og grunnskólalóðina. Helstu gallar eru óvissa um undirlag þar sem bæði er að finna klettabelti og mýri á svæðinu. Þannig yrði erfitt að útbúa stórar grasflatar, þess í stað yrðu líklega margar minni flatar. Þá er lítið sem ekkert skjól á svæðinu þar sem lítið er um gróður og svæðið er efst á Tanganum. Næst íþróttasvæðinu er skógræktarsvæði sem nýbúið er planta í, svo mikill ágangur er ekki æskilegur. Væntanlegur trjágróður myndi ekki skýla tjaldsvæðinu heldur íþróttasvæðinu sem er mjög opið fyrir vindum í dag. Óljóst yrði um aðkomu bíla að svæðinu, og þar með tjaldvagna og hjólhýsa, þar sem engar vegtengingar ná inn á svæðið í dag. Nokkuð er um gönguslóða á svæðinu. Koma þyrfti fyrir salernis- og hreinlætisaðstöðu þar sem núverandi aðstaða er of langt frá og myndi ekki anna álagi með fullnýttri stækkun.	

6.4.5.3. Niðurstaða valkostamats fyrir tjaldsvæðið

Valkostur A er talinn fýsilegri valkostur fyrir tjaldsvæðið á Merkistúni. Þar er gott landrými með flötum sem henta vel fyrir tjaldsvæði með skjóli af trjálundi sem er þar nú þegar. Aðkoma að svæðinu er greið um Búðaröxl, sem tryggir gott aðgengi fyrir bíla. Svæðið býður upp á stórbrotið útsýni yfir kaupþúnið og Vopnafjörð, sem eykur upplifun gesta og getur orðið sterkt aðdráttarafl. Staðsetningin býður einnig upp á möguleika til að efla þjónustu við ferðamenn, þar sem fyrirhugað hótél verður staðsett á reitnum sunnan við Merkistún. Þetta gæti styrkt heildarupplifun gesta og aukið aðdráttarafl sveitarfélagsins.

6.4.6. Stækkun hafnarsvæðis

Búið er að samþykkja breytingu á deiliskipulagi miðhluta hafnarsvæðisins þar sem gert er ráð fyrir nýrri uppsjávarvinnslu. Eftir uppbyggingu yrði allt landsvæði á miðhlutanum fullnýtt. Enn er þó eftirspurn eftir frekari uppbyggingu á miðsvæðinu og því vantar aukið landrými með samfellu við núverandi svæði. Gróflega áætlað er talin þörf á um 6.000-8.000 m² stækkun á miðhlutanum (H-1).


Meiri hagræðing fylgir því að stækka miðhluta hafnarsvæðisins þar sem uppbygging þar myndi vera í beinu framhaldi af núverandi starfsemi og styðja frekar við hana. Að óbreyttu þarf að færa frekari uppbyggingu á hafnarsvæðinu yfir á norður svæðið en þar er smábáta höfn í dag. Það myndi þýða að stærri starfsemi á hafnarsvæðinu yrði skipt á milli tveggja svæða sem þyrfti að aka á milli og útbúa þurfi sérstaka tengingu þar á milli. Það er þó líklegast óhjákvæmilegt til lengri tíma litið, ef landsvæði á miðhluta verður fullnýtt eftir stækkun þar.

Litið er til eftirfarandi valkosti til uppbyggingar á hafnarsvæðinu:

- A: Landfylling við Ásbryggju
- B: Lenging núverandi hafnarkants
- C: Núllkostur, óbreytt frá eldra aðalskipulagi




6.4.6.1. Valkostur A: Landfylling við Ásbryggju



Mynd 6:3 Valkostur A: Landfylling við Ásbryggju og Ásgarð.

MATSÞÆTTIR	MAT Á VALKOSTI A
Umhverfi og auðlindir	Nú þegar er gert ráð fyrir landfyllingu í norðurhluta hafnarinnar ásamt annarri minni við Ásbryggju. Auk þess er tillaga að valkosti A, stækkun landfyllingar við Ásbryggju. Hægt væri að stækka þá landfyllingu enn frekar, með samtals 8.050 m2 fyllingu, sem myndi þá auka landrými í dag um 10.300 m2. Landfyllingin mun hafa áhrif á lífríki og búsvæði við höfnina. Um er að ræða þegar raskað svæði svo áhrifin eru talin minniháttar. Einnig verða áhrif á strandsvæði þar sem grynningar næst landi munu fara undir landfyllingar. Svæðið er ekki innan náttúruvæðis en þrátt fyrir það er mikill ágangur sjávar á svæðinu sem gæti haft áhrif.
Samfélag	Aukið pláss fyrir nýja uppsjávarvinnslu sem getur stutt við frekari atvinnuþróun og hafnarstarfsemi samfélagsins. Þessi útfærsla myndi þröngja að þar sem smábátar landa afla sínum ásamt þörf fyrir nýjan stað fyrir þá smábáta sem leggja að Ásgarði. Löndunarkraninn verður á sama stað og áður en gera þyrfti ráð fyrir áframhaldandi umferð og aðgengi að Ásgarði. Bátur björgunarsveitarinnar þyrfti nýjan stað þar sem hann er staðsettur nú við Ásgarð. Tengivegur milli miðhluta og norðurhluta kann að draga úr umferð þungaflutninga um Hafnarbyggð. Ekki er talið að menningar- og náttúruminjar verði fyrir raski.
Atvinnulíf	Með auknu landrými hafnarinnar getur orðið þróun sem styrktir atvinnustarfsemi, t.d. tengd hafnarstarfsemi og sjávarútvegi. Það mun því hafa áhrif á efnahag og verðmæti þar sem til verður verðmætt landsvæði við hafnarbakkann. Vegna þröngsla og skorts á rými á löndunaraðstöðu smábáta getur það haft áhrif á útgerð og fiskvinnslu.
Grunnkerfin	Landfylling í norðurhluta hafnar þýðir að tengivegur milli norður- og miðhluta hafnarsvæðanna yrði nauðsynlegur til að ná landtengingu milli svæðanna. Hægt væri að tengja grunnkerfi núverandi hafnar við nýju landfyllinguna. Tryggja þarf aðgengi að Ásgarði áfram og ný staðsetning fyrir björgunarbát þarf að vera örugg og aðgengileg.
Heildarályktun: Ásbryggja er gömul steipt bryggja sem hefur hrunið úr og liggur undir skemmdun. Í dag er lokað fyrir þungaflutninga þar. Samkvæmt aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 var gert ráð fyrir lítilli landfyllingu við Ásbryggju, eða um 1.650 m². Við það myndi fást aukið landrými sem yrði um 3.200 m². Hægt er að stækka þá landfyllingu enn frekar, með samtals 8.050 m² fyllingu, sem myndi þá auka landrými í dag um 10.300 m². Þessi útfærsla myndi þröngja að Ásgarði þar sem smábátar landa afla sínum. Ekki þyrfti að færa löndunarkranann en gera þyrfti ráð fyrir áframhaldandi umferð og aðgengi að Ásgarði. Uppfylling við Ásbryggju þýðir þó að finna þyrfti nýjan stað fyrir bát björgunarsveitarinnar Vopna sem liggur þar við Ásgarð. Ekki yrði lengur pláss fyrir smábáta að leggjast að bryggju við Ásgarð nema til skemmri tíma. Landfylling á norðursvæðinu heldur sér en uppbygging þar dregst þá til loka gildistíma aðalskipulagsins.	


6.4.6.2. Valkostur B: Lenging núverandi hafnarkants



Mynd 6:4 Valkostur B: Lenging núverandi hafnarkants.

MATSÞÆTTIR	MAT Á VALKOSTI B
Umhverfi og auðlindir	Nú þegar er gert ráð fyrir landfyllingu í norðurhluta hafnarinnar ásamt annarri minni við Ásbryggju. Auk þess er tillaga að valkosti B, stækkun landfyllingar við Ásbryggju. Aukalandfyllingin yrði um 7.100 m² og niðurrif Ásgarðs um 2.690 m², þá yrði til 10.700 m² heildar landrými. Með því lengist austur hafnarkanturinn. Landfyllingin mun hafa áhrif á lífríki og búsvæði við höfnina. Um er að ræða þegar raskað svæði svo áhrifin eru talin minniháttar ásamt áhrifum á strandsvæði þar sem grynningar næst landi munu fara undir landfyllingar. Mögulega geta straumar í innri höfninni breyst og valdið auknu álagi á varnargarða og hafnarkant. Svæðið er ekki innan náttúruvæðna en þrátt fyrir það er mikill ágangur sjávar á svæðinu sem gæti haft meiri áhrif en áður með niðurrifi Ásgarðs.
Samfélag	Aukið pláss fyrir nýja uppsjávarvinnslu sem getur stutt við frekari atvinnuþróun og hafnarstarfsemi samfélagsins. Tengivegur milli miðhluta og norðurhluta kann að draga úr umferð þungaflutninga um Hafnarbyggð. Þörf fyrir nýjan stað fyrir þá smábáta sem leggja að Ásgarði í dag. Ásamt því þarf löndunarkraninn og bátur björgunarsveitarinnar nýjan stað. Ekki er talið að menningar- og náttúruminjar verði fyrir raski.
Atvinnulíf	Lengri hafnarkantur og aukið landrými (allt að 10.700 m²) geta stutt við frekari atvinnuþróun og hafnarstarfsemi sem hefur jákvæð áhrif á verðmæti þar sem til verður verðmætt landsvæði við hafnarbakkann. Hins vegar þarf að tryggja að núverandi starfsemi smábáta og báti björgunarsveitar verði fundin ný staðsetning svo starfsemi þeirra raskist ekki.
Grunnkerfin	Landfylling í norðurhluta hafnar þýðir að tengivegur milli norður- og miðhluta hafnarsvæðanna yrði nauðsynlegur til að ná landtengingu milli svæðanna. Hægt væri að tengja grunnkerfi núverandi hafnar við nýju landfyllinguna.
Heildarályktun: Hægt væri að framlengja núverandi hafnarkant til norðurs svo hann skeri Ásgarð. Garðurinn yrði fjarlægður til að ná fram lengri hafnarkanti. Þetta yrði rúmlega 7.100 m² landfylling þar sem 2.690 m² yrðu fjarlægðir af Ásgarði. Yrði þá til um 10.700 m² landrými. Þar sem Ásgarður er fjarlægður þyrfti að finna löndunarkrana smábáta nýjan stað. Eins og með valkost A, þarf að finna báti björgunarsveitarinnar Vopna nýjan stað. Helsti kosturinn við þessa útfærslu er aukið landrými í beinu framhaldi af núverandi hafnarsvæði og lengri hafnarkantur. Uppbygging á hafnarsvæðinu yrði í beinu framhaldi af núverandi. Landfylling á norðursvæðinu heldur sér en uppbygging þar dregst þá til loka gildistíma aðalskipulagsins.	

6.4.6.3. Valkostur C: Núllkostur, óbreytt frá eldra aðalskipulagi



Mynd 6:5 Valkostur C: Núllkostur, óbreyttar landfyllingar frá eldra aðalskipulagi.

MATSPÆTTIR	MAT Á VALKOSTUR C
Umhverfi og auðlindir	Nú þegar er gert ráð fyrir landfyllingu í norðurhluta hafnarinnar ásamt annarri minni við Ásbryggju. Stærri landfyllingin upp á 30.000 m² er umfangsmikil framkvæmd sem krefst umhverfismats samkvæmt lögum nr. 111/2021. Landfyllingin var fyrst hugsuð fyrir starfsemi tengda olíuleit á Drekasvæðinu en mun koma til með að genga öðru hlutverki. Landfyllingin mun hafa áhrif á lífríki og búsvæði við höfnina. Um þegar raskað svæði er að ræða svo áhrifin eru talin minniháttar ásamt áhrifum á strandsvæði þar sem grynningar næst landi munu fara undir landfyllingar. Svæðið er ekki innan náttúruvæðisvæða en þrátt fyrir það er mikill ágangur sjávar á svæðinu sem gæti haft áhrif.
Samfélag	Aukið pláss fyrir nýja uppsjávarvinnslu sem getur stutt við frekari atvinnuþróun og hafnarstarfsemi samfélagsins. Tengivegur milli miðhluta og norðurhluta kann að draga úr umferð þungaflutninga um Hafnarbyggð. Staða svæðis fyrir björgunarbát Vopna ásamt svæði fyrir smábátahöfnina og löndunar svæði þeirra er óbreytt. Ekki er talið að menningar- og náttúrumínjar verði fyrir raski.
Atvinnulíf	Aukið landrými landfyllingar getur stutt við frekari atvinnuþróun og hafnarstarfsemi sem hefur jákvæð áhrif á verðmæti þar sem til verður verðmætt landsvæði við hafnarbakkann. Þótt hugmynd um olíuleit á Drekasvæðinu sé ekki lengur inni í myndinni getur svæðið nýst fyrir aðra atvinnustarfsemi, t.d. hafnarþjónustu, fiskvinnslu, iðnað eða þjónustu við ferðamanna.
Grunnkerfin	Þessi útfærsla þýðir að tengivegur milli norður- og miðhluta hafnarsvæðanna yrði nauðsynlegur til að ná landtengingu milli þeirra. Þá væri einnig hægt að tengja grunnkerfi núverandi hafnar við nýju landfyllinguna.
Heildarályktun: Í núgildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir 30.000 m² landfyllingu á norðursvæði hafnarinnar. Var það hugsað á sínum tíma, ásamt miklu athafnasvæði fyrir ofan, sem svæði til að þjónusta olíuleit á Drekasvæðinu. Fyrir utan einhverjar viðbætur við miðhluta hafnarsvæðisins er norðursvæðið eina svæðið til frekari uppbyggingar. Því er ekki fallið frá mögulegri stækkun norðursvæðisins í þessari aðalskipulagstillögu þrátt fyrir að hætt sé við olíuleit. Verði það niðurstaða að stækka ekki frekar miðhluta hafnarsvæðisins mun öll frekari uppbygging færast á norðurhluta hafnarsvæðisins. Þetta kallar á óbreytta útfærslu frá núgildandi aðalskipulagi. Á norðursvæðinu er í dag smábátahöfn sem ekki þarf að færa en tryggja þarf áframhaldandi aðgengi og aðkomu að henni. Þessi útfærsla þýðir að tengivegur milli norður- og miðhluta hafnarsvæðanna yrði nauðsynlegur til að ná landtengingu milli þeirra. Þar sem landfyllingar fara yfir 1,0 ha er framkvæmdin tilkynningarskyld samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.	

6.4.6.4. Samanburður valkosta fyrir stækkun hafnarsvæðis

	Valkostur A: Landfylling við Ásbryggju	Valkostur B: Lenging núverandi hafnarkants	Valkostur C: Uppbygging á norðurhluta (H-2)
Loftslag	Tímabundið neikvæð áhrif losunar vegna framkvæmda. Engin áhrif á bindingu kolefnis.	Tímabundið neikvæð áhrif losunar vegna framkvæmda. Engin áhrif á bindingu kolefnis.	Tímabundið neikvæð áhrif losunar vegna framkvæmda. Engin áhrif á bindingu kolefnis.
Lífriki	Neikvæð áhrif á lífríki og búsvæði við höfnina. Um þegar raskað svæði er að ræða svo áhrifin eru talin minniháttar.	Neikvæð áhrif á lífríki og búsvæði við höfnina. Um þegar raskað svæði er að ræða svo áhrifin eru talin minniháttar.	Neikvæð áhrif á lífríki og búsvæði við höfnina. Um þegar raskað svæði er að ræða svo áhrifin eru talin minniháttar.
Landgæði	Óveruleg áhrif. Engar náttúruminjar verða fyrir áhrifum.	Óveruleg áhrif. Engar náttúruminjar verða fyrir áhrifum.	Óveruleg áhrif. Engar náttúruminjar verða fyrir áhrifum.
Vatn & fjörur	Neikvæð áhrif á strandsvæði þar sem grynningar næst landi munu fara undir landfyllingar.	Neikvæð áhrif á strandsvæði þar sem grynningar næst landi munu fara undir landfyllingar. Mögulega geta straumar í innri höfninni breyst og valdið auknu álagi á varnargarða og hafnarkant. Skoða þarf þau áhrif frekar á síðari stigum.	Neikvæð áhrif á strandsvæði þar sem grynningar næst landi munu fara undir landfyllingar.
Íbúar & heilsa	Óveruleg áhrif á íbúa & heilsu. Tengivegur milli miðhluta og norðurhluta kann að draga úr umferð þungaflutninga um Hafnarbyggð.	Óveruleg áhrif á íbúa & heilsu. Tengivegur milli miðhluta og norðurhluta kann að draga úr umferð þungaflutninga um Hafnarbyggð.	Óveruleg áhrif á íbúa & heilsu. Tengivegur milli miðhluta og norðurhluta kann að draga úr umferð þungaflutninga um Hafnarbyggð.
Verðmæti & minjar	Lítillega jákvæð áhrif á efnahag og verðmæti þar sem til verður verðmætt landsvæði við hafnarbakkann. Landfylling við miðhluta er mikil, um 8.300 m ² , mun verða kostnaðar söm og efnisfrek. Þá mun dýpkun hækka kostnað en mögulega má nýta efni sem fellur til í landfyllinguna. Ekki er talið að minjar verði fyrir áhrifum.	Jákvæð áhrif á efnahag og verðmæti þar sem til verður verðmætt landsvæði við hafnarbakkann. Landfylling við miðhluta er 6.550 m ² , sem mun kosta sitt og lenging á hafnarkanti með dýpkun mun einnig hækka kostnað verulega. Mögulega má nýta efni sem fellur til við dýpkun í landfyllinguna. Þá fellur til efni sem má nýta líka við brotthvarf Ásgarðs. Óljóst hvaða áhrif verða á öldufar við brotthvarf Ásgarðs. Ekki er talið að minjar verði fyrir áhrifum.	Jákvæð áhrif á efnahag og verðmæti þar sem til verður verðmætt landsvæði við hafnarbakkann. Viðbótar landfylling við miðhluta er lítil, eða um 1.100 m ² . Það þó ekki talið fýsilegt og frekari uppbygging á hafnarsvæðinu færir á norður svæðið. Ekki er talið að minjar verði fyrir áhrifum.
Slys & hamfarir	Óveruleg áhrif ef nokkur.	Óveruleg áhrif ef nokkur.	Óveruleg áhrif ef nokkur.

6.4.6.5. Niðurstaða valkostamats fyrir stækkun hafnarsvæðis

Almennt eru áhrif valkosta svipuð en stigsmunur er á vægi áhrifanna, hvort þau teljast vera lítil, miðlungs eða mikil. Því meiri landfylling á miðhluta hafnarsvæðisins því neikvæðari áhrif á lífríki en jákvæðari á verðmæti. Valkostur B er valinn þar sem fæst góð stærð landsvæðis og lengri hafnarkantur en í valkosti A. Skoða þarf nánar kostnað við landfyllingu og dýpkun. Einnig þarf að skoða nánar áhrif þess að rífa Ásbryggju á öldur og innsiglingu. Landfyllingu við norðurhluta (H-2) er haldið áfram inni sem stækkun til lengri tíma lítið.

7. HEIMILDASKRÁ

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2021). *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (e.d.). *Mælaborð landbúnaðarins*. Sótt janúar 2022 frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/landbunadur/maelaborð-landbunadarins-/>

Berghildur Fanney Hauksdóttir. (2012). *Gestanaúð eða fagnaðarfundir? Viðhorf heimafélks til samfélagslegra áhrifa ferðaþjónustu í Vopnafirði*. Hólum: Háskólinn á Hólum.

Byggðastofnun. (september 2019). *Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2020–2067*. Sótt frá https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/mannfjoldaspabyggdastofnunar_2019.pdf

Byggðastofnun. (2020). *Stöðugreining 2019 - Austurland*. Byggðastofnun.

Byggðastofnun. (mars 2022). *Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2021-2070 á sveitarfélagagrunni*. Byggðastofnun.

Efla; Land Use Consultants. (2020). *Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísi*. Skipulagsstofnun.

Einar Örn Hreinsson. (2023). *Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2023–2074*. Byggðastofnun.

Ferðamálastofa. (e.d.). *Ferðaþjónusta í tölum*. Sótt frá Ferðamálastofa:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/ferdtjonusta-i-tolum>

Ferðamálastofa. (e.d.). *Gagnagrunnur um ferðaþjónustuaðila*. Sótt frá Ferðamálastofa: <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/landupplysingar-kortagogn/gagnagrunnur-um-thonustuaðila>

Fornleifavernd. (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa*. Sótt frá <https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

Guðný Zoëga; Bryndís Zoëga; Guðmundur St. Sigurðarson. (2005). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum*. Sauðárkróki: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðrún Lára Sveinsdóttir. (2020). *Flokkun landbúnaðarlands fyrir skipulagsgerð. Beiting fjölþátta ákvarðanagreiningar í landupplýsingakerfi við flokkun landbúnaðarlands í Rangárfingi eystra*. Hvanneyri: Landbúnaðarháskóli Íslands.

Hagstofa Íslands. (4. apríl 2022). *Staðgreiðsluskýldar greiðslur - tt*. Sótt frá <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/stadgreidsluskylidar-greidslur-tt/>

Hagstofa Íslands. (á.á. a). *Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998-2020*. Sótt frá https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__fjolskyldan/MAN07108.px

Halldór Björnsson, Guðrún Elín Jóhannsdóttir, Angulo, A. R., Dubois, K., & Emil Snorri Árnason. (2022). *Mat á endurkomutíma óveðursflóða*

reiknað með Delft3D-FM. Reykjavík: Veðurstofa Íslands, VI-2022-009.

Halldór Björnsson, Ólafsdóttir, A. H., Sigurðsson, B. D., Katrínardóttir, B., Davíðsdóttir, B., Gunnarsdóttir, G., . . . Theódóra Matthíasdóttir. (2023). *Umfan og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á Íslandi*.

Helgi Gislason. (1976). *Örnefnasögur úr Vopnafirði*.

Hjalti Jóhannesson; Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2022). *JARÐGÖNG Á ÁÆTLUN. Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaðþróun*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Hjörleifur Guttormsson. (1987). *Árbók Ferðafélags Íslands*. Ferðafélag Íslands.

Kristín Jónsdóttir. (2010). *Náttúrufar Vopnafjarðar*. Hvanneyri: Landbúnaðarháskóli Íslands.

Landssamband veiðifélaga. (e.d.). *Hofsá og Sunnudalsá*. Sótt frá Landssamband veiðifélaga: <https://angling.is/hofsa-og-sunnudalsa/>

Landssamband veiðifélaga. (e.d.). *Selá í Vopnafirði*. Sótt 25. maí 2022 frá Landssamband veiðifélaga: <https://angling.is/sela-i-vopnafirdi/>

Loftslagsráð. (2020). *Að búa sig undir breyttan heim*.

Minjastofun Íslands. (e.d.). *Hofskirkja, Vopnafirði. Austurland*. Sótt frá Hús og mannvirki > Friðlýst hús og mannvirki: <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/austurland/nr/665>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (20. desember 2018). *Vistgerðir og mikilvægt fuglasvæði á Íslandi*. Sótt 2022 frá Vefsíða: <https://vistgerdakort.ni.is/>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). *Bjarnarey á Héraðsflóa*. Sótt frá Mikilvæg fuglasvæði: <http://www.ni.is/node/16199>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). *Jökuldalsheiði*. Sótt frá Mikilvæg fuglasvæði: <http://www.ni.is/node/16176>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). *Viðvíkurbjörg*. Sótt frá Mikilvæg fuglasvæði: <http://www.ni.is/node/16198>

o.fl., H. B. (2023). *Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á Íslandi*.

RÚV. (5. janúar 2022). *Varnargarðar mikið skemmdir á Vopnafirði*. Sótt frá Fréttir RÚV: <https://www.ruv.is/frett/2022/01/05/varnargar-dar-mikid-skemmdir-a-vopnafirdi>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (á.d.). *Málefni innflytjenda og flóttamanna*. Sótt september 2021 frá <https://www.samband.is/verkefnin/felagsthjon-usta-og-husnaedismal/malefni-innflytjenda/>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Loftslagsmál*. Sótt frá <https://www.samband.is/verkefnin/umhverfis-og-urgangsmal/loftslagsmal/>

Siglingastofun Íslands. (2011). *Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011*.

Sigurður Vigfússon. (1893). Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 28-60. Sótt frá <https://timarit.is/gegnir/000571383>

Skarphéðinn G. Þórisson, & Rán Þórarinsdóttir. (2022). *Vöktun hreindýra 2021 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2022*. Náttúrustofa Austurlands. Sótt frá <https://www.na.is/index.php/utgefid>

Skipulagsstofa Austurlands. (1984). *Aðalskipulag Vopnafjarðar 1980-2000*. Egilsstöðum: Skipulagsstofa Austurlands.

Umhverfisstofnun. (e.d.). *Náttúruinjakrá - Austurland*. Sótt 27. maí 2022 frá Umhverfisstofnun: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natt-uruminskra/austurland/>

Veðurstofa Íslands. (1. mars 2007). *Tímaraðir fyrir valdar veðurstöðvar*. Sótt 9. júní 2022 frá Veðurstofa Íslands: <https://www.vedur.is/vedur/vedurfar/medaltals-toflur/>

Veðurstofa Íslands. (24. apríl 2013). *Jarðskjálftar í apríl 2013*. Sótt frá Veðurstofa Íslands: <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/nr/2693>

Veðurstofa Íslands. (2020). *Veðurstöð 4455 Skjaldbingsstaðir. Upplýsingar um veðurfar*.

Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. (2018). *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Fyrsta útgáfa, september 2018*. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

YRKÍ arkitektar. (2022). *Plássið. Tillaga að verndarsvæði í byggð í miðbæ Vopnafjarðarkauptúns*. Vopnfirði: Vopnafjarðarhreppur.

YRKÍ arkitektar. (Mars 2021). *Innisundlaug - Tillögur að staðarvali fyrir nýja innisundlaug á Vopnafirði*.

YRKÍ arkitektar; Náttúrustofa Vestfjarða. (2022). *Plássið. Húsa- og fornleifakönnun*. YRKÍ arkitektar.